Bændablaðið

18. tölublað 2025 • Fimmtudagur 9. október • Blað nr. 688 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Riða í Skagafirði
„Hún var horuð, mikill kláði í henni og hún titraði.“ 6



Sniglarækt sem aukabúgrein
Raunhæfur, sjálfbær og nýskapandi valkostur fyrir bændur á Íslandi? 8



Eitrinu rignir úr skýjunum
Gífurlegt magn varnarefna geymist í skýjum og fellur til jarðar með úrkomu. 18





Ingvi Stefánsson, formaður deildar svínabænda hjá Bændasamtökum Íslands, sem í fyrra tók í notkun nýtt svínabú á Sölvastöðum, stutt frá svínabúi sínu á Teigi í Eyjafirði, telur stöðu svínaræktar í landinu viðkvæma og krefjandi þótt hún sé að mörgu leyti jákvæð. Sjá viðtal á miðopnu. Mynd / Bbl

Auðæfi jarðhitans

Íslenski jarðhitinn er mun auðugri auðlind en áður var talið.

Í uppfærðu jarðvarmamati fyrir Ísland, sem stofnunin Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) vann fyrir ráðuneytið í samstarfi við Umhverfis- og orkustofnun, og var kynnt á dögunum, kom fram að í raun séu engin svæði á Íslandi lengur skilgreind sem köld þegar kemur að nýtingu á jarðhita.

Uppfært jarðvarmamat gefur heildarniðurstöðu fyrir Ísland sem er um 18% hærra en eldra mat og skiptir þar mestu hærra mat fyrir gosbeltin.

Milljarði íslenskra króna var á dögunum úthlutað til verkefna í átaki stjórnvalda sem heitir „Jarðhitinn jafnar leikinn“.

Rúmlega 90% af heimilum landsins hafa í dag aðgang að hefðbundinni jarðhita hitaveitu, en markmið átaksins er að auka þetta hlutfall í þrepum svo að lokum verði allt Ísland hitaveituvætt.

Þau tæpu tíu prósent heimila sem eftir standa, notast þá að mestu við raforku til húshitunar, sem er bæði dýr og óhagkvæm leið í samanburði við jarðhitann. */smh*

– Sjá nánar á síðum 20–22.

Búvörulög:

Samstarfsheimildir óháðar búgreinum

– Skilyrði um bein yfirráð bænda og eftirlitsskyldu Samkeppniseftirlitsins

Frumvarp um breytingar á búvörulögum hefur verið birt í samráðsgátt stjórnvalda, þar sem felld er niður almenn undanþága fyrir kjötafurðastöðvar frá samkeppnislögum til samstarfs og sameininga. Í staðinn kemur ný undanþáguheimild einskorðuð við félög undir „beinum yfirráðum bænda“, eins og það er orðað í frumvarpsdrögunum, til að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti – að teknu tilliti til meginreglna samkeppnisréttar.

Slík félög geta talist til „framleiðendafélaga“, en Samkeppniseftirlitinu er falið að meta hvort þau uppfylli skilyrði laganna og þau þarf að skrá sérstaklega á þann veg. Þetta tengist annarri róttækri fyrirhugaðri breytingu á búvörulögunum og snýr að mjólkuriðnaðinum. Þar er gert ráð fyrir að gildandi undanþáguákvæði frá samkeppnislögum falli niður.

Frá 2004 hefur mjólkuriðnaðurinn starfað samkvæmt 71. grein búvörulaga, sem gefur heimild til sameininga og ýmiss konar samstarfs mjólkurafurðastöðva. Í frumvarpsdrögunum er lagt til að sú undanþága verði felld niður frá 1. júlí 2027. Ákvæðið er þannig talið óþarft þar sem tilgangur frumvarpsins er að lögfesta almennar samstarfsheimildir um framleiðendafélög, óháðar búgreinum.

Aðlögunartími fyrir mjólkuriðnaðinn

Tíminn fram að 1. júlí 2027 er hugsaður sem aðlögunartími fyrir mjólkuriðnaðinn svo að þeir aðilar sem starfað hafa á grundvelli 71. greinarinnar hafi svigrúm til að bregðast við; breyta skráningu á félögunum og eignarhaldi eftir atvikum í samræmi við skilyrði laganna.

Breytingarnar gilda ekki afturvirkt, en Samkeppniseftirlitinu verður heimilt að meta hvort einstakir samningar eða ákvarðanir framleiðenda eða framleiðendafélaga séu óheimilir. Það getur mælt fyrir um að þeim skuli breytt eða að skylt verði að láta af þeim og grípa til aðgerða samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, ef sýnt er fram á að slíkt leiði til skaðlegra áhrifa á samkeppni á markaði eða hætta sé á því að samkeppni verði útilokuð. Þar til slík ákvörðun hefur verið tekin teljist viðkomandi samningar eða ákvarðanir lögmæt.

Í frumvarpinu eru ekki boðaðar breytingar á 13. grein búvörulaga sem varða verðlagningu mjólkur og mun verðlagsnefnd búvara því áfram ákveða heildsöluverð mjólkurvara og afurðaverð til kúabænda.

Gjaldtaka ekki hærri en raunkostnaður

Samkvæmt frumvarpsdrögum er sú skylda lögð á framleiðendafélög, sem fara með að minnsta kosti 40% markaðshlutdeild í viðkomandi búgrein á markaði, að safna og taka við mjólk, sláturgripum í sauðfjárrækt, nautgriparækt og hrossarækt að beiðni frumframleiðanda.

Slíkri afurðastöð eða framleiðendafélagi er óheimilt að taka hærra gjald af frumframleiðanda fyrir heimteknar afurðir en sem nemur raunkostnaði.

Í greinargerð með frumvarpinu í samráðsgátt segir að markmið þess sé að styrkja stöðu frumframleiðenda búvara og skapa tækifæri til aukinnar samvinnu og verðmætasköpunar. Þetta sé gert að teknu tilliti til meginreglna samkeppnisréttar og þannig eigi að tryggja að íslenskir bændur hafi sambærilegt svigrúm til samvinnu og hagræðingar og í nágrannalöndum okkar.

Í frumvarpsdrögunum er horfið frá sérstökum áherslum um hagræðingu í rekstri sláturhúsa, eins og markmið eru um í núgildandi lögum. */smh*

– Sjá nánar á síðu 2.

Bókaðu dekkjaskiptin snemma í ár

Bókaðu tíma á **klettur.is/dekkjaskipti**



KLETTUR

www.klettur.is —— 590 5100

Fuglainflúensa:

Skæð fuglaflensa aftur komin á kreik

– Enn lítið vitað um útbreiðslu

Fuglainflúensa hefur greinst í villtum fuglum, nú við Blönduós og á Sauðárkróki.

Skæð fuglainflúensa af gerðinni H5N5 hefur greinst í villtum máfum og andfuglum á norðvesturhluta landsins og er því aukin smithætta fyrir alifugla og aðra fugla í haldi frá villtum fuglum.

Fyrir skömmu fundust á annan tug stormmáfa og hettumáfa dauðir í fjöru við Blönduós. Sýni voru tekin og í þeim greindist skæð fuglainflúensa af gerðinni H5N5. Sama gerð skæðrar fuglainflúensu H5N5 greindist einnig í önd sem fannst dauð á Sauðárkróki á dögunum. Smitið var staðfest af Tilraunastöð HÍ í meinafræði á Keldum í kjölfarið. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Matvælastofnun.

Varkárni sé viðhöfð

Um er að ræða fyrstu staðfestu smitin þetta haustið. Þessi gerð fuglainflúensuveiru, HPAI H5N5, greindist einnig hérlendis síðasta vetur. Segir að óljóst sé hvort fuglarnir á Blönduósi hafi smitast af farfuglum eða hvort smit hafi leynst í villta íslenska fuglastofninum síðan í vor. Á þessu stigi máls sé jafnframt lítið vitað um útbreiðslu.

Áhættumatshópur muni endurmeta smithættu fyrir alifugla og aðra fugla í haldi í ljósi þessara greininga, en ljóst sé að fuglaeigendur þurfi að tryggja öflugar smitvarnir við umgengni á sínum fuglahópum og vera vel vakandi fyrir sjúkdómseinkennum í fuglum eða óeðlilegum dauða í þeim.

Tilkynna um veika og dauða fugla

Veiðimenn eru hvattir til að sýna varkárni við veiðar og verkun villtra fugla. Ekki skal veiða fugla og nýta til matar sem haga sér óeðlilega eða eru sjáanlega veikir/slappir. Fuglar sem virðast heilbrigðir geta líka verið smitaðir af fuglainflúensu. Matvælastofnun hefur gefið út leiðbeiningar fyrir veiðimenn um meðhöndlun allra veiddra fugla á tímum fuglainflúensu.

Tilkynna skal tafarlaust til Matvælastofnunar ef grunur vaknar um óvenjuleg veikindi eða dauðsföll meðal fugla.

Þá er verið að rannsaka hvort orsakasamhengi sé milli fuglaflensu og nokkurra hvala, andanefja og hnúfubaks, sem undanfarið hefur rekið á fjörur allt frá norðanverðum Vestfjörðum til Öxarfjarðar. */sá*

Hérað:

Sauðfé tekið af bónda

– Smalar á vegum MAST sækja féð

Unnið hefur verið að því að taka sauðfé úr vörslu bónda á Hjaltastaðaþinghá vegna slæmrar umgengni. Í byrjun vikunnar fór fjölmennt lið á vegum Matvælastofnunar (MAST) að smala kindunum úr haga.

Ákveðið var í sumar að vörslusvipta bóndann og grípa til aðgerða eftir ítrekaðar ábendingar þess efnis að umhirða í kringum sauðfé væri slæm. Austurfrétt greindi fyrst frá, en fréttastofa RÚV hefur jafnframt tekið málið til umfjöllunar.

Samkvæmt heimildum Austurfréttar var lögregla höfð til taks á meðan aðgerðir stóðu yfir þar sem samskipti bóndans við starfsmenn MAST hafa verið stirð. Féð verður flutt á öruggan stað á meðan ákveðið verður hvað verður sent í sláturhús og hvaða gripir geta fengið að lifa hjá öðrum bændum.

Hrönn Jörundsdóttir, forstjóri MAST, segir í samtali ekki geta tjáð sig um einstaka mál, en staðfestir hins vegar að aðgerðirnar sem greint var frá í Austurfrétt og RÚV hefðu átt sér stað.

Hvað varðar vörslusviptingar almennt segir Hrönn þær alltaf eiga einhvern aðdraganda, sem getur verið lengri eða skemmri. Þá sé ástand dýranna talið svo slæmt að það ógni heilsu þeirra eða lífi að vera áfram við sama aðbúnað.

„Aðferðir Matvælastofnunar byggja á stjórnsýslulögum, þannig að við beitum fyrst vægasta úrræðinu, sem mögulega leiðir til úrbóta. Ef það virkar ekki förum við að þyngja í aðgerðum okkar. Ef ekkert annað bítur er vörslusvipting á búfé síðasta úrræðið sem við beitum," segir Hrönn. */ál*





Horfið er frá sérstökum markmiðum um rekstrarhagræðingu í sauðfjár- og stórgripaslátrun í frumvarpsdrögum um breytingar á búvörulögum. Markmið frumvarpsins er að lögfesta almennar samstarfsheimildir um framleiðendafélög. Mynd / Bbl

Búvörulög:

Horfið frá markmiðum um hagræðingu í slátrun

– Heimild afurðastöðva í mjólkuriðnaði til sameininga og samstarfs felld niður

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Með fyrirhuguðum breytingum á búvörulögum er ætlunin að fella niður almenna undanþágu fyrir kjötafurðastöðvar frá samkeppnislögum og að lögfesta almennar samstarfsheimildir um framleiðendafélög bænda, sem eru óháðar búgreinum.

Til að njóta undanþágu frá samkeppnislögum, til að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti, verða framleiðendafélögin að vera undir „beinum yfirráðum bænda", eins og það er orðað í frumvarpsdrögunum.

Félög í meirihlutaeigu bænda

Með frumvarpinu sem atvinnuvegaráðherra hyggst mæla fyrir nú á haustþingi er að vissu leyti snúið aftur til markmiða í frumvarps Svandísar Svavarsdóttur í nóvember 2023, þar sem skilyrði fyrir undanþágu frá samkeppnislögum, til sameiningar og samráðs, var bundið við félög í meirihlutaeigu bænda. Þá var um leið hugtakið „framleiðendafélag" fyrst innleitt.

Frumvarpið var svo aftur lagt fyrir Alþingi 18. mars á síðasta ári. Atvinnuveganefnd breytti hins vegar þessum skilyrðum í lokavinnslu frumvarpsins þannig að vikið er frá skilyrðum um meirihlutaeigu bænda í framleiðendafélögum. Þórarinn Ingi Pétursson, þáverandi formaður atvinnuveganefndar gaf þá skýringu í umfjöllun Bændablaðsins í apríl að þegar málin voru skoðuð betur hafi einungis þrjú félög í slátrun og vinnslu uppfyllt skilyrðin; Ísfugl, Matfugl og Stjörnugrís. Það hafi komið fram í gögnum Samkeppniseftirlitsins við meðferð málsins hjá atvinnuveganefnd.

Sagði Þórarinn að í ljós hafi komið að fyrra frumvarp náði ekki utan um sauðfjár- og nautgripabændur – og þess vegna hafi það verið víkkað út. Grundvallarhugmyndin með breytingunum hefði verið að auka möguleika á rekstrarhagræðingu í slátrun og vinnslu sauðfjár og stórgripa.

Sama vandamálið

Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að svo virðist sem nákvæmlega sama vandamál sé komið upp og þegar frumvarp Svandísar var lagt fram í upphafi. „Það er að heimildin til hagræðingarinnar nái aðeins til hvíta geirans, kjúklinga- og svínakjöts, en ekki til rauða kjötsins þar sem hagræðingarþörfin er hvað mest." Það sé tekið fram í skýringum með drögunum að frumvarpið muni ekki hafa áhrif á þegar gerð samkomulög um verkaskiptingu milli afurðastöðva samkvæmt 71. gr. A núgildandi laga, en þar sé vísað til undanþágunnar varðandi kjötafurðir.

Hún spyr hvers vegna þarna sé eingöngu talað um samkomulag um verkaskiptingu en ekki heimildina til að sameinast. Sú spurning vakni hvort ætlunin sé að rekja upp þær sameiningar sem nú þegar hafa átt sér stað – og þá hvaða afleiðingar það muni hafa á bændur.

„Þegar fella átti úr gildi þetta ákvæði núna á vorþingi þá kom mjög skýrt fram í meirihlutaáliti atvinnuveganefndar að hún teldi rétt að ítreka að frumvarpið myndi ekki hafa áhrif á þær sameiningar framleiðendafélaga eða afurðastöðva sem lokið er. Þetta er eitt af þeim fjölmörgu álitaefnum sem koma upp en frumvarpsdrögin vekja einfaldlega langtum fleiri spurningar en þau svara."

Snertir lítið sauðfjár- og stórgripaslátrun

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landúnaði, tekur í sama streng og nafna hennar, varðandi kjötafurðastöðvarnar. „Það er margt líkt með þessu frumvarpi og því frumvarpi sem Svandís Svavarsdóttir lagði fram á sínum tíma. En það var alveg ljóst að sú útgáfa þess frumvarps var gölluð og hefði aldrei náð markmiðum sínum um hagræðingu í slátrun og vinnslu í sauðfjár og stórgripaslátrun án breytinga. Af þeim sökum bryndi Svandís, þáverandi matvælaráðherra, þingið til þess að gera breytingar. Það vekur því furðu að ráðuneytið skuli enn einu sinni leggja til útfærslu sem er ljóst að tekur að takmörkuðu leyti til sauðfjár og stórgripaslátrunar.

Spurð um það hvort breytingin á búvörulögum muni verða hvatning fyrir afurðastöðvar að breyta eignarhaldinu þannig að undanþáguákvæði gildi fyrir þau í mögulegum hagræðingaraðgerðum, segir hún að það sé ekki hlaupið að því að breyta eignarhaldi á fyrirtækjum sisvona í þá veru. „Hlutur bænda var í fyrri tíð meiri í mörgum fyrirtækjum en með aukinni fjárþörf vegna erfiðleika í rekstri hefur þurft að fá aðra aðila inn í gegnum tíðina. Fyrirtækin eru, þrátt fyrir mismunandi eignarhald, úrvinnslufyrirtæki bænda og starfa sem slík af miklum metnaði.

En það er í raun alveg ótækt að allar lykilskilgreiningar eru enn óútfærðar sem gerir okkur erfiðara fyrir að taka afstöðu til einstakra þátta frumvarpsins. Hvaða forsendur verða að baki mati Samkeppniseftirlitsins á yfirráðum?" spyr hún. „Við höfum áður séð mat frá eftirlitinu á þessum þáttum sem að okkar mati ganga ekki upp. Þá vakna líka spurningar um hverjar séu skilgreiningarnar á frumframleiðanda og framleiðendafélagi. Þetta á allt saman að útfæra í reglugerðum síðar meir. Hættan við slíkt er að þar er verið að færa ákvarðanavald um útfærslur til framkvæmdavaldsins frá Alþingi þar sem það ætti sannarlega heima," segir Margrét Gísladóttir.

Hún segir að með frumvarpinu sé verið að veita Samkeppniseftirlitinu heimild til að fella úr gildi samninga eða samstarf eða krefjast breytinga á þeim, telji eftirlitið þess þurfa. Jafnvel þó slíkar ákvarðanir væru þvert gegn markmiðum laganna. „Aftur legg ég áherslu á að það er svo margt óútfært og mörgum spurningum ósvarað. Eins og frumvarpið lítur út núna þá virðist vera ansi mikið af lausum endum."

Breytir öllu varðandi núverandi fyrirkomulag

Spurð út í fyrirhugaðar breytingar á lagaumhverfi mjólkuriðnaðarins, segir Margrét Ágústa að með drögunum sé í raun verið að leysa upp núverandi fyrirkomulag. „Vitandi að það sé verið að kollsteypa því þá er gefinn þessi aðlögunarfrestur til 1. júlí 2027. Sé ætlunin að sú verkaskipting sem hefur verið til staðar í rúm 20 ár í mjólkinni haldi gildi sínu, af hverju er þá gefinn frestur til aðlögunar að því að mjólkurundanþágan verði felld úr gildi?" spyr hún.

„Miðað við drögin þá mun þetta breyta öllu hvað varðar það fyrirkomulag sem fyrir er í söfnun og vinnslu á mjólk frá bændum á Íslandi. Sú hagræðing sem hefur fengist með því hvernig þessu hefur verið háttað með tilheyrandi ávinningi fyrir bændur og neytendur – með ábata upp á tvo til þrjá milljarða á ári – mun því væntanlega verða að engu ef þessi frumvarpsdrög verða að lögum," segir Margrét Ágústa.

Gæti orðið dýrkeypt

Margrét Gísladóttir bendir á að enn sé erfitt að átta sig á hvaða áhrif breytingarnar gagnvart mjólkuriðnaðinum muni hafa. „Það er erfitt að átta sig á nákvæmum áhrifum þar sem svo margar lykilskilgreiningar vantar, en þau gætu orðið veruleg.

Það sem er furðulegast í þessu er að alls staðar er verið að stefna að frekari stærðarhagkvæmni og burðugri rekstrareiningum í landbúnaði. Gott dæmi um slíkt er yfirstandandi sameining mjólkurafurðafyrirtækjanna Arla og DMK. Hér er verið að fara í þveröfuga átt, í átt frá stærðarhagkvæmni, án sýnilegrar ástæðu. Þessar tillögur, verði þær að veruleika, gætu því orðið ansi dýrkeyptar fyrir fámenna og dreifbýla eyju eins og Ísland."

LAUGARDAGINN **11. OKTÓBER** KL. 12–16

HAUSTGLEÐI TOYOTA

HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM

STÓRKOSTLEG HAUSTKJÖR

Nú er rétti tíminn til að tryggja sér draumabílinn. Gjafabréf frá Icelandair að verðmæti 100.000 til 200.000 kr. fylgja völdum nýjum seldum bílum.

TOYOTA **YARIS** ACTIVE HYBRID

12 MÁNAÐA **KINTO ONE** LANGTÍMALEIGA
115.000 KR. Á MÁNUÐI*

TOYOTA **YARIS** CROSS ACTIVE HYBRID

12 MÁNAÐA **KINTO ONE** LANGTÍMALEIGA
135.000 KR. Á MÁNUÐI*

TOYOTA **RAV4** PLUGIN HYBRID

á **stórkostlegum** haustkjörum

***KINTO ONE langtímaleiga**

Allt innifalið: tryggingar, smurþjónusta, dekk og bifreiðagjöld

ICELANDAIR

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

7 ÁRA ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · VEGAAÐSTOÐ

2018 UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur. Sjá nánar á www.toyota.is

Geitfjárbændur:

Geitur fá ekki inni í afurðastöðvum

Til vandræða horfir að kjöt_afurðastöðvar taka ekki við afurðum geitfjárbænda og þurfa þeir sjálfir að annast slátrun og sölu afurða sinna.

Hákon Bjarki Harðarson, formaður deildar geitfjárbænda innan Bændasamtaka Íslands, segir afkomu geitfjárstofnsins þokkalega eftir sumarið.

„Afkoma geitanna sjálfra eftir sumarið er nokkuð góð, í það minnsta hér norðanlands. Kið koma mjög væn af fjalli," segir hann. Afkoma greinarinnar sé aftur á móti ekki eins og best væri á kosið. „Kjötafurðastöðvar taka ekki við afurðum bænda og því þurfa geitabændur sjálfir að vinna og selja sitt kjöt. Ætli bændur að auka verðmæti afurða sinna þurfa þeir að fjárfesta í vottaðri aðstöðu sem getur reynst mörgum erfitt," útskýrir Hákon.

Áhyggjur hafa verið af því um skeið meðal geitfjárbænda að þjónusta sláturhúsa fari versnandi gagnvart greininni. Dæmi voru t.d. um að sláturhús tæki geitur í slátrun eitt skipti að hausti, í tvær klukkustundir. Sláturhúsið á Hvammstanga tók þó geitur tvisvar til þrisvar yfir haustið en í Borgarnesi var staðan mun lakari, að sögn geitfjárbænda.

Þeirri spurningu var varpað fram innan deildar geitfjárbænda á Búnaðarþingi sl. vor af hverju kiðlingar færu ekki í stórgripasláturhús þar sem þeir væru í raun líkari kálfum en lömbum. Þar kom og fram að Sláturfélag Suðurlands (SS) taki ekki geitakjöt. Þá sé erfitt að vinna að framþróun geitfjárafurða ef geitakjöt sé hvergi í almennri sölu.

Brýnt að ná utan um skráningu

Inntur eftir fjölda geita í landinu nú um stundir segir hann ekki komnar tölur um ásettar geitur í haust. „En það er þó tilfinning mín að geitum fjölgi frekar en hitt," segir hann.

Á Búnaðarþingi sl. vor kom fram að um 2.300 geitur væru taldar vera í landinu. Fyrir nokkru var stofnað fagráð um geitfjárrækt. Er það talið nauðsynlegt til að stuðla að verndun íslenska geitfjárstofnsins og hugsað til að ná saman öllum þeim aðilum sem koma að því verkefni að standa vörð um íslensku geitina.

Hákon segir helstu áherslumál geitabænda sem stendur vera að ná utan um skráningu allra geita í landinu gegnum skýrsluhaldskerfið Heiðrúnu.

„Stjórn geitabænda hefur lagt fram beiðni til atvinnuvegaráðherra um að koma að þeim málum með okkur og gera Heiðrúnu gjaldfrjálsa fyrir notendur. Þar sem íslenska geitin er í útrýmingarhættu er það á ábyrgð stjórnvalda að koma stofninum úr útrýmingarhættu," segir hann.

Arfgerðargreiningar þörf

Einnig hafi verið óskað eftir styrk frá ríkinu til að hægt sé að arfgerðargreina geitastofninn, líkt og gert hefur verið í sauðfjárræktinni. „Það er mjög mikilvægt fyrir geitastofninn að komast að því hvort það leynist verndandi gen gegn riðu innan stofnsins. Í svona litlum stofni er það mikið högg fyrir stofninn ef þarf að skera niður heilu hjarðirnar komi upp riða í sauðfé líkt og gerðist í Skagafirði 2020," segir Hákon enn fremur. */sá*

Samgöngur:

Innviðafélag til að hraða samgönguúrbótum

Á vorþingi hyggst innviðaráðherra leggja fram frumvarp um stofnun ríkisrekins innviðafélags til að hraða samgönguúrbótum.

Innviðaráðherra hyggst skv. framlagðri þingmálaskrá leggja fram frumvarp í febrúar nk. um stofnun innviðafélags. Verður lagt til að stofnað verði sérstakt innviðafélag eða ríkisaðili sem sjái um fjármögnun stærri samgönguframkvæmda, s.s. vegna jarðganga og sambærilegra flýtiframkvæmda. Skv. fyrirhuguðu frumvarpi verður lagt til að umgjörð um fjármögnun, framkvæmd og rekstur umferðarmannvirkja, sem myndu falla undir fyrirkomulag af þessu tagi, verði vel skilgreind með fjárhagslega sjálfbærni að leiðarljósi.

Á næstu vikum er áætlað að starfshópur á vegum innviðaráðherra skili af sér nánari útfærslu á slíku ríkisreknu innviðafélagi. Bundnar eru vonir við að það hraði ýmsum framkvæmdum í samgöngukerfinu og auðveldi fjármögnun þess. */sá*





Fyrsti vinnufundur Peatland LIFEline.is-verkefnisins var haldinn á Hvanneyri í Borgarfirði í áliðnum september. Þar voru línurnar lagðar og rætt um skipulag af um fimmtíu þátttakendum. Mynd / aðsend

Umhverfisvernd:

Öflug innspýting í votlendisrannsóknir

– Gríðarstórt og þverfaglegt verkefni í burðarliðnum

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Nýju verkefni, Peatland LIFEline.is, hefur verið hleypt af stokkunum og miðar að endurheimt votlendis og líffræðilegri fjölbreytni á Íslandi. Það fær sex milljóna evra styrk frá ESB.

Markmið Peatland LIFEline.is-verkefnisins er að auka þekkingu og skilning á votlendi á láglendi á Íslandi, vistfræði þess, líffræðilegri fjölbreytni og búskap gróðurhúsalofttegunda. Áhersla er lögð á vistgerðina starungsmýravist sem hefur mjög hátt verndargildi og á þrjár fuglategundir sem eru tákn um heilbrigt votlendi en það eru tegundirnar jaðrakan, stelkur og lóuþræll.

Í kynningu á verkefninu segir að votlendi á Íslandi hafi um margt sérstöðu miðað við votlendi annars staðar í Evrópu, meðal annars vegna eldvirkni, en þættir eins og ungur berggrunnur, áfok og eldgos hafi áhrif á eðli og eiginleika þeirra. Þéttleiki fugla sé mikill og stofnar nokkurra tegunda fugla byggi afkomu sína að verulegu leyti á þessum svæðum.

Strax hafist handa

Að sögn forsvarsmanna standa vonir til að verkefnið muni styrkja yfirsýn og auka þekkingu á votlendissvæðum landsins, ástandi þeirra og helstu áskorunum við endurheimt. Auk þessa verði mikil áhersla lögð á samfélagslega þátttöku og miðlun þekkingar.

Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) stýrir verkefninu en samstarfsaðilar eru Land og skógur, Náttúrufræðistofnun, Fuglavernd, Hafrannsóknastofnun, Náttúruverndarstofnun og bresku fuglaverndarsamtökin Royal Society for the Protection of Birds

Spurð um fyrstu skrefin í Peatland LIFEline.is segir dr. Jóhanna Gísladóttir lektor, sem er í forsvari fyrir verkefnið hjá LbhÍ, að fyrir utan praktíska hluti líkt og það að hanna lógó, setja á laggirnar vefsíðu og skipuleggja samstarfið, séu helstu verkefni vetrarins fólgin í að undirbúa handbók um hvernig standa á að vöktun endurheimtarsvæðanna. Einnig að skipuleggja gagnaöflun og deilingu gagna þvert á stofnanir.

„Stór verkþáttur í verkefninu er fólginn í að framkvæma mælingar á því hvaða áhrif endurheimt hefur þegar kemur að t.d. losun gróðurhúsalofttegunda, áhrifum á líffræðilegan fjölbreytileika og vatnasviðið. Því þarf að framkvæma mælingar á alls kyns þáttum á svæðunum áður en endurheimtin fer fram. Á næstu vikum munum við nota RTK-dróna til að LiDAR-skanna fyrirhuguð endurheimtarsvæði, svo hægt sé að útbúa áreiðanleg hæðarlíkön þeirra í mikilli upplausn. Slík líkön munu svo liggja til grundvallar þegar við hefjum skipulagningu og undirbúning endurheimtar á hverju svæði fyrir sig síðar í vetur," útskýrir Jóhanna.

LIFE fjármagnar 75%

Peatland LIFEline.is-verkefnið er að mestu fjármagnað af LIFE-sjóðnum, sem er hluti af umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið hófst formlega í byrjun september og mun standa yfir í 66 mánuði, eða til loka febrúar árið 2031. Heildarkostnaður nemur rúmlega 8 milljónum evra, þar af leggur LIFE-sjóðurinn til 75% fjárhæðarinnar, eða um 6 milljónir evra (sem samsvarar um einum milljarði íslenskra króna). Peatland LIFEline.is er umfangsmesta verkefni sem LbhÍ hefur stýrt til þessa.

„Það liggur alveg gríðarleg vinna að baki þessum stóra áfanga en strax í umsóknarferlinu vorum við þess fullviss að verkefnið myndi hljóta brautargengi vegna mikilvægis þess. Þetta er fyrsta LIFE-verkefnið sem Ísland fær úr náttúru- og lífbreytileikahluta sjóðsins og er vonandi bara upphafið að einhverri stórkostlegri vegferð fleiri slíkra verkefna," segir Jóhanna enn fremur. Samstarf allra aðila í verkefninu muni leiða af sér aukna fagþekkingu og getu innanlands til þess að efla starf á þessu sviði.

Atvinnuvegaráðuneyti:

Áfram sömu forsendur í innlausnarmarkaði sauðfjár

– Tilboðsfrestur rennur út 1. nóvember

Opnað hefur verið fyrir tilboð um kaup og sölu greiðslumarks í sauðfé.

Innlausnarmarkaður fyrir greiðslumark sauðfjár verður haldinn í nóvember. Innlausnarverð er núvirt andvirði beingreiðslna eins árs, 5.610 kr. pr. ærgildi. Það greiðslumark sem er innleyst er jafnframt boðið til sölu á innlausnarverði. Þetta kemur fram í tilkynningu frá atvinnuvegaráðuneyti.

Framleiðendur sem eiga 100 kindur eða fleiri og eru með ásetningshlutfallið 1,0 eða hærra skulu hafa forgang að öllu greiðslumarki sem er í boði á markaði. Það skiptist hlutfallslega milli aðila sem hljóta forgang í samræmi við það magn sem þeir óskuðu eftir að kaupa.

Hver framleiðandi getur ekki óskað eftir ærgildum umfram þau sem tryggja honum óskertar beingreiðslur í samræmi við fjárfjölda og ásetningshlutfall. Framleiðandi í forgangshóp getur ekki fengið hærri úthlutun ærgilda en sem nemur því að ásetningshlutfall eftir úthlutun fari niður í 1,0. Það greiðslumark sem ekki er úthlutað til framleiðenda í forgangshópi skal boðið öðrum umsækjendum.

Í fyrra barst 131 umsókn um kaup og 24 umsóknir um sölu á innlausnarmarkaði fyrir 2024. Var þá óskað eftir 32 þúsund ærgildum en til ráðstöfunar voru 4.266 ærgildi. Innlausnarverð ársins jafngilti beingreiðslum næstu tveggja ára, sem voru 10.762 krónur á ærgildið. Allt greiðslumark til ráðstöfunar rann þá til forgangshópsins og voru bú með lítið greiðslumark að kaupa til að styrkja rekstrargrundvöll sinn til lengri tíma litið.



Innlausnarmarkaður fyrir greiðslumark sauðfjár verður í nóvember. Mynd / sá

Kaupandi greiðslumarks nýtir greiðslumark frá og með 1. janúar 2026. Tilboðum um kaup og sölu greiðslumarks skal skila rafrænt á afurd.is. Opnað hefur verið fyrir tilboð. Tilboðsfrestur rennur út á miðnætti 1. nóvember nk. Greiðslufrestur vegna kaupa á greiðslumarki er til 15. desember. */sá*

BYD

SEAL U AWD
TENGILTVINNBÍLL

7.790.000 kr,-

- 70-98 km drægni (WLTP)
- 870 km eldsneytisnotkun (1,2 L- 1,6 L)
- 18,3 kWh drifrafhlaða
- 323 hestöfl
- 550 Nm tog



www.byd.is - soludeild@vatt.is

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Helgi Hilmarsson – **Prentun:** Landsprent ehf.
Upplag: 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Kraftapólitík og undanbrögð

Búvörulög mynda grundvöllinn að starfsskilyrðum bænda í landinu ásamt búvörusamningum. Á þessum gjörningum hvíla hagsmunir þúsunda einstaklinga og fjölskyldna sem hafa lagt þessa atvinnugrein fyrir sig. Þau hafa lagt allt undir í sínum búrekstri. Þó ekki væri nema af þeim ástæðum þá er æskilegt að stjórnvöld á hverjum tíma tryggi stöðugleika og fyrirsjáanleika í lagalegu jafnt sem rekstrarlegu umhverfi atvinnugreinarinnar. Sá hringlandi sem verið hefur á lagalegum ramma landbúnaðar á síðustu misserum er því ekki boðlegur.

Kraftapólitík á borð við þá sem við höfum orðið vitni að á síðustu dögum með boðuðum breytingum atvinnuvegaráðherra á búvörulögunum án þess að loforð um samráð við hagsmunasamtök bænda í landinu hafi verið efnt er svo nýr kapítuli í þessum málatilbúnaði öllum sem boðar ekki gott. Tími samræðustjórnmála er augljóslega liðinn og við er tekin pólitík þar sem afli er beitt. Lagabreytingum er þvingað upp á heilu atvinnugreinarnar án þess að eiga við þær samtal í aðdragandanum. Þær fá tækifæri til þess að skrifa álit sitt á gjörningnum í samráðsgátt. Til þess hafa þau nokkra daga.

Í grein í blaðinu í dag segir atvinnuvegaráðherra að tilgangurinn með samráðsgátt stjórnvalda sé einmitt sá „að kynna mál fyrir öllum á sama tíma“. Mögulega er hægt að finna einhver rök fyrir því að breytingar á lagaumhverfi atvinnugreina á borð við landbúnað komi fyrir augu bókmenntafræðinga, hárgreiðslufólks og sjómanna á sama augnabliki og bænda sem í raun og veru eiga sína hagsmuni undir þessum lögum. Þau rök geta þó ekki vegið þyngra en það samráð við heildarsamtök bænda sem stjórnvöld höfðu lofað að yrði haft um hugsanlegar breytingar á lagaumhverfi atvinnugreinarinnar fyrr á þessu ári. Þetta sér hvert mannsbarn.

Upp í hugann kemur spurningin um það hvað hafi eiginlega breyst í sambandi við virkni þessarar samráðsgáttar á undanförnum mánuðum. Hefðu stjórnvöld kannski átt að kynna bændum og öðrum atvinnugreinum þá grundvallarbreytingu á vinnubrögðum sínum að hætta að eiga samráð við þær um breytingar á lagaumhverfi þeirra? Héðan í frá yrði öllum í landinu kynntar breytingar á lagaumhverfi einstakra atvinnugreina á sama tíma, burtséð frá því hvort viðkomandi eigi hagsmuni að gæta eða ekki.

Auðvitað er hér um að ræða undanbragðapólitík hjá ráðherranum sem er henni ekki sæmandi í þessu samhengi. Slík undanbrögð hafa verið plagsiður í stjórnmálum í gegnum tíðina sem í alþjóðlegu samhengi hefur tekið á sig alveg nýja mynd á undanförnum árum. Undanbrögðin ganga út á að beina sjónum fólks frá aðalatriðum máls. Í þessu tilviki er aðalatriðið alger skortur á samráði við bændur í aðdraganda að boðuðum breytingum á starfsumhverfi þeirra sem gætu haft mikil áhrif á fjölda fjölskyldubúa vítt og breitt um landið.

Með markvissu samráði og samtali við bændur hefðu stjórnvöld getað fyrirbyggt það uppnám sem landbúnaðurinn er nú í. Með samtalinu hefðu stjórnvöld getað komið í veg fyrir átök sem nú virðist stefna í. Með samtalinu hefðu stjórnvöld getað leitað svara við ýmsum spurningum sem frumvarpsdrögin augljóslega vekja um afkomu bænda og fyrirtækja þeirra. Með samtali hefði vafalítið verið hægt að finna betri leiðir til þess að ná fram breytingum á lagaumhverfi landbúnaðarins. Kraftapólitík og undanbrögð lýsa afstöðu til samfélagsins sem maður vonaði að ætti ekki upp á pallborðið hér á landi.

Þröstur Helgason



Sauðfjárrækt:

Riða í Skagafirði

– Eingöngu ráðist í hlutaniðurskurð



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Matvælastofnun (MAST) greindi frá því á mánudaginn að hefðbundin riða hefði greinst í kind á bænum Kirkjuhóli, skammt frá Varmahlíð í Skagafirði.

Aron Pétursson, bóndi á Kirkjuhóli, segist hafa orðið var við eina kind í haust sem bar einkenni sem hann segir skólabókardæmi um riðu. „Hún var horuð, mikill kláði í henni og hún titraði. Eins var hún ör og augun rosalega opin,“ segir hann. Hann hafði því samband við MAST sem staðfesti grun Arons í síðustu viku. Því sé komið í gang ferli í samstarfi við MAST þar sem ákveðið verður hvaða fé verður skorið niður og til hvaða sóttvarnaraðgerða verður gripið.

Verndandi arfgerðir útbreiddar

Þar sem kynbætur ábúenda á Kirkjuhóli hafa undanfarin ár að miklu leyti snúist um að koma upp bústofni með ARR arfgerð, sem veitir vernd gegn riðu, og AHQ arfgerð, sem veitir mikla mótstöðu, þarf ekki að ráðast í heildarniðurskurð eins og tíðkaðist þangað til á allra síðustu árum. Fjárstofninn á Kirkjuhóli telur 270 vetrarfóðraðar ær og fjórtán hrúta. „Það fara rúmlega 200 ær í niðurskurð. Við eigum tæplega 70 ARR gimbrar sem við setjum allar á. Þá eigum við 30 fullorðnar ær með ARR sem fá að lifa. Hér eru hundrað ær með AHQ sem mega vera eftir, en við höldum ekki nema þeim bestu, þannig að í vetur verðum við með eitthvað í kringum 120 hausa,“ segir Aron.

Aron segist vera feginn að þurfa ekki að skera allt niður núna. „Það er huggun í því að þurfa ekki að kaupa nýjan stofn, heldur að fá að hafa sitt eigið fé. Við höfum þá eitthvað af gamla stofninum enn þá, en það væri leiðinlegt að horfa á hann allan fara,“ segir Aron.

Þriðji hlutaniðurskurðurinn

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir hjá MAST, segir að þegar búið er að staðfesta hefðbundna sauðfjárriðu fari alltaf tveir aðilar frá MAST á viðkomandi bæ til þess að bera fréttirnar og ræða málin í rólegheitunum. „Við viljum helst ekki koma með svona fregnir í gegnum síma þar sem við lítum svo á að þetta þurfi að vera svolítið manneskjulegra en það,“ segir Sigurbjörg.

„Í þessu tilfelli kom upp grunur hjá bændunum, því þau þekkja einkennin, og voru þau því nokkuð viss um það fyrir fram hver niðurstaðan yrði. Við fórum því beint í að skoða hvað þau ættu af sauðfé með verndandi og mögulega verndandi arfgerðum – og það var mjög gleðilegt að skoða það.“ Sigurbjörg segir allar ær með ARR arfgerðina fá að lifa, hvort sem þær eru arfhreinar eða arfblendnar, en slátra þurfi hrútum sem eru með villi- eða áhættuarfgerðir á móti ARR. Sigurbjörg bendir á að þetta sé í þriðja skiptið sem Matvælastofnun grípur ekki til allsherjarniðurskurðar þegar riða kemur upp í sauðfjárhjörð. Því megi þakka miklu átaki í ræktun gegn sjúkdómnum.

Hreinsa og skipta út smitflötum

Að niðurskurði loknum taka við þrif og sótthreinsun á bænum, þó þar sé mikil breyting á verklagi miðað við hvernig það var áður en að verndandi arfgerðir komu til. Nauðsynlegt sé að framkvæma jarðvegskipti í kringum fjárhúsin og inni í þeim þar sem þetta séu taðhús.

„Ákveðið hefur verið að á viðkomandi bæ komi ekki til með að vera sauðfé nema með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir. Því er ekki lögð eins mikil áhersla á að útrýma riðusmitefninu úr umhverfinu. Fyrir vikið tekur ekki við tveggja ára fjárleysistími eins og eftir heildarniðurskurð, sem var hluti af aðgerðum til þess að reyna að útrýma smitefninu.

Riða er sjúkdómur sem smitast um munn, þannig að leggja þarf sérstaka áherslu á að þrífa átsvæði, drykkjarílát og annað sem skepnurnar hafa sleikt í sínu umhverfi. Eins það sem hefur mengast af legvatni og fósturhimnum á sauðburði, því það er í kringum tíu þúsund sinnum meira af smitefni í því en öðrum líkamsvessum sauðkindarinnar. Rannsóknir hafa leitt í ljós að príon, sem veldur riðu, hefur sérstakan eiginleika til að bindast við stál og nánast ómögulegt að sótthreinsa það. Því þarf að skipta út drykkjarílátum og nipplum úr stáli.“

> „Það er huggun í því að þurfa ekki að kaupa nýjan stofn, heldur að fá að hafa sitt eigið fé ...

Mörg tilfelli riðu í nágrenninu

Eins segir Sigurbjörg að ábúendur á viðkomandi bæ þurfi að halda sínum kindum í fjárheldum girðingum og án snertingar við annað fé í tvö ár. „Í Landsáætlun gegn riðu er miðað við að höft á riðubæjum vari í sjö ár, en hægt er að stytta þann tíma ef ræktun gegn riðu gengur hratt. Eftir fyrstu tvö árin er óhætt að setja kindur á fjall sem eru arfhreinar ARR eða með ARR á móti mögulega verndandi arfgerðum. Eins styttast þessi höft ef 75 prósent af stofninum er kominn með ARR genasamsætuna á móti 25 prósent með mögulega verndandi arfgerðir.“

Sigurbjörg bendir á að sauðfjárveikivarnahólfið þar sem riðan kom upp núna hefur verið skilgreint sem riðuhólf í mörg ár. „Fyrir vikið verður ekki mikil breyting á höftum vegna þessa riðutilfellis. Eins tölum við um heita reiti þar sem riða hefur ítrekað komið upp á bæjum sem eru samliggjandi eða mjög stutt á milli. Þessi bær er á ansi heitum reit og síðasta riðutilfelli í nágrenninu kom upp árið 2019 og fjölmörg tilfelli á næstu bæjum á síðastliðnum tíu til fimmtán árum,“ segir Sigurbjörg.



Um 200 kindum frá bændum Kirkjuhóli verður lógað vegna sauðfjárriðu. Bændurnir fá að halda eftir þeim gripum sem eru með verndandi arfgerðir gegn sjúkdómnum. Mynd tengist frétt ekki beint. Mynd / ál

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 17.500 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 13.900 m/vsk.
Heimilisfang: Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Í seiðaeldisstöð Laxeyjar í Vestmannaeyjum, sem var tekin í notkun í lok árs 2023. Þar eru seiðin alin upp í hundrað gramma þunga á einu ári áður en þau eru flutt í tanka þar sem laxinn nær fullri stærð eftir eitt ár í viðbót. Áætlað er að fyrsta slátrun fari fram í nóvember, en þá verður meðalþungi fisksins í kringum fimm kíló.
Mynd og texti / ál

Varðmenn landsins

Vinkill | Halla Hrund Logadóttir
halla.hrund.logadottir@althingi.is

Þegar við fjölskyldan bjuggum í Boston biðum við alltaf spennt eftir því að íslenska lambið kæmi í verslanir. Þá buðum við gjarnan erlendum gestum í mat til þess að njóta þess saman. Í búðinni kom þó ætíð á óvart að sjá að lambið var nánast ósýnilegt í kjötborðinu. Á meðan rokseldist norski eldislaxinn í næsta rekka í myndskreyttum hátíðlegum konfektkössum.

Bragðið af lambinu sveik þó engan og viðbrögð gesta sannfærðu mig að hægt er að selja alla okkar framleiðslu á erlendum mörkuðum. Þrátt fyrir tækifæri er sauðfjárbúskapur á undanhaldi. Safnið í réttum landsins hefur skroppið saman í minni sveit og ekki sér fyrir endann á þeirri þróun um allt land.

Á afrétt spurði ég efnilegt búmannsefni af hverju hann hefði ekki gerst bóndi og fljótt færðist samtalið að háu jarðaverði og slakri afkomu. Hér þarf að efla skilning á því að það að ungt fólk geti ekki hafið búskap er ekki bara leiðinlegar fréttir fyrir hæfileikaríka einstaklinga eða fjölskyldur. Það er afdrifarík niðurstaða fyrir samfélagið okkar. Til langs tíma. Við þurfum að víkka linsuna og fá alla til að hugleiða: Hvað þýðir minna safn, veikari landbúnaður, fyrir Ísland?

Á undanförnum árum hefur fólki hér á landi fjölgað um fimmtíu þúsund og fjöldi ferðamanna vaxið sömuleiðis. Því er lykilspurning: Ætlum við að fæða samfélagið eða láta innflutning taka yfir? Það hlýtur einnig að vera auðséð að í viðsjárverðum heimi þurfa sveitir landsins að vera í sókn. Milljarða viðbótarfjárfesting í öryggismálum í nýjum fjárlögum ætti að horfa til innviðafjárfestingar í landbúnaði.

Auk matvælaöryggis er landbúnaður mikilvægur fyrir heilsu okkar og atvinnulíf. Ferðamenn koma ekki hingað fyrir innfluttan kjúkling og kókópöffs: Þeir vilja sjá blómlegar sveitir og njóta heilnæmra afurða sem við eigum á heimsmælikvarða. Öflug ferðaþjónusta hvílir til langs tíma á kröftugum landbúnaði.

Bændur gæta þannig að jafnvægi ólíkra nytja og okkar einstöku náttúru. Þeir þekkja landið líka eins og lófann á sér, ekki síst í gegnum sauðfjárbúskap sem kallar á samvinnu bæði á bæ og fjalli. Hugsunin þeirra að skilja vel við heimkynnin fyrir komandi kynslóðir er bændum eðlislæg og er langtímasýn sem er samfélagi okkar afar dýrmæt.

Með veikum landbúnaði er einmitt hætt við að fjárfestar éti upp landið. Sala auðlinda vatns, jarðefna og jarðhita til erlendra aðila í gegnum jarðasölu er að mörgu leyti til komin vegna krefjandi stöðu bænda. Án öflugra bænda, rennur landið úr greipum okkar og auðlindirnar með. Hægt og bítandi, jörð fyrir jörð.

Að grafa undan bændasamfélögum veikir jafnframt griðastað menningar okkar, tungu og hefða; þess sem er ekta eða þar sem rætur okkar hvíla. Slíkar rætur eru akkeri á tímum þar sem margt falskt tröllríður miðlum. Ef við töpum því sem er ekta þá töpum við smátt og smátt sjálfum okkur sem þjóð.

Í stuttu máli sýnir víða linsan okkur, fólkinu í landinu, að bændur vernda fæðuöryggi okkar og heilbrigði. Þeir varðveita menningu okkar, náttúru og nytjar. Þeir eru fjölskyldufyrirtækin sem styrkja samfélög um allt land. Þeir eru samvinnan og seiglan sem við búum að á ögurstundum. Bændur eru einfaldlega varðmenn landsins. Án öflugra bænda raknar annað upp – allt frá öryggi yfir í menningu og atvinnuþróun.

Við þurfum nýja framtíðarsýn sem kemur lambinu í konfektkassana og bæði breikkar og stækkar tækifærin; nýja gullöld. Til þess duga engin vettlingatök. Hér þarf að horfa á endurskoðun tolla, fjárfestingar, raforkumál, aðkomu ríkis í nýliðun, nýsköpun, markaðssókn og margt fleira. Þessir sameiginlegu hagsmunir okkar Íslendinga verðskulda ekki átök, hvorki innan þings né utan. Berjumst saman í landsleik landbúnaðarins; til sigurs.

Stækkum safnið með varðmönnum landsins. Fyrir okkur öll.

Höfundur er þingmaður.

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Er fólk að tala saman í þessari ríkisstjórn? Fátt bendir til þess.

Fyrir stuttu kynnti forsætisráðherrann atvinnustefnu sína til næstu tíu ára sem „vaxtarplan“ og „hagvaxtarstefnu“ með áherslu á „einföldun regluverks“ sem liðki fyrir leyfisveitingum í orkumálum, svokallaðri léttingu á byggingareglugerð og jafnlaunavottun og svo var lögð áhersla á nýja byggðastefnu sem var trommuð upp með orðunum: „Tími stórframkvæmda er runninn upp á ný.“

Nokkrum dögum seinna stígur Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, fram á vef ráðuneytis síns og kynnir nýja skýrslu Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA) þar sem því er haldið fram að „umhverfi Evrópu standi frammi fyrir stórum áskorunum, sérstaklega náttúra álfunnar sem heldur áfram að hnigna“. Hröðun loftslagsbreytinga er einnig mikið áhyggjuefni samkvæmt skýrslunnni: „Þessi hnignun náttúru og umhverfis felur í sér mikla áhættu fyrir efnahagslega velmegun, öryggi og lífsgæði í Evrópu.“

Í fréttinni segir að skýrslan leggi áherslu á „að loftslagsbreytingar og hnignun umhverfis ógni samkeppnishæfni Evrópu“. Lausnirnar séu hins vegar þessar: „Aðgerðir sem miði að því að vernda náttúruauðlindir, draga úr loftslagsbreytingum, aðlagast þeim og draga úr mengun muni á hinn bóginn auka seiglu samfélagsins. Þetta á sérstaklega við grunnþætti á borð við matvælaöryggi, drykkjarvatn og flóðavarnir.“

Jóhann Páll tekur undir þetta allt þótt hann leggi jafnframt áherslu á sérstöðu Íslands: „Þrátt fyrir að staða Íslands í ýmsum samanburði sé góð þá eru niðurstöður skýrslunnar sláandi fyrir álfuna í heild. Á sama tíma og Evrópa hefur verið leiðandi í loftslagsaðgerðum og samdrætti í losun er hún sú álfa sem hlýnar hve hraðast. Líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfum heldur áfram að hnigna vegna ofnýtingar auðlinda sem hefur nú þegar mikil áhrif á fólk og efnahag. Við erum enn og aftur minnt á mikilvægi þess að taka náttúrugæðum sem við búum við hér á Íslandi ekki sem sjálfsögðum hlut. Þess vegna eru endurheimt vistkerfa og votlendis, orkuskipti og verndun viðkvæmra svæða í hafi og á landi forgangsmál í mínu ráðuneyti.“

Atvinnustefna sem byggir á úreltri hugmyndafræði síðustu aldar um „vaxtarplön“ og „hagvaxtarstefnu“, auknar orkuframkvæmdir með „léttara“ regluverki, svo ekki sé talað um nýtt tímabil „stórframkvæmda“,húbú er ekki í miklu samræmi við þær áhyggjur sem skýrsla Umhverfisstofnunar Evrópu og Jóhann Páll lýsa.

Málið er að sú mynd sem dregin er upp í skýrslunni af ástandi loftslagsins og vistkerfisins er veruleiki. Allt það sem við gerum þurfum við að gera með þessar staðreyndir í huga. Það er ekki lengur hægt að leyfa sér að móta atvinnustefnu í anda tuttugustu aldarinnar þar sem útgangspunkturinn er hagvöxtur sem umfram allt byggir á stórkarlalegum iðnframkvæmdum og enn frekari hagnýtingu náttúruauðlinda.

Í skýrslunni kemur fram að á Íslandi sé framleidd meiri raforka á mann en í nokkru öðru landi í heiminum, eða um það bil 50 megavött á ári. Í Evrópu eru að meðaltali framleidd 6 megavött á mann á ári. Enn fremur kemur fram í skýrslunni að losun gróðurhúsalofttegunda sé hér mikil miðað við höfðatölu í samanburði við önnur lönd álfunnar, ekki síst vegna stóriðju.

Við berum auðvitað ábyrgð eins og aðrar þjóðir, þótt ástandið sé að vissu leyti gott sökum aðstæðna hér. Það er óábyrgt að kynna atvinnustefnu sem byggir á vaxtarhumyndum iðnaðarhagkerfis síðustu aldar.

Stundum hefur verið talað um bakslag í jafnréttismálum á síðustu árum. Það er augljóslega bakslag í umhverfis- og loftslagsmálum einnig. Pólitík popúlistanna vítt og breitt um heiminn, sem afneitar loftslagsvánni og hnignun vistkerfisins, finnst jafnréttismál af hvaða tagi sem er húmbúkk – þessi stórkarlalega hugmyndafræði sinnuleysisins smitar því miður orðræðu, stefnumótun og ákvarðanir stjórnvalda víða um heiminn nú um stundir.

Atvinnustefnan sem Kristrún Frostadóttir kynnti fyrir nokkrum dögum var því miður skýrt dæmi um það.

Pistill formanns | Trausti Hjálmarson
trausti@bondi.is

Að hafa samráð við sjálfan sig

Allt frá því að ég tók við embætti formanns Bændasamtaka Íslands hef ég talað fyrir því að mikilvægt sé að skoða starfsskilyrði landbúnaðarins og íslenskra bænda með heildrænum hætti. Enginn raunverulegur árangur eða umbætur náist með því að skoða tollamálin í einrúmi eða horfa á lagaumhverfi afurðastöðva án þess að taka með í reikninginn þátt þeirra í virðiskeðju landbúnaðarins í heild sinni.

Málefni afurðastöðvanna eru ekkert flókin í rauninni. Rekstur kjötafurðastöðva hefur verið í járnum svo árum skiptir og brýn nauðsyn að ná hagræðingu á kostnaðarhliðinni, með samvinnu og sameiningum. Búvörulögum var breytt í fyrra til að liðka fyrir þessari hagræðingu, en eins og lesendur vita fóru þær breytingar ekki í gegn átakalaust og þegar ný ríkisstjórn tók við var ljóst að frekari breytingar væru í kortunum.

Við vorum – og erum enn – tilbúin til viðræðna við ráðherra og stjórnvöld um það hvernig best sé að haga málefnum landbúnaðarins. Það er ekki svo að það sé bara ein rétt leið til að ná fram þessari lífsnauðsynlegu hagræðingu. Samtal og samráð skilar oftar en ekki betri og varanlegri árangri.

> Í þessu máli mun ég, og Bændasamtök Íslands almennt, gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að drögin verði að lögum í óbreyttri mynd.

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa ítrekað sagt, opinberlega og í einkasamtölum, að þeim sé umhugað um bændur og íslenskan landbúnað. Að raunverulegur vilji sé til að bæta starfsskilyrðin og hag bænda. Ef um meira en innantóm orð er að ræða hljóta þeir að gera sér grein fyrir því að mun líklegra er að það markmið náist með traustu samráði og samvinnu með bændum og hagsmunasamtökum þeirra.

Þetta er í raun svo augljóst að mér þykir nánast afkáralegt að þurfa að setja það niður á blað. Og þess vegna er í raun óskiljanlegt að bændur skuli fyrst lesa um það í aðsendri grein á Vísi að ekki eigi aðeins að breyta búvörulögum hvað varðar kjötafurðastöðvar, heldur að einnig standi til að umbylta því kerfi sem mjólkuriðnaðurinn byggir á.

Þetta kerfi hefur á tuttugu árum náð hagræðingu upp á 2–3 milljarða króna á ári hverju, sem skilað hefur sér til bænda og neytenda. Afar erfitt er að sjá hvaða nauðsyn rekur ráðherra til að leggja til þessar breytingar, án samráðs og að því er virðist án þess að lagt hafi verið mat á áhrif breytinganna á bændur.

Stjórnvöld eiga ekki að standa í tilraunamennsku með lífsviðurværi fólks almennt. En landbúnaður er í sérstakri stöðu sökum þess að langflest íslensk býli eru fjölskyldubú þar sem heimili og vinnustaður eru eitt og hið sama. Ráðherrar og þingheimur allur verða að hafa það í huga þegar ákvarðanir eru teknar um starfsskilyrði fólks sem starfar í landbúnaði, sérstaklega þegar um er að ræða umfangsmiklar breytingar sem engin aðkallandi þörf er á.

Ég er enn þá á þeirri skoðun að verulegur og varanlegur árangur í málefnum landbúnaðarins náist best með uppbyggilegu samráði stjórnvalda og bænda. En í þessu máli mun ég, og Bændasamtök Íslands almennt, gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að drögin verði að lögum í óbreyttri mynd.

Höfundur er formaður BÍ.

Blóðmerar:

Starfsleyfi Ísteka til blóðtöku runnið út

Starfsleyfi Ísteka ehf. til blóðtöku úr fylfullum hryssum rann út 5. október. Önnur leyfi til starfsemi fyrirtækisins eru fyrir hendi og því ekki sérstakra áhrifa að vænta að svo stöddu, segja forsvarsmenn.

Ísteka ehf. hefur í áratugi haft leyfi til blóðtöku úr fylfullum hryssum. Fyrirtækið fékk síðast leyfi árið 2022 eftir útgáfu reglugerðar nr. 900/2022 um blóðtöku úr fylfullum hryssum og gilti það til 5. október sl. Leyfið var gefið út á grundvelli 3. gr. reglugerðarinnar og með vísan til 20. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Í kjölfar þess að Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnti íslenskum stjórnvöldum að starfsemin skyldi lúta tilskipun sem hafði áður verið innleidd hérlendis með reglugerð nr. 460/2017 um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni, felldi matvælaráðherra reglugerð nr. 900/2022 úr gildi.

Búgrein í afurðaframleiðslu

Ísteka höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu vegna ákvörðunarinnar en ríkið hafði betur gegn líftæknifyrirtækinu í Hæstarétti seint á síðasta ári. Staðfesti Hæstiréttur þá fyrri dóma héraðsdóms og Landsréttar í málinu.

Kristinn Hugason, samskiptastjóri Ísteka, segir yfirstandandi dómsmál Ísteka gegn stjórnvöldum þó ekki til lykta leitt. „Það snýst um það hvert undirliggjandi regluverk starfseminnar skuli vera til framtíðar. Stjórnvöld tóku í tíð Svandísar Svavarsdóttur í embætti matvælaráðherra þann pól í hæðina að staðfesta álit ESA um að starfsemin, þ.e. blóðsöfnunin sjálf, skyldi felld undir Evrópureglugerð um tilraunadýr. Þetta var gert okkur mjög að óvörum en Ísteka, og raunar allir aðrir sem að greininni koma, telja hana til afurðaframleiðslu. Þessi ákvörðun stjórnvalda er í raun ekkert annað en tilraun til þess sem kalla má ofur-blýhúðun Evrópugerðar. En blýhúðun sem kölluð er, eða gullhúðun Evrópugerða, er nú þegar að valda miklu óhagræði í atvinnu- og raunar þjóðlífinu öllu hér á landi. Við vonumst eftir niðurstöðu úr því sem fyrst svo huga megi að leyfismálum blóðsöfnunar í kjölfarið," segir Kristinn enn fremur.

Ísteka hefur keypt blóð frá bændum sem halda stóðmerar. Blóði hefur verið safnað úr fylfullum hryssum á grundvelli leyfis frá Matvælastofnun, en dýralæknar á vegum Ísteka hafa séð um blóðtökurnar. Úr blóðinu er svo framleitt virkt lyfjaefni, PMSG, í verksmiðju Ísteka í Reykjavík, sem síðan er selt til lyfjaframleiðenda erlendis. Blóðmerar hafa til skamms tíma verið um 5.000 talsins.

Kristinn segir að blóðtökur hafi gengið vel sl. sumar og sé nú lokið. Heilsufar hafi verið gott í stóðunum og frjósemi sömuleiðis. „Vitaskuld hjálpar tíðarfarið til en fagmennska í búgreininni, sem og markvisst úrval blóðtökuhryssna (kynbætur) er einnig sívaxandi sem skilar sér í auknum árangri," segir hann.

Ekki verði veitt nýtt leyfi

Ísteka hefur orðið fyrir harðri gagnrýni m.a. dýraverndarsamtaka innanlands og erlendis, einkum vegna meintra brotalama á velferð hryssa við blóðtöku. Eurogroup for Animals, í samstarfi við þýsku dýraverndarsamtökin Animal Welfare Foundation og Dýraverndarsamband Íslands, sendi fyrir skemmstu erindi til fagráðs um velferð dýra þar sem óskað er eftir að ekki verði veitt nýtt leyfi fyrir blóðsöfnun úr fylfullum hryssum. */sá*



Starfsleyfi Ísteka ehf. til blóðtöku úr fylfullum hryssum rann út 5. október.
Myndir / ghp





Á viðburðinum HönnunarÞing, sem haldinn var á Húsavík á dögunum, hélt Sigurður Líndal frá Eimi erindi um sniglarækt á Íslandi.

HönnunarÞing:

Sniglarækt sem aukabúgrein

Dagana 26.–27. september var viðburðurinn HönnunarÞing haldinn á Húsavík, þar sem áhersla var á hönnun, nýsköpun og mat. Meðal áhugaverðra dagskrárliða var kynning á verkefni um sniglarækt.

Verkefnið heitir „Sniglarækt, sjálfbær nýting glatvarma" og hefur það meginmarkmið að kynna og innleiða sniglarækt sem raunhæfan, sjálfbæran og nýskapandi valkost fyrir bændur á Íslandi í leit að aukabúgrein.

Arðbær atvinnugrein í Evrópu

Eimur, sem er samstarfsvettvangur einkaaðila og opinberra aðila með áherslu á sjálfbærni og nýsköpun í atvinnulífi, hlaut styrk úr Lóu nýsköpunarsjóði á dögunum fyrir verkefnið og er það unnið í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins.

Sigurður Líndal, starfsmaður Eims og hugmyndasmiður sniglaverkefnisins, segir að sniglarækt hafi sannað sig sem arðbær atvinnugrein með hátt verðmætasköpunarhlutfall og lítil neikvæð umhverfisáhrif víða í Evrópu.

Sniglar séu eftirsóttir sem lúxusmatvara á alþjóðamarkaði, auk þess sem rannsóknir sýni möguleika á því að afurðir þeirra geti verið nýttar í hágæða próteinfóður fyrir fiskeldi, slím úr þeim er þegar eftirsótt innihaldsefni í snyrtivörur og skeljar þeirra eru muldar og notaðar í áburð.

Sjálfbær hliðarbúgrein fyrir bændur

Að sögn Sigurðar felst verkefnið í að kynna sniglarækt sem sjálfbæra hliðarbúgrein fyrir bændur, byggða á nýtingu glatvarma úr jarðhitavatni. Tilurð verkefnisins megi rekja til greiningar á möguleikum á sjálfbærri nýtingu glatvarma frá hitaveitublæðingum jarðhitaveitna.

Farið verður í fræðsluherferð á Norðurlandi ásamt staðnámi á Írlandi, með áherslu á að skapa verðmæti úr vannýttum auðlindum, bæta nýtingu hliðarstrauma og efla atvinnulíf með nýsköpun í matvælaframleiðslu.

„Sérstaða Íslands sem ómengaðs lands með hreina ímynd skapar góða möguleika á því að búa til virðisaukandi söluvöru sem fellur vel að kröfum nútímaneytenda.

Þörfin sem verkefnið mætir er margþætt: Í fyrsta lagi er um verulega vannýtta auðlind að ræða, þar sem jarðhitavatn sem þegar hefur þjónað tilgangi sínum við húshitun er í hitaveitukerfum í dreifbýli oftast látið renna til spillis án frekari nýtingar, oft eru þetta kallaðar blæðingar og hafa það að markmiði að halda hita á lögninni. Í öðru lagi eru mörg íslensk landbúnaðarhéruð að leita leiða til að fjölga atvinnumöguleikum og auka verðmætasköpun með nýjum og sjálfbærum búgreinum," útskýrir Sigurður.



Kjartan Gíslason, Kolfinna María Níelsdóttir og Ásbjörn Nói sáu um að framreiða sniglana frá írska sniglaræktandanum Inis Escargot ofan í gesti á HönnunarÞingi.
Myndir / Aðsendar

Lífrænn úrgangur sem fóður

Að sögn Sigurðar verða fjórir fræðsluviðburðir haldnir á Norðurlandi, þar sem sérfræðingurinn Peter Monaghan frá írsku sniglaræktinni Inis Escargot mun kynna aðferðir og tækni sem henta íslenskum aðstæðum. Nánari upplýsingar um fundina má finna á vefnum eimur.is.

Á fundunum verður sérstök áhersla lögð á nýtingu glatvarma úr hitaveitulögnum, lífrænan úrgang og annað hráefni sem fellur til á Íslandi sem nýtist mögulega sem fóður fyrir sniglana.

Hagnýtt staðnám í sniglaræktun

Í kjölfar fundaraðarinnar verður hópur sex bænda valinn ásamt fulltrúum úr stoðkerfi landbúnaðar og þeim boðið í hagnýtt staðnám á Írlandi í um eina viku vorið 2026.

Sigurður segir að þar muni þátttakendur kynnast sniglaræktun í reynd, frá uppbyggingu og rekstri sniglabúa til markaðsmála og söluafurða. „Með þessu móti fá þátttakendur djúpa og raunhæfa innsýn sem gerir þeim kleift að taka fyrstu skref í áttina að því að hefja eigin ræktun á Íslandi, og stoðkerfin undirbúin með þau tæki og tól sem þau þarfnast til að geta veitt frumkvöðlum stuðning meðan að greinin slítur barnsskónum.

Á Íslandi fellur verulegt magn af glatvarma frá hitaveitum til spillis, sérstaklega í dreifbýli þar sem hitaveitur leiða heitt vatn, blessunarlega, um hinar strjálu byggðir. Hliðarafurð þessarar hitaveitulagnar í dreifbýli er mikið blæðingavatn sem ekki er hægt að nýta. Með því að nýta þessa auðlind opnast tækifæri til sjálfbærrar ræktunar sem krefst lítillar landnotkunar, hefur afar lágt kolefnisspor og dregur úr sóun mikilvægra auðlinda sem nú eru vannýttar. Við leggjum upp með að yfirfæra erlenda þekkingu á sniglarækt inn í íslenskt samhengi með það að markmiði að skapa nýja og sjálfbæra atvinnugrein fyrir íslenska bændur."

Sniglasmakk á HönnunarÞingi

Kolfinna María Níelsdóttir, markaðs- og nýsköpunarstjóri hjá Eimi, var í teyminu sem eldaði snigla frá írska sniglaræktandanum Inis Escargot ofan í gesti á HönnunarÞingi. Hún segir að fátt hafi vakið meiri athygli á viðburðinum en einmitt sniglasmakkið. „Við framreiddum snigla fyrir um það bil 150–200 gesti, sem gerði stemninguna á svæðinu sérstaklega skemmtilega. HönnunarÞingið, sem í ár var tileinkað mat og skapandi hugmyndum tengdum mat, var því hinn fullkomni vettvangur til að kynna snigla og sniglarækt – ekki bara í fræðilegri umræðu heldur líka með því að gefa fólki tækifæri til að smakka," segir hún.

„Það var ótrúlega gaman að sjá viðbrögðin – nær allir gestir HönnunarÞingsins komu við og smökkuðu, margir í fyrsta skipti á ævinni. Svo voru ófáir sem sneru aftur í röðina, sem segir sitt um áhugann. Fólk var bæði forvitið og hissa á því hversu bragðgóðir sniglarnir voru. Við heyrðum marga segja að þeir hefðu aldrei haldið að þeir myndu smakka snigla, hvað þá njóta þess. Sniglarnir kláruðust fljótt, sem undirstrikar að hér er á ferðinni hágæða hráefni sem á heima á bestu veitingastöðum heims. Fyrir okkur var þetta ekki bara kynning á nýrri tegund matvælaræktar heldur líka samtal um sjálfbærni, nýsköpun og fjölbreytileika í íslenskri matarmenningu." */smh*

ÓÐALS

OSTAR

Til að ná fullkomnun í ostagerð
þarf margt að koma saman. Alúðin við
að skapa hráefnið, þekkingin og ástríðan.
Hvert einasta skref skiptir máli.

Íslenskir kúabændur og meistarar
Óðalsostanna færa þér rétta bragðið.





Andrea Mueller á Blöndudalshólum bætist í hóp ræktenda á lífrænt vottuðu grænmeti. Mynd / Elínborg Erla

Lífræn ræktun:

Blöndudalshólar nýir framleiðendur

Nýlega bættist bærinn Blöndudalshólar við flóru lífrænt vottaðra grænmetisframleiðenda.

Ábúendur eru þau Friðgeir Jónasson og Andrea Mueller, sem ráku hefðbundið kúabú fram til ársins 2018. Þá ákváðu þau að hætta með kýrnar en vildu áfram búa í sveitinni. Andrea fékk þá hugmynd árið 2020 að fara út í ræktun á grænmeti og þá helst útiræktun.

Afurðirnar seldar beint frá býli

„Árið 2021 plöntuðum við í skjólbelti sem koma til með að mynda skjól fyrir ræktunina þegar fram líða stundir og höfum við haldið áfram þeirri vinnu á hverju sumri síðan þá.

Við vildum frá byrjun hafa ræktunina lífræna og fórum því fljótlega í aðlögunarferli hjá Vottunarstofunni Túni. Nú er því aðlögunarferli lokið og höfum við fengið fullnaðarvottun á ræktunina," segir Andrea.

Hún segir að þau hafi einnig nýverið fengið vottun frá Bicyclic Vegan International um að engar dýraafurðir séu notaðar við ræktunina, svo sem húsdýraáburður eða fiskimjöl.

„Við höfum prófað okkur áfram með ræktun á ýmsum kál- og salattegundum, ýmsum krydd-tegundum, rófum, kúrbítum og fleiru. Nú í vor ákváðum við síðan að bæta við ræktun á kartöflum. Afurðirnar höfum við selt beint frá býli."

Markmiðið að byggja upp hægt og rólega

Að sögn Andreu hafa þau einnig verið að prófa sig áfram með framleiðslu á eigin moltu.

Markmiðið sé að reyna að byggja upp ræktunina hægt og rólega án þess að fara út í miklar fjárfestingar.

/smh

Innviðaráðuneytið:

Stutt við rekstur verslana í dreifbýli

Innviðaráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög til þess að reka dagvöruverslanir í minni byggðarlögum vítt um landið.

Markmið aðgerðarinnar er að styðja við rekstur dagvöruverslana í minni byggðarlögum fjarri stórum byggðakjörnum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu. Framlögin eru veitt á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022–2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð A.9 Verslun í dreifbýli.

Allt að 18 milljónum kr. verður veitt vegna ársins 2026. Annars vegar er hægt að sækja um rekstrarstyrk og hins vegar styrk til búnaðarkaupa. Umsækjendur skulu taka mið af úthlutunarreglum innviðaráðherra og auglýsingu um styrkina sem sjá má á heimasíðu innviðaráðuneytisins.

Umsóknarfrestur er til miðnættis sunnudaginn 9. nóvember 2025. Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í desember 2025.

/ph





Asparglyttan (Phratora vitellinae) herjar á gulvíði, viðju og ösp. Vestfirðir eru nú eina asparglyttulausa svæði landsins og staðan verst á Suðurlandi. Mynd / Wikipedia-Val Ferret

Skógar:

Skaðvaldar áttu gott sumar

– Ástand skóga þó þokkalegt í ár

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Skaðvaldar í skógum sóttu í sig veðrið á nýliðnu sumri. Birkiþélufaraldur varð á Héraði og asparglyttan er búin að hasla sér völl í Hallormsstað.

„Í heildina litið er ástand skóga nokkuð gott í ár," segja Brynja Hrafnkelsdóttir og Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingar hjá Landi og skógi. „Það eru ekki bara skaðvaldarnir sem hagnast af svona góðu vori og hlýju, röku sumri, heldur fá plönturnar líka meiri orku til að berjast gegn meindýrum og sjúkdómum," segja þær.

Eftir sumarið bar hvað mest á skemmdum af völdum asparglyttu á víðitegundum og ösp, birkikembu og birkiþélu á birki ásamt ryðsveppum á birki, víði og ösp.

Birkið plagað af kembu og þélu

„Í ár var mikið um birkiryð á öllu landinu en það varð mjög áberandi eftir miðjan ágúst þegar birkið tók að gulna vegna þessa ryðsvepps. Birkiryð er mjög misjafnt eftir árum og fer það eftir veðurfari sem var hagstætt í sumar.

Birkikemba og birkiþéla halda áfram að valda skemmdum á birki en þó mismikið eftir landshlutum. Það má segja að alvarlegustu skemmdirnar á birki af völdum birkiþélunnar hafi verið á Héraði í ár en hún er tiltölulega nýkomin á Austurlandið og hefur valdið faraldri þar," segja Brynja og Helga. Á Norður- og Vesturlandi haldi birkiþélan áfram að dreifa sér og valdi þar miklu tjóni.

Asparglytta komin á Austurland

Víðiryð er ryðsveppur sem leggst á víði og naut hann einnig góðs af hagstæðu tíðarfari í sumar þar sem mikið var af víðiryði, sérstaklega á gulvíði, í öllum landshlutum.

„Skemmdir af völdum asparryðs voru í heildina undir meðallagi á landinu í ár, að undanskildu Suðurlandi þar sem talsvert var af asparryði á öspum en þó er það svæðisbundið að einhverju leyti þar sem það hefur verið viðvarandi síðustu ár, t.d. í uppsveitum Árnessýslu," segja þær jafnframt.

Einna mest hafi borið á skemmdum á gulvíði, viðju og ösp af völdum asparglyttunnar. „Hún finnst orðið í öllum landshlutum, að undanskildum Vestfjörðum, þar sem hún fannst nú í fyrsta skipti á Austurlandi, bæði á Egilsstöðum og í Hallormsstað. Dreifing hennar þar er enn sem komið er mjög staðbundin svo skemmdir eru ekki miklar fyrir austan," segja þær enn fremur.



Birkiþéla (Scolioneura betuleti) er tiltölulega nýfundin á Austurlandi og hefur valdið skemmdum á birki á Héraði. Mynd / Wikimedia-Donald Hobern

Faraldur hafi orðið á Vesturlandi og á Norðurlandi hafi asparglytta verið að aukast jafnt og þétt. Staðan sé hins vegar einna verst á Suðurlandi þar sem afleiðingar asparglyttufaraldra undanfarinna ára sjáist vel á gulvíði og viðju og töluvert sé af trjádauða á svæðinu vegna hennar. Að sögn Brynju og Helgu er einnig töluvert um illa farna ösp á Suðurlandi, líklega afleiðingar slæmra aðstæðna undanfarinna ára eins og veðurfarsskemmda, sérstaklega vorkalsins árið 2023, í samspili við endurteknar árlegar skemmdir af völdum asparryðs og asparglyttu.

Aðrar tegundir misvel staddar

Aðeins bar á veðurfarsskemmdum á trjágróðri eftir síðasta vetur, t.d. sviðnun á furu eftir vind- og saltskaða og gulnun eða visnun vegna þurrks í sumar á viðkvæmum trjátegundum.

„Í heildina er lerki að koma ágætlega út en þó ber á skemmdum sem eru afleiðingar veðurfars undanfarinna ára, sérstaklega vorhretsins árið 2023, þar sem töluvert má finna af illa útleiknum eða dauðum lerkiplöntum víðs vegar um landið. Einnig hefur aðeins borið á skemmdum af völdum lerkibarrfellis á lerki á Norður- og Austurlandi. Greni er almennt að koma vel út í ár og lítið um alvarlegar skemmdir, má þá einna helst nefna veðurfarsskemmdir, könguling og greniryð," segja þær.

Náttúrulegir óvinir óværunnar

Vesputegund sem lifir á birkiþélu (ekki komið tegundaheiti) heldur áfram að dreifa sér og finnst nú meira og minna í Reykholti í Borgarfirði, suður yfir landið upp í Skaftafell og einnig er hún komin í Eyjafjörðinn. Brynja og Helga segja greinilega sjást að birkið sé aðeins grænna á þeim stöðum þar sem hún er búin að nema land.

„Asparglytta virðist hins vegar ekki eiga marga náttúrulega óvini hérlendis en þó eru þeir einhverjir. Trjónutíta, sem lifir meðal annars á asparglyttueggjum erlendis, heldur áfram að dreifa sér um landið. Einnig hefur borið á því að sveppur sem lifir sníkjulífi á skordýrum hafi verið að leggjast á fullorðnar asparglyttubjöllur sem legið hafa í dvala yfir veturinn," segja þær.

Barkarbjalla veldur óvissu

Vorið 2024 fundust barkarbjöllur í fyrsta skipti í íslenskri náttúru. Enn sem komið er hafa þær einungis fundist á grenitrjábolum sem liggja úti í skógi og ekki utan höfuðborgarsvæðisins. Ekki er vitað hvaða afleiðingar þetta muni hafa á grenirækt á Íslandi en stefnt er á að fara í frekari rannsóknir næsta sumar.

Aðspurðar um útlitið fyrir næsta sumar segja þær Brynja og Helga að hitasumman hafi verið frekar há síðasta sumar og muni það líklega stækka suma meindýrastofna með þeim afleiðingum að það geti orðið meira um skemmdir næsta sumar.

„Sem betur fer er ekki mikill trjádauði af völdum skaðvalda enn sem komið er á Íslandi. Undantekningin þar á eru ef til vill afleiðingar ágangs asparglyttu á viðju og gulvíði á þeim svæðum sem hún hefur verið lengst. Einnig hafa nýir skaðvaldar á birki mjög líklega neikvæð áhrif á vöxt og fræframleiðslu þess og áhyggjuefni hvernig birkið bregst við síendurteknum áhrifum þar sem einhver áhrif mismunandi skaðvalda geta náð yfir nær allt vaxtartímabil þess," segja þær að lokum.

can-am®

NÝ OG ENDURHÖNNUÐ SEXHJÓL

Forpantanir hafnar

Verð frá 2.540.000kr + VSK



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Kristján Oddsson tók við viðurkenningunni fyrir hönd þeirra hjóna á Neðra-Hálsi ásamt Helga Rafni Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Biobús, sem tók við viðurkenningunni fyrir hönd fyrirtækisins.

Lífræn framleiðsla:

Neðri-Háls í Kjós og Biobú hlutu viðurkenningu

Hjónin Kristján Oddsson og Dóra Ruf á Neðra-Hálsi í Kjós og Biobú ehf. hlutu viðurkenningu atvinnuvegaráðherra fyrir framúrskarandi árangur í lífrænni framleiðslu. Viðurkenningin var afhent í fyrsta skipti á lífræna deginum 20. september sl.

„Á Neðra-Hálsi í Kjós hafa þau Kristján og Dóra byggt upp lífræna mjólkurframleiðslu af miklum metnaði og trú á að hægt sé að framleiða hágæða matvæli á sjálfbæran hátt í sátt við náttúruna. Þau eru jafnframt stofnendur Biobús, fyrirtækis sem margir neytendur þekkja í dag fyrir fjölbreytt úrval lífrænna mjólkurvara. Þótti því við hæfi að heiðra bæði hjónin og fyrirtækið með þessari viðurkenningu," segir í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu.

Enn fremur segir: „Kristján og Dóra hafa allt frá upphafi verið í fararbroddi lífræns landbúnaðar á Íslandi. Fyrst sem bændur að stíga ótroðnar slóðir í lífrænni mjólkurframleiðslu og síðar með því að koma lífrænum mjólkurvörum á markað sem hafa fengið góðar viðtökur. Með krafti sínum hafa þau skapað verðmæti og störf, en jafnframt hvatt aðra til að taka þátt í þróun lífrænnar framleiðslu hér á landi."

Hjónin stofnuðu Biobú ehf. í júlí 2002. Biobú er fyrsta mjólkurvinnslan á Íslandi sem sérhæfir sig í framleiðslu lífrænna mjólkurvara og fer öll framleiðsla fyrirtækisins fram samkvæmt reglum um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Biobú hóf sölu á lífrænni jógúrt 3. júní 2003 og hefur síðan bætt við vöruúrvalið hjá sér.

Atvinnuvegaráðuneytið óskaði eftir tilnefningum til verðlaunanna og komu til greina einstaklingar, fyrirtæki og félög sem þykja hafa skarað fram úr á sviði framleiðslu, nýsköpunar, vöruþróunar, markaðssetningar og sölu eða kynningar á lífrænum vörum. Afhending viðurkenningarinnar er hluti af aðgerðaáætlun til eflingar lífrænni framleiðslu. */ph*





Samkvæmt Rafni Bergssyni hafa gæði nautakjötsframleiðslunnar aukist, en þar sem greinin er smá sé erfitt að framleiða mikið magn í tilteknum gæðaflokkum. Myndir / ál

Nautgriparækt:

Slæm afkoma hamlar nautakjötsframleiðslu

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins kom fram að Íslendingar ná ekki að anna eftirspurn eftir nautakjöti og er innflutningur algengur. Rafn Bergsson, formaður Deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir ástæðuna fyrst og fremst vera þá að afkoman í greininni er ekki nægjanlega góð.

Hann segir sláturleyfishafa bera fyrir sig að samkeppni við innflutning bjóði ekki upp á frekari verðhækkanir til bænda. „Frá 2018 til 2020 hækkaði afurðaverð ekkert en á sama tíma hækkuðu aðföng. Síðan þá hefur verðið verið að þokast upp á við og og ég vil trúa því að það sé nú orðið betri rekstrargrundvöllur í þessari grein heldur en verið hefur," segir Rafn.

Gæðin hafa aukist

Hann bætir við að vegna smæðar íslenskrar framleiðslu sé talsverð áskorun að framleiða mikið magn í tilteknum gæðum, en í síðasta tölublaði Bændablaðsins kom enn fremur fram að ein helsta ástæðan fyrir áhuga veitingamanna á innfluttu hráefni sé að þar geti þeir treyst á stöðug gæði.

„Gæði íslensks nautakjöts hafa hins vegar stóraukist á síðustu árum ef maður horfir til þeirrar gæðaflokkunar sem bændur fá borgað eftir. Nú fer stærri hluti gripanna í betri flokka en var áður, sem er jákvæð þróun. Aðalástæðan er að fleiri og fleiri bændur eru farnir að vanda sína framleiðslu, en svo er líka farið að koma meira af þessum angus-gripum sem eru sérhæfðir kjötframleiðslugripir.

Við erum að byrja að nota kyngreint sæði í kýr sem gefur möguleika til þess að bændur geti sætt lakari kýrnar með holdanautasæði og fengið þá meira af angus-blendingum. Það skilar betri gripum sem eru betur gerðir og með mun meiri vaxtarhraða en hinir íslensku. Ég vil meina að það sé bjartara yfir í nautgripaframleiðslu og betri tækifæri en hefur verið," segir Rafn.



Rafn Bergsson, formaður Deildar nautgripabænda í Bændasamtökum Íslands, segir afkomuna af nautakjötsframleiðslu þurfa að vera meiri til þess að hægt sé að anna eftirspurn.

Breytingar skila sér ekki strax

Í nautakjötsframleiðslu sé hins vegar langur framleiðslutími og breytingar ekki alltaf fljótar að skila sér. „Meðgöngutíminn hjá kúnni er rúmir níu mánuðir. Kálfinn þarf svo að ala og er nautið tilbúið til slátrunar 22 til 24 mánaða. Þannig að við erum farin að slá í þrjú ár frá því að kýrin festir fang þangað til að varan er komin til neytenda.

Breytingar gerast því hægt og bændur eru kannski ekki alveg tilbúnir að hoppa á vagninn af því að þeir vita að þetta er mjög langur og dýr ferill. Þeir þurfa að leggja töluvert mikla fjármuni í þetta áður en þeir fá eitthvað til baka," segir Rafn. */ál*

Atvinnuvegaráðuneytið:

Auglýst eftir umsóknum í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2026.

Sjóðurinn fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila. Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að (1) öryggi ferðamanna, (2) náttúruvernd, viðhaldi og uppbyggingu ferðamannastaða og ferðamannaleiða og (3) fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda.

Samkvæmt ákvörðun atvinnuvegaráðherra mun sérstök áhersla verða lögð á öryggismál á ferðamannastöðum við úrvinnslu umsókna. Gæðamat sjóðsins mun taka mið af þessari áherslu og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér nýtt gæðamatsblað sjóðsins.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum island.is. Umsóknartímabil er frá 7. október til 4. nóvember kl. 13.00. */ph*

AFLVÉLAR

FRUMSÝNUM NÝJAR VÖRUR Á IÐNAÐARSÝNINGUNNI Í LAUGARDALSHÖLL 9-11 OKT.

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG Á BÁS B18!

NÝTT!

LONCIN

Kynnum til sögunnar **XWOLF 1000 & 700 MUD.**
Vertu með þegar við frumsýnum þau á Iðnaðarsýningunni.

NÝTT!

XWOLF 1000



XWOLF 700 MUD



NÝTT!



NÝTT!



ACCESS MOTOR

Við kynnum **Access** fjórhjólin
Öflug leiktæki sem sameina
afl, stöðugleika og skemmtun.

i-team

NÝTT!

Við kynnum nýjungar frá i-team:
i-mop 40, **i-walk** & **co-botic 1900** -
í fyrsta sinn á Íslandi.









IÐNAÐARSÝNINGIN | BÁS B18 | SÍMI 480 0000



Snæfellsnes verður vistvangur UNESCO

Snæfellsnes verður fyrsti vistvangur UNESCO (Biosphere Reserve) á Íslandi. Í tilkynningu á vef Grundarfjarðarbæjar segir að vistvangur nýti náttúru- og félagsvísindi sem grunn til að auka lífsgæði íbúa og stuðla að sjálfbærri þróun, með farsælu samspili umhverfis, mannlífs og menningar.

Á Snæfellsnesi er Snæfellsjökulsþjóðgarður, sem stofnaður var 2001. Landsvæði þjóðgarðsins verður kjarnasvæði fyrir nýja vistvanginn á Snæfellsnesi og verða þjóðgarðurinn og Svæðisgarðurinn Snæfellsnes, samstarfsaðilar í verkefninu.

Um 759 svæði teljast til vistvanga

„Að frumkvæði sveitarfélaganna á Snæfellsnesi var hafin skoðun á því árið 2020 hvað fælist í aðild að UNESCO vistvangi. Niðurstaða þeirrar vinnu var að Snæfellsnes félli vel að þeim viðmiðum sem UNESCO vistvangar setja. Með því að gerast vistvangur fengi Snæfellsnes aðgang að dýrmætri þekkingu og reynslu annarra slíkra svæða á því hvernig hægt sé að flétta sjálfbæra þróun, þekkingu á átthögum, umhverfi og menningu við markvissa uppbyggingu atvinnulífs," segir í tilkynningunni.

„Auk þess fælist í því aðild að „vörumerki" UNESCO, sem er eitt það þekktasta í heiminum. Í framhaldinu var unnið að gerð umsóknar á vegum stýrihóps sem skipaður var af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, undir stjórn fulltrúa Snæfellinga, og var henni skilað í september 2024," segir þar enn fremur.

Um 759 svæði teljast til vistvanga í heiminum í 136 löndum. Þar af eru 25 sem liggja á milli landa.

Þessi svæði ná yfir meira en 5% af yfirborði jarðar og þar búa um 300 milljónir manna. Vistvanga er að finna á hinum Norðurlöndunum, flestir þeirra eru í Svíþjóð.

/smh



Talið er að allt að 95 þúsund rúmmetrum timburs sé hent á Íslandi á ári hverju. Nýsköpunarfyrirtækið Timber recycling mun endurvinna timburúrgang og umbreyta í timbureiningar fyrir byggingariðnað. Myndir / Aðsendar

Endurvinnsla:

Hátt í hundrað þúsund rúmmetrum timburs hent

– Nýsköpunarfyrirtæki endurvinnur timburúrgang

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Timber recycling ehf. mun endurvinna timburúrgang og breyta honum í timbureiningar fyrir byggingariðnað.

Timber recycling ehf., fyrirtæki í eigu Högna Stefáns Þorgeirssonar, á að endurvinna timburúrgang og umbreyta í hágæða timbureiningar fyrir byggingariðnaðinn. Með því að nýta timbureiningar unnar úr úrgangstimbri í stað nýrra viðarefna, hyggst Högni stuðla að minni sóun, lægra kolefnisspori og sjálfbærari byggingarlausnum.

Gríðarmiklu hent

„Þetta snýst um að taka timbur sem náð hefur endastöð í núverandi kerfi og veita því framhaldslíf. Það gæti verið í formi ýmissa gæðagripa, t.d. stóla, borða, gólfefnis, veggfjala o.fl.," segir Högni. Hann er forstjóri og eigandi Timber recycling og segist hafa fengið góða ráðgjöf frá mörgum til þess bærum aðilum. Verkefnið sé í raun og veru mikilvægt á heimsvísu.

„Á Íslandi er hent 90-95 þúsund rúmmetrum af timbri á hverju ári, en það er eins og að þéttraða timbrinu á fótboltavöll og nær það fjall 16 metra upp í loft, eða svona eins og sjö hæða blokk," útskýrir Högni. Hann telur skipta miklu máli að unnið sé úr þessu affallstimbri og þannig stuðlað að sjálfbærari framtíð á grunni hins gamla efniviðar.

Um þessar mundir er Högni að kanna úrvinnslumöguleika. „Við erum að líma saman bita og gera klára fyrir álagsprófanir," segir hann.

Góður meðbyr

Högni var með verkefnið í viðskiptahraðlinum Hringiðu í fyrra, en það er prógramm til að aðstoða íslensk nýsköpunarfyrirtæki sem vinna að grænum lausnum við að koma hugmyndum sínum hratt og vel áfram.

Hann segist ekki hafa mætt neinum sérstökum fyrirstöðum í verkefninu, móttökur séu almennt góðar.

„Ég bara sé ekki erfiðleika í því sem ég er að gera. Aðeins mismunandi flækjustig í verkefnum," segir hann. „Fyrst hélt ég að það yrði erfitt að sannfæra fólk um ágæti verkefnisins, en svo reyndist alls ekki vera. Það virðast allir skilja ágæti og mikilvægi þess."



Högni Stefán Þorgeirsson.

Meginmarkmið fyrirtækisins verður að framleiða vörur fyrir byggingariðnaðinn og þegar fram líða stundir að vinna úr æ meira hráefni og auka vöruúrval. */sá*

Skeifan fasteignasala
Síðan 1985
skeifan.is
Sími 568 5556

NEÐSTALEITI 28 - REYKJAVÍK



Mjög fallegt parhús á tveimur hæðum, samtals um 300 fm.
Bílskúr. Góðar stofur. 5 svefnherbergi.
Góð og vel staðsett eign, miðsvæðis í borginni.
Fallegt útsýni.
Hugsanleg skipti á jörðum á suður- og vesturlandi
með góðum húsakosti. Ferðaþjónusta og/eða hótel.

Mýrdalshreppur:

Styrkur til jarðhitavæðingar

Mýrdalshreppur fékk nýlega myndarlegan styrk úr Loftslags- og orkusjóði, eða 176,5 milljónir króna, en peningurinn fer í jarðhitavæðingu í Vík í Mýrdal, sem mun án nokkurs vafa skila samfélaginu í Vík gríðarlegum ábata til framtíðar.

„Ég upplifi mikla spennu hjá íbúum sveitarfélagsins fyrir þessu verkefni. Það fylgir því gríðarlegur kostnaður að kynda húsnæði með rafmagni og uppbygging síðustu ára hefur gert það að verkum að dreifikerfi raforku er að mestu fullnýtt. Frekari uppbygging er því háð aukinni orkuöflun og ef vel tekst til þá mun hitaveita styðja vel við áframhaldandi vöxt samfélagsins. Verkefnið er afurð samstarfs RARIK og sveitarfélagsins og gerir okkur kleift að ráðast í frekari rannsóknir og tilraunaboranir til að kortleggja hvar best sé að bora vinnsluholur og unnið verður með ÍSOR að frekari greiningu á fyrirliggjandi gögnum," segir Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri þegar leitað var viðbragða hans við styrknum.

Tilraunaboranir á næsta ári

Einar Freyr segir að Mýrdalshreppur hafi verið í örum vexti og sveitarfélagið hafi auk þess unnið að umfangsmiklum innviðafjárfestingum og áformar enn frekari uppbyggingu. „Styrkur, sem þessi og gott samstarf við RARIK er lykilforsenda þess að hægt verði að ráðast í jarðhitaleit hratt og vel. Vonir standa til þess að hægt sé að hefja nauðsynlega gagnavinnu nú þegar og að tilraunaboranir geti farið fram árið 2026.

Það er auðvitað skrifað í skýin hvort jarðhitaleitin beri árangur en ég er fyrir mitt leyti bjartsýnn á að svo verði. Vitað er að heitt vatn er að finna í berggrunninum en einnig eru fordæmi fyrir nýtingu lághita ef því væri að skipta.

Þetta er spennandi verkefni sem mun vonandi tryggja okkur aukið orkuöryggi og mikinn efnahagslegan og samfélagslegan ávinning," segir Einar Freyr.

Rarik fólk í skýjunum

„Við hjá Rarik erum algjörlega í skýjunum yfir þessum styrk og verkefninu í heild sinni. Rarik á og rekur fjórar hitaveitur og býr yfir mikilli þekkingu, mannskap og reynslu af rekstri þeirra. Við teljum að hitaveituvæðing Víkur í Mýrdal sé þjóðhagslega hagkvæm framkvæmd, sem auki lífsgæði íbúa og samkeppnishæfni svæðisins. Nú þegar fara um tveir þriðju hlutar af raforkunotkun á Vík til húshitunar og gæti hitaveituvæðing því losað um verðmæta raforku, létt á rafdreifikerfinu og aukið orkuafhendingaröryggi," segir Kristín Soffía Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Þróunar og framtíðar hjá Rarik. */mhh*

YLJUM OKKUR

MEÐ ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU – NÁTTÚRULEGA

Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins, en samt einhvern veginn aldrei eins. Allir eiga sína uppáhalds kjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Frá upphafi byggðar hefur hún fært okkur yl í kroppinn og kraftmikla næringu.

Hráefnið er úrval af öllu því besta sem íslenskir bændur bjóða: Nýsprottið grænmeti og hollt íslenskt lambakjöt, framleitt á fjölskyldubúum við einstakar aðstæður og alið á villtri íslenskri náttúru, laust við erfðabreytingar og aukaefni – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

Gróðurhúsið Bjarkarás:

Elsta starfandi lífrænt vottaða garðyrkjustöðin

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is





Svava Rafnsdóttir, garðyrkjufræðingur í Bjarkarási, með viðurkenninguna um „Verknámsstað garðyrkjunnar“. Myndir / smh

Gróðurhúsið Bjarkarás í Fossvoginum í Reykjavík var byggt af Ási styrktarfélagi 1991 og tekið í notkun 1993. Það fékk lífræna vottun frá Túni árið 1996 en það tekur að jafnaði 3 ár í aðlögun að fá slíka vottun. Gróðurhúsið var með fyrstu stöðvunum til að fá slíka vottun.

Eftir að Sólheimar gáfu vottunina upp á bátinn árið 2023 er Bjarkarás elsta starfandi lífrænt vottaða garðyrkjustöðin. Nú er stefnt að stækkun stöðvarinnar.

Margar tegundir í skiptiræktun

Gróðurhúsið er ekki stórt, um 180 fermetrar, en þar eru þó í ræktun þrjú tómatayrki, tvö gúrkuyrki, paprika, chili og svo ýmislegt annað í smáum stíl eins og maís, kúrbítur, eggaldin, melónur og baunir. Að sögn Svövu Rafnsdóttur, sem er garðyrkjufræðingur og hefur gegnt stöðu ræktunarstjóra frá 1. maí 2015, er stunduð skiptiræktun þannig að misjafnt er eftir árum hvað er ræktað.



Þrjú tómatayrki eru í ræktun í Bjarkarási.

Einnig er um 320 fermetra útisvæði fyrir grænmetisræktun og þar hafa ýmsar tegundir verið í ræktun enda skiptiræktun þar einnig. Meðal tegunda má nefna gulrætur, hnúðkál, fennel, sellerí, grænkál, hvítkál, gulrófur, pak choi, rauðrófur, blaðlaukur, vorlaukur, salat og kryddjurtir.

Enginn tilbúinn áburður og engin eiturefni

Í lífrænni vottaðri ræktun er farið eftir settum reglum sem gilda um slíka ræktun og Vottunarstofan Tún sér um að votta framleiðsluna. Enginn tilbúinn áburður er leyfilegur, en í Gróðurhúsinu í Bjarkarási er notaður hrossaskítur, þörungamjöl og fljótandi þörungaáburður. Einnig áburður sem unninn er úr gerjuðum sykurreyr og vínberjahrati.

Engin eiturefni eru notuð né önnur hefðbundin varnarefni, heldur lífræn sápa og lífrænar varnir, til dæmis ránsvespur. Allt sem fellur til í ræktuninni fer í safnhaug sem verður svo að góðri gróðurmold sem er notuð á stöðinni.

Afurðirnar seldar á nokkrum stöðum

Grænmetið frá Gróðurhúsinu í Bjarkarási er selt á nokkrum stöðum; í Hygge-bakaríinu í Grímsbæ sem áður hét Brauðhúsið, í Fjarðarkaupum, í Melabúðinni og í áskriftasölu beint frá gróðurhúsinu. Þá kaupir Ás styrktarfélag grænmeti af stöðinni til nota í eldhúsinu þar sem útbúnar eru máltíðir fyrir starfsmenn Áss.

Starfsmenn gróðurhússins auk Svövu og Ragnhildar eru Sigrún Hallgrímsdóttir tómstundafræðingur og Hartmann Antonsson þroskaþjálfi. Einnig er starfsfólk í vinnu og virkni frá Ási styrktarfélagi enda er gróðurhúsið í Bjarkarási fyrst og fremst hugsað sem vinnustaður fyrir fólk með þroskahömlun.



Ragnhildur Þórarinsdóttir, þroskaþjálfi og garðyrkjunemi, stundar verknám í Bjarkarási, og Svava Rafnsdóttir ræktunarstjóri í gróðurhúsinu. Það er hluti af námi Ragnhildar við Garðyrkjuskólann á Reykjum. Gróðurhúsið í Bjarkarási var einmitt útnefndur verknámsstaður ársins á viðburði á Reykjum á sumardaginn fyrsta síðastliðinn.

Skeifan fasteignasala
Síðan 1985
skeifan.is
Sími 568 5556
Urriðakvísl 18 - 110 Reykjavík



Glæsilegt einbýlishús jarðhæð, miðhæð og ris,
samtals 413 fm. ásamt 52.9 fm. tvöföldum bílskúr.
Heildarstærð 466.1 fm. Auka íbúð á jarðhæð.
Frábær staðsetning. Mjög fallegt útsýni.
Verð kr. 298.000.000.
Hugsanleg skipti á jörðum á suður- og vesturlandi,
með góðum húsakosti. Ferðaþjónusta og/eða hótel.

Háskólinn á Hólum:

Sérhæft íslenskt járningamannapróf

Í haust hófst nýtt nám við Háskólann á Hólum, sérhæft íslenskt járningamannapróf. Námið miðar að því að nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til að uppfylla alþjóðlega gæðastaðla og prófkröfur sem gilda um starfsréttindi járningamanna. Sérstök áhersla er lögð á járningar og gangtegundir íslenska hestsins.

Vantar meiri fagþekkingu

Þótt grunnatriði í hófhirðu og járningum hafi verið kennd við skólann um áratugaskeið markar námið algjör tímamót í menntun á þessu sviði við skólann. Kristján Elvar Gíslason, járningameistari skólans, og norski járningameistarinn Aksel Vibe bera hitann og þungann af kennslunni en auk þeirra koma fleiri sérfræðingar þar að. Námið spannar eitt skólaár og skiptist í lotukennslu á Hólum og fjarnám. Öll aðstaða og búnaður til kennslunnar á Hólum er fyrsta flokks eftir gagngerar umbætur á árinu. Heimastuðningurinn við framkvæmdirnar var ómetanlegur en KS styrkti skólann myndarlega.

„Námið er einungis í boði fyrir mjög vana járningamenn sem eru að lágmarki með fimm ára reynslu, enda gerðar miklar kröfur til að standast lokapróf. Þörfin fyrir fleiri fagmenntaða járningamenn með sérþekkingu á járningum ganghestakynja er mjög skýr. Þeir sem ljúka þessu námi koma einnig til með að verða okkar samstarfsaðilar og verknámskennarar í framtíðinni fyrir verklega kennslu í grunnnámi sem er í undirbúningi. Okkur vantar almennt meiri grunnþekkingu á járningu á íslenskum hrossum, bæði hérlendis og erlendis,“ segir Kristján Elvar, en hann hefur ferðast um allan heim síðustu sautján árin að járna íslensk hross.

Mennt er máttur

Íslenskum hestum erlendis fer fjölgandi og segist Elvar finna



fyrir aukinni eftirspurn eftir járningamönnum með þekkingu á að járna íslensk hross.

„Mennt er máttur, það er bara þannig. Eftir útskrift hafa nemendur faglega getu til að starfa sem sérfræðingar við járningar íslenskra hesta og standast réttindakröfur sem gerir þeim kleift að járna nánast alls staðar í heiminum en víða í Evrópu er það þannig að það er bannað að vera ólærður og járna hross. Markaðurinn er alþjóðlegur og við sjáum fyrir okkur í framtíðinni að fá bæði íslenska og erlenda nemendur í námið.“ */hf*

EYLÍF

Active **JOINTS**



Active **JOINTS** kemur sterkt inn, kröftugt og hreint bætiefni

Gunnur Róbertsdóttir, sjúkraþjálfari og náttúruhlaupari.



Ég er ekki lengur með óþægindi í liðum og orkan hefur aukist eftir að ég byrjaði að taka inn Active **JOINTS**

Friðrik Benediktsson, langhlaupari

Active **JOINTS** fyrir liði, bein og bandvef. Flýtir endurheimt.

Hrein íslensk gæðahráefni, framleitt á Grenivík

Active **JOINTS** frá Eylíf fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Nettó, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Krónunni. Allar nánari upplýsingar eru á eylif.is.



Ný frönsk-ítölsk rannsókn leiðir í ljós að ský geyma mikið magn varnarefna. Hér má sjá naut í haga undir skýjuðum himni í suðvesturhluta Frakklands, en talið er að gífurlegt magn varnarefna; illgresiseyðis, skordýraeiturs, sveppaeiturs og niðurbrotsefna þeirra, sé á sveimi yfir landinu, berist langar leiðir og falli niður með úrkomu. Myndir / sá

Varnarefni:

Eitrinu rignir úr skýjunum

– Efnin berast langar leiðir í andrúmsloftinu

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Í nýrri fransk-ítalskri rannsókn á styrk varnarefna í andrúmslofti kom verulega á óvart hversu gífurlegt magn þeirra geymist í skýjum og fellur til jarðar með úrkomu.

Varnarefni finnast víða í andrúmslofti Jarðar, sem hefur í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið og heilsu manna vegna þess að efnin geta dreifst langar leiðir. Talið er að um það bil 2,6 milljónir tonna af virkum varnarefnum séu notuð á heimsvísu á hverju ári og að umtalsverður hluti þeirra fari út í andrúmsloftið.

Varnarefni berast í andrúmsloft eftir ýmsum leiðum, þar á meðal sem úðarek við notkun, uppgufun frá meðhöndluðum og ræktuðum jarðvegi, með vindrofi úr menguðum jarðvegi og sem losun frá framleiðslu- og förgunarferlum.

Varnarefnin í skýjunum

Í nýrri fransk-ítalskri rannsókn sem birst hefur víða, kemur fram að gífurlegt magn varnarefna sé á sveimi í andrúmslofti Jarðar. Í Frakklandi sýndu t.a.m. sex prófanir á mismunandi árstíma að á bilinu 6 til 140 tonn af skordýraeitri eru í andrúmsloftinu yfir landinu og falla til jarðar með regnvatni. Í 40% prófana var meira magn varnarefna en í löglegu hámarki fyrir drykkjarvatn.

Í grein franska dagblaðsins Le Monde í fyrri mánuði er fjallað um rannsóknina og greint frá að ský reynist vera mun stærri varnarefnageymslur en búist hafði verið við. Á hverjum sólarhring falli mikið magn virkra efna (illgresiseyðis, skordýraeiturs, sveppaeiturs og niðurbrotsefna þeirra) á jörðina með rigningu.

„Þegar ég setti þetta verkefni af stað bjóst ég við að finna nokkur kíló varnarefna," segir Angelica Bianco, vísindamaður við CNRS, Clermont-Auvergne-háskóla, og aðalhöfundur rannsóknarinnar. „Á endanum eru niðurstöðurnar mjög mismunandi: það fer eftir skýjahulunni á hverjum tíma en á milli 6 og 140 tonn af varnarefnum streyma um franska himininn og dreifast langar leiðir," sagði Bianco í samtali við Le Monde.

Áhrif á fjarlæg svæði

Helmingur sýna sem tekin voru sýndi heildarstyrk skordýraeiturs yfir 0,5 µg L–1, sem eru neysluvatnsmörk í Evrópu. Ef 2,4-dinitrófenól, sem einnig er hægt að framleiða með ljósefnahvörfum, er undanskilið, sýna tvö sýni samt heildarstyrk yfir 0,5 µg L–1. Tíð greining varnarefna í regnvatni getur því verið háð tilvist þeirra í skýjum sem og útskolun andrúmsloftsins.

Áætlanir um magn varnarefna í skýjum yfir Frakklandi, á bilinu 6,4 ± 3,2 til 139 ± 75 tonn, benda til þess að magn þeirra í skýjavatnsfasanum sé mögulega mikið og að þessi efnasambönd hafi áhrif á svæði sem ekki verða fyrir beinum áhrifum af landbúnaðarstarfsemi þar sem efnin eru notuð.

Umhverfisþættir skipta máli

Hærra lofthitastig eykur rokgirni varnarefna verulega. Mikill vindhraði stuðlar að aukinni rokgirni og úðaflæði, sem hefur áhrif á styrk, útfellingarstað og flutningsfjarlægð varnarefna í lofti. Mikill raki í lofti getur aukið rokgjörn varnarefni frá yfirborði plantna, þótt það geti hindrað losun ef varnarefnið er þegar aðsogað á yfirborð plantna.

Rigning og snjór stuðla að blautri útfellingu varnarefna, flytja þau úr andrúmsloftinu í yfirborðsvatn og jarðveg. Styrkur varnarefna í lofti og úrkomu er venjulega hærri á vorin og sumrin vegna notkunartíma og hitastigs.

Styrkur varnarefna sem nú eru notuð hefur tilhneigingu til að lækka með aukinni hæð, en lífræn klórvarnarefni (OCP) sýna meira magn í mismunandi hæð, sem bendir til mismunandi áhrifa frá staðbundnum uppsprettum og langdrægum tilflutningi.

Helstu skaðvaldar

Mörg varnarefni hafa fundist í andrúmslofti í fjölmörgum löndum, þar á meðal lífræn klór- og fosfatvarnarefni, illgresiseyðir og sveppaeitur. Helstu dæmi um skordýraeitur eru 4,4'-díklórdífenýldíklóretan (DDD), 4,4'-díklórdífenýldíklóretýlen (DDE) og α-endósúlfan. Eldri OCP-efni eins og hexaklórsýklóhexan (HCH) og hexaklórbensen (HCB) hafa fundist á afskekktum svæðum, sem bendir til langdrægra tilflutninga í andrúmslofti frá fjarlægum slóðum. Þá má nefna lífrænt fosfat-skordýraeitur, klórpýrifos, og díasínon er einnig algengt.

Sem dæmi um illgresiseyða og sveppaeyða í andrúmslofti má einkum nefna glýfosat en oftast klórtalóníl og folpet meðal sveppaeiturs, sem oft finnast í fínu svifryki.

Rannsóknir benda til að þegar ákveðin varnarefni eru aðsoguð á agnir í andrúmsloftinu, hafi þau umtalsvert lengri helmingunartíma en áður var áætlað miðað við gasfasa þeirra eingöngu. Til dæmis hafa rannsóknir sýnt fram á helmingunartíma á bilinu þrjá daga (cyprodinil) upp í meira en mánuð (folpet), yfir tveggja daga þröskuldinn fyrir þrávirk lífræn efni sem sett eru í Stokkhólmssamningnum (alþjóðlegur sáttmáli frá árinu 2001 til að vernda heilsu manna og umhverfið gegn efnum sem brotna hægt niður í náttúrunni, dreifast langar vegalengdir um jörðina, safnast í fituvefi lífvera og hafa skaðleg áhrif á heilsu eða á umhverfið).



Verulega kom á óvart hversu ský reyndust geyma mikið magn varnarefna. Styrkur þeirra í úrkomu getur náð langt yfir ráðlögð heilsuverndarmörk neysluvatns.



Hausttilboð

Steinar úr graníti.

Sjá má liti og stærðir á heimasíðu.
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.
Frí sending um allt land.
Geymum steina ef óskað er.

STEINSMIÐJA AKUREYRAR
steinsmidjaakureyrar.is



Tilboð 1 (steinn 101) - 545.000



Tilboð 2 (steinn 103) - 498.000



Tilboð 3 (steinn 105) - 498.000



öfn

Tilboð 4 (steinn 252) - 395.000
Hægt að setja 2 nöfn



Tilboð 4 (hjarta) - 260.000
Passar líka á duftleiði



Svartur



Paradiso



Blár



Grár

TIlboð 6 (Demantur) - 170.000 - 220.000 með lukt
Passar líka á duftleiði

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is
Verslun Njarðarnes 4, 603 Akureyri

Jarðhitinn:

Mun auðugri auðlind en áður var talið


Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Milljarði íslenskra króna var á dögunum úthlutað til verkefna í átaki stjórnvalda sem heitir „Jarðhitinn jafnar leikinn“. Á kynningarfundi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, þar sem tilkynnt var um úthlutanir á styrkjunum, kom fram að íslenski jarðhitinn er mun auðugri auðlind en áður var talið.

Rúmlega 90% af heimilum landsins hafa í dag aðgang að hefðbundinni jarðhita hitaveitu, en markmið átaksins er að auka þetta hlutfall í þrepum svo að lokum verði allt Ísland hitaveituvætt. Þau tæpu tíu prósent heimila sem eftir standa, notast þá að mestu við raforku til húshitunar sem er bæði dýr og óhagkvæm leið í samanburði við jarðhitann.

Engin köld svæði

Uppfært jarðvarmamat fyrir Ísland, sem stofnunin Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) vann fyrir ráðuneytið í samstarfi við Umhverfis- og orkustofnun, var kynnt á fundinum þar sem fram kom að í raun séu engin svæði á Íslandi lengur skilgreind sem köld svæði þegar kemur að nýtingu á jarðhita. Uppfært jarðvarmamat gefur heildarniðurstöðu fyrir Ísland sem er um 18% hærra en eldra mat og skiptir þar mestu hærra mat fyrir gosbeltin.

Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sagði á kynningarfundinum að jarðhitinn væri úti um allt, það þurfi bara að finna hann og beisla. Og það sé nákvæmlega það sem verið sé að gera með átaksverkefninu. Það snúist um að lækka húshitunarkostnaðinn þar sem hann sé mestur; létta kostnaði af atvinnulífinu, sveitarfélögum og grunnþjónustu. Enn fremur sé markmiðið að jafna aðstöðumun á landinu öllu varðandi orkusparnað og jafnt aðgengi að auðlindinni sem væri í sameign þjóðarinnar.

Sagði hann að svo virtist sem íslenska jarðhitaauðlindin væri jafnvel enn þá kraftmeiri en áður var talið og tækifærin enn meiri til nýtingar á henni. Það gerðist hins vegar ekki af sjálfu sér, til þess þurfi pólitískan vilja til að beisla auðlindina og grípa þessi tækifæri.

Margþættur ávinningur

Með átaksverkefninu er því ekki aðeins stefnt að lægri orkukostnaði heimila og sveitarfélaga heldur einnig að verulegum sparnaði fyrir ríkissjóð og ávinningi í loftslagsmálum.

Jarðhitaátakið var kynnt síðasta vor og auglýst eftir styrkumsóknum. Mikil ásókn var í styrkina, en alls var sótt um styrki fyrir 48 verkefni og heildarupphæð fjórir milljarðar. Flestar umsóknir komu frá Vestfjörðum og Austurlandi, sem löngum hafa einmitt verið skilgreind sem „köld svæði“ og víða engin hefðbundin hitaveita í boði.

Styrkir til 18 verkefna

Styrkir voru veittir til 18 verkefna sem munu raungerast á árunum 2025–2027 og endurspegla þær ólíkar aðstæður á landinu hvað varðar aðgengi að heitu vatni.

Í grundvallaratriðum er hægt að skipta verkefnunum í tvennt. Annars vegar á svæðum þar sem staðfest er að jarðvarmi er til staðar og hann verður virkjaður með varmadælum og jöfnunartönkum. Þar er því auðvelt að meta áætlaðan orkusparnað. Hins vegar eru verkefni þar sem fara þarf í hefðbundna jarðhitaleit og boranir á svæðum þar sem vísbendingar eru um að nýtanlegan jarðhita sé að finna.

Verkefnin eru í nágrenni við þéttbýli og er áætlað að þau séu þjóðhagslega hagkvæm og skili miklum raforkusparnaði. Þar með er niðurgreiðsluþörf létt af stjórnvöldum sem leiðir til umtalsverðs sparnaðar fyrir ríkissjóð þegar til lengri tíma er litið.



Nýtt hitastigulskort. Slíkar mælingar í borholum hafa reynst mjög gagnlegar við jarðhitaleit á Íslandi, til að finna svæði þar sem heitt vatn rennur um sprungur í jörðu. Hitastigull er þannig lykilþáttur til að meta varmaflæði um yfirborð landsins með varmaleiðingu. Kortið birtir hitastigul sem er reiknað út frá hita sem er mældur í grunnum holum, til dæmis 50–100 m. Síðan er það framreiknað á eins kílómetra dýpi.

Mynd / Skýrsla ÍSOR um jarðvaramat, Gunnlaugur M. Einarsson o.fl., 2025

Sparnaður sem jafngildir notkun 27 þúsund rafbíla

Umhverfis- og orkustofnun hefur áætlað að það losni um 80–120 gígavattstundir (GWst) af raforku í kerfinu samhliða því að verkefnin raungerist. Mest losni á veturna þegar raforkuþörf í kerfinu er hvað mest. Jóhann Páll sagði í kynningu sinni að 80 GWst samsvaraði raforkuþörf um 20 þúsund heimila og jafngilti raforkunotkun 27 þúsund rafbíla – sem væri um 80% af öllum rafbílaflotanum.

Vilhjálmur Hilmarsson, stjórnarformaður Loftslags- og orkusjóðs, kynnti verkefnin sem var úthlutað styrkjum. Hann sagði að talið væri að um 80 GWst af þeirri raforku sem losni í kerfinu muni tengjast rekstri nýrra kyntra veitna – verkefnum sem



Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Mynd / Aðsend

felist í frekari borunum, uppsetningu á varmadælum og jöfnunartönkum. Meiri óvissa sé um mögulegan ávinning af verkefnum sem lúta að jarðhitaleit, en þó sé áætlað að um 40 GWst raforkusparnaður geti falist í slíkum verkefnum fyrir kerfið.

Loftslagsbókhaldið vegur þungt

Sjö af verkefnunum 18 sem hlutu styrki eru á Vestfjörðum, fimm á Austurlandi, þrjú á Suðurlandi, tvö á Norðurlandi eystra og eitt á Vesturlandi. Hæsta styrkinn fær verkefnið „Jarðhitavæðing Víkur í Mýrdal“, eða 177 milljónir króna.

Í máli Vilhjálms kom fram að við úthlutun hafi verið lögð áhersla á gagnsæi við úthlutun og ætlunin sé að gefa út skýrslu um matskvarða og forgangsröðun sjóðsins.

Níu verkefni fá stuðning vegna rannsóknarborana með 473 milljóna króna heildarupphæð, sjö verkefni fyrir varmadæluverkefni upp á 509 milljónir króna og tvö verkefni sem tengjast varmageymslum upp á 50 milljónir. Við mat á umsóknum var horft til verkefna sem snúast um jarðhita til húshitunar og hvort um sé að ræða verkefni af hálfu sveitarfélaga eða orkufyrirtækja. Sérstaklega var metið hversu mikill samdráttur yrði í losun gróðurhúsalofttegunda – með rafmagns- og olíusparnaði – auk þess sem horft var til þess hvort í verkefnunum væri verið að nýta eða auka núverandi orkukerfi.

Markaðsvirði sparnaðar nemi 2–3 milljörðum

Hilmar sagði að gagnlegt geti verið að setja þennan væntanlega raforkusparnað í samhengi. Hann nefndi sem dæmi að Ljósafossvirkjun væri með orkuvinnslugetu upp á 105 GWst á ári.

Líklegt markaðsvirði af 80–120 GWst raforkusparnaði, miðað við verð til heimila án niðurgreiðslu, geti numið tveimur til þremur milljörðum króna á verðlagsárinu 2025. Það endurspegli gróflega þjóðhagslegan ábata af veitingu eins milljarðs króna til verkefnanna, sem sé óhætt að segja að sé ágæt arðsemi af styrkveitingunum fyrir ríkissjóð.

Brothættur rekstur Orkubús Vestfjarða

Síðast úthlutaði Orkusjóður styrkjum til sambærilegra verkefna í nóvember árið 2023. Þá fékk Orkubú Vestfjarða 188 milljón króna styrk til þriggja verkefna á sviði jarðhitaleitar á Ísafirði og Patreksfirði.

Elena Dís Víðisdóttir frá Orkubúi Vestfjarða greindi á kynningarfundinum frá framvindu verkefnanna. Hún sagði að staðan á þessum svæðum væri í dag sú að skerðanleg raforka væri þar notuð til húshitunar, sem ekki væri hægt að stóla á.

Orkunýtnin á hitun með raforku væri ekki góð, eða einn á móti einum. Sem þýðir að fyrir hverja kílóvattstund raforku fengist ein kílóvattstund af hita. Lágt verð á skerðanlegri orku hafi verið grundvöllur fyrir því að þessum veitum á Vestfjörðum var komið á koppinn. En að undanförnu hefðu raforkuverðshækkanir orðið nokkrar auk þess sem skerðingar hafi aukist og staðið lengur yfir. Þegar kæmi til skerðinga í raforkukerfinu væri olía brennd til húshitunar með miðlægum olíukötlum eða brennurum – með





Dælupróf vinnsluholunnar á Ísafirði, sem ber heitið TD-09.
Mynd / Orkubú Vestfjarða

tilheyrandi aukakostnaði og stærra kolefnisspori.

Rekstur veitna á þessum svæðum hafi þannig þyngst með tímanum og væri svo komið að rekstur þeirra væri orðinn brothættur. Ljóst sé að rekstur á þeim eigi sér ekki framtíð í óbreyttri mynd.

Fjárfest í varmadælum

Elena sagði enn fremur að með verkefnunum sem styrkt voru í fyrri úthlutun Orkusjóðs hefði markmiðið verið annars vegar að finna nægilega heitt vatn til húshitunar, en einnig volgt vatn í miklu magni sem mætti þá nýta með notkun á varmadælum. Það hafi verið mikilvæg áherslubreyting sem var afrakstur samstarfs við jarðfræðinga hjá ISOR, sem lögðu nýtt mat á stöðuna á þessum svæðum og í kjölfarið voru staðsettar nýjar rannsóknar- og vinnsluholur.

Niðurstöður úr rannsóknum í kjölfar fyrri styrkveitingar hafi leitt til þess að hægt var að ráðast í tilraunaboranir. Afraksturinn af þeirri vinnu væri sá að nú séu til staðar afkastamiklar vinnsluholur, bæði á Patreksfirði og Ísafirði. Árangurinn væri vægast sagt góður.

Sagði hún að í framhaldinu hafi verið tekin ákvörðun um að virkja þessi svæði með fjárfestingum í varmadælum, sem nýta orku úr jarðhitavatninu og flytja hana inn á lokað dreifikerfi hitaveitunnar. Með því snarminnki raforkuþörf veitnanna auk þess sem gert sé ráð fyrir því að orkunýtnin aukist sexfalt, úr hlutföllunum einn á móti einum í einn á móti sex.

Gjörbreytt sviðsmynd

Á sviðsmynd sem Elena sýndi, sem byggir á átaksverkefnunum, er gert ráð fyrir að orkunotkun Hitaveitu Ísafjarðar (sem er hin stærsta í rekstri Orkubús Vestfjarða) gjörbreytist. Að hún fari úr 60% rafmagnsnotkun og 40% olíunotkun – eins og hún var á síðasta ári – yfir í 83% jarðhitanýtingu og 17% nýtingu á rafmagnsknúnum varmadælum.

Ávinningurinn væri því sá að raforkuþörfin dregist saman um tæp 80 prósent. Á svæðinu losnaði um 51 GWst af raforku á ári, sem væri ígildi 8 MW virkjunar. Sá raforkusparnaður væri án þess kostnaðar sem bygging nýrrar virkjunar hefði í för með sér og tilheyrandi umhverfisáhrifa.

Rafkyntar hitaveitur beri ábyrgð á langstærsta hlutanum í kolefnisspori Vestfjarða. Með þessu verkefni sé gert ráð fyrir að kolefnisspor Orkubús Vestfjarða minnki um 75%. Verkefnið sé þannig í takti við loftslagsmarkmið Orkubús Vestfjarða og stjórnvalda, þar sem jarðefnaeldsneyti er skipt út fyrir græna orkugjafa.



Elena Dís Víðisdóttir, frá Orkubúi Vestfjarða.
Mynd / Aðsend



Sviðsmynd um hvernig orkunotkun Hitaveitu Ísafjarðar verður eftir breytingarnar.
Mynd / Orkubú Vestfjarða

Varmaforði og varmaflæði

Í nýju jarðvarmamati ÍSOR fyrir Ísland er gefin heildarmynd fyrir mat á varmaforða í berggrunni Íslands og varmaflæði um ystu lög jarðskorpunnar í samhengi við framtíðarmöguleika jarðhitanýtingar á Íslandi.

Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar geta 25% af náttúrulega varmaflæðinu staðið undir allri frumorkunotkun landsins.

Ástæða til bjartsýni

ÍSOR er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði. Tekna er aflað með með sölu á rannsóknum, ráðgjöf og þjónustu á sviði náttúrufars og auðlindarannsókna, innanlands og á alþjóðlegum markaði. Helstu verkefni varða jarðhitarannsóknir og -nýtingu en einnig grunnvatn og neysluvatn, jarðefni, hafsbotnsrannsóknir og jarðtæknilegar rannsóknir.

Steinunn Hauksdóttir, forstöðumaður auðlindarannsókna og alþjóðasamskipta hjá ÍSOR, segir niðurstöður uppfærðs jarðvarmamats gefa ástæðu til bjartsýni varðandi framtíð jarðhitanýtingar á Íslandi. „Forsendur þess eru áframhaldandi efling þekkingar og tækniframfara og sjálfbær nýting auðlindarinnar. Heildstætt jarðvarmamat fyrir Ísland getur einmitt orðið mikilvægur grunnur og hvatning til þeirrar nýsköpunar og tæknilegu framþróunar sem nauðsynleg er fyrir þróun jarðhitanýtingar. Auðvitað þarf að taka mið af ýmsu öðru en tæknilegum áskorunum, eins og kröfum og þörfum samfélagsins.“

Þekking aukist verulega

Spurð um hvað helst hafi breyst frá fyrra mati segir Steinunn að heilmiklum gögnum hafi verið safnað. „Þetta eru rannsóknir og gögn um nýtingu jarðhitans, um náttúrulegan jarðhita, boranir, afköst holna og jarðhitasvæða ásamt mælingum á hitastigli í jarðskorpunni, sem gefa gleggri mynd af því hvernig breytileikinn er á varmaforða og varmaflæði skorpunnar. Með úrvinnslu á grundvelli 14 landsvæða var hægt að greina gróflega þann breytileika ásamt því að uppfæra forsendur sem voru vanmetnar í eldra mati.“



Steinunn Hauksdóttir, forstöðumaður auðlindarannsókna og alþjóðasamskipta hjá ÍSOR.
Mynd / Aðsend



Síðasta heildstæða jarðvarmamat, sem var gert árið 1985, skilaði ágætri þekkingu á því að í skorpu landsins býr óhemjumikill varmaforði. Steinunn segir að frá þeim tíma hafi þekkingin á jarðhitaauðlindinni aukist verulega.

Árangur náðst á Vestfjörðum

„Staðfest er að varmaforðinn og varmaflæðið á Íslandi er óvenju mikið – og meira en áður var talið,“ heldur Steinunn áfram. „Þannig sýnir varmaforði jarðskorpunnar á Íslandi, í samanburði við önnur svæði í heiminum, að ekkert svæði á Íslandi telst vera raunverulega kalt og fræðilega má alls staðar sækja varma í jarðskorpu landsins. Það þarf að finna þá vinnslutækni sem hentar hverju svæði og á þeim grundvelli er rétt að nota frekar hugtakið „krefjandi“ um þau svæði.

Stuðningur stjórnvalda við jarðhitaleit, sem ráðherra kynnti á fundinum „Jarðhitinn jafnar leikinn“, hefur reynst mjög mikilvægur og árangursríkur til að finna nýtanlegan jarðhita í nágrenni þéttbýla um allt land. Því átaki var hleypt af stokkunum í kjölfar úttektar ÍSOR árið 2023 á stöðu hitaveitna landsins, en hún sýndi að nauðsynlegt var fyrir þær að fá stuðning stjórnvalda til að bregðast við þeim áskorunum sem þær standa frammi fyrir. Nú þegar hefur árangur náðst á nokkrum svæðum, eins og á Ísafirði og Patreksfirði, sem fengu styrk í síðustu úthlutun. Önnur svæði hafa fengið styrk í ár og eru vonir um að fleiri þéttbýli finni raunhæfar lausnir til nýtingar jarðhita til húshitunar.“

Möguleikar djúpborana

Spurð um stöðu á möguleikum djúpborana á Íslandi segir Steinunn að í jarðvarmamatinu komi skýrt fram að gosbeltin, utan háhitasvæðanna, séu stór varmaauðlind, sem séu þó að mestu leyti ókönnuð. Það gildi bæði hvað varðar yfirborðsrannsóknir og rannsóknarboranir. „Þau svæði gætu hentað til nýtingar með svokallaðri EGS-tækni, en nú þegar eru öflugir aðilar í Bandaríkjunum og Evrópu í að vinna að þróun á henni og íslensk

Framhald á bls. 22





Í sérstökum lögum um auðlindir á Íslandi er kveðið á um hverjir hafa nýtingarrétt á jarðhitaauðlindinni. Þar segir að landeigendur geti sótt um eða tilkynnt um rannsóknir, en þeir þurfa síðan leyfi til nýtingar.
Mynd / Orkubú Vestfjarða

orkufyrirtæki hafa einnig hafið undirbúning á því.

Horft hefur verið til þess að nýta betur orkuna sem býr í háhitasvæðum á Íslandi með djúpborun. Þau gætu verið mjög öflugir orkugjafar ef tekst að nýta rætur þar sem hiti er hár og orkuinnihald vökva mjög mikið. Áhugi á þessu sviði hefur aukist mikið í heiminum á síðustu misserum og Íslendingar eru meðal þeirra þjóða sem hafa verið leiðandi, en áskoranir eru varðandi þessa nýtingu. Rannsóknir undanfarna áratugi hafa þó skilað mikilvægum áföngum á því sviði.“

Nægir í 45 þúsund ár

Steinunn segir að til dæmis hafi ÍSOR þróað sérstök tengi fóðringa í háhitaholur og er með einkaleyfi á þeirri hönnun og í þróun sé djúpsýnataka ásamt fleiri nýsköpunarverkefnum, í samstarfi við orkufyrirtækin, háskóla og erlendar rannsóknastofnanir.

„Nú þegar hafa verið boraðar tvær djúpborunarholur á Íslandi, ein í Kröflu og önnur á Reykjanesi, og unnið er að undirbúningi þeirrar þriðju, líklega á Nesjavöllum. Einnig er í undirbúningi djúpborunarverkefni á Kröflusvæðinu sem mun einnig fela í sér eldfjallafræðilegar rannsóknir með borun í kviku.

Sú orka sem unnin verður með djúpborun getur bæði falið í sér vinnslu á raforku og varmaorku (heitt vatn).

Í skýrslunni er samantekt um jarðhitanýtinguna eins og hún er í dag á Íslandi, þar sem fram kemur að tveir þriðju hlutar frumorkunotkunar eru með jarðhita. Jarðhitaauðlindin okkar er mögulega okkar mikilvægasta auðlind,“ segir hún.

Þegar Steinunn er beðin um að áætla möguleika auðlindarinnar, ef hægt verði að hagnýta hana alla, segir hún afar ólíklegt að við getum nokkurn tíma nýtt alla jarðhitaauðlindina. „En hún er gífurlega mikil og er til dæmis lýst þannig að eitt prósent varmaforðans í jarðskorpu Íslands myndi nægja núverandi orkuþörf landsmanna í 45.000 ár.“



Umsækjandi	Heiti verkefnis	Styrkur [kr.]	Tegund verkefnis
Orkubú Vestfjarða	Bolungarvík Varmageymsla	22.500.000	Varmageymslur
HEF veitur ehf.	Jöfnunartankur í fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar	27.500.000	Varmageymslur
HEF veitur ehf.	Jarðhitaleit í Borgarfirði eystra	8.000.000	Rannsóknarboranir
Orkubú Vestfjarða	Bolungarvík - Jarðhiti	21.500.000	Rannsóknarboranir
Rarik ohf.	Jarðhitavæðing Víkur í Mýrdal	176.500.000	Rannsóknarboranir
HEF veitur ehf.	Jarðhitaleit í Seyðisfirði	22.750.000	Rannsóknarboranir
Langanesbyggð	Nýting jarðhita til húshitunar í Langanesbyggð	30.000.000	Rannsóknarboranir
Vopnafjarðarhreppur	Jarðhitaleit við Selárlaug - framhald	30.000.000	Rannsóknarboranir
Hitaveita Fjarðabyggðar	Framhald jarðhitaleitar fyrir Fáskrúðsfjörð	40.000.000	Rannsóknarboranir
Skaftárhreppur	Rannsóknarboranir í Skaftárhreppi	72.500.000	Rannsóknarboranir
Orkubú Vestfjarða	Patreksfjörður jarðhiti	71.750.000	Rannsóknarboranir
HS Veitur hf	4 MW varmadæla fyrir varmaveitu Vestmannaeyja	107.000.000	Varmadæla
Strandabyggð	Jarðhiti og varmadælur á Hólmavík	37.500.000	Varmadæla
Orkubú Vestfjarða	Patreksfjörður Varmadælur	126.706.000	Varmadæla
HEF veitur ehf.	Miðlæg varmadæla í fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar	121.000.000	Varmadæla
Orkubú Vestfjarða	Suðureyri varmadælur	42.690.000	Varmadæla
Grundarfjarðarbær	Borun á jarðvarmaholum fyrir varmadælukerfi	18.559.470	Varmadæla
Orkubú Vestfjarða	Ísafjörður jarðhitanýting	55.916.000	Varmadæla

Umhverfis- og orkustofnun
Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Verkefnin sem var úthlutað styrkjum.

Jarðhiti í lykilhlutverki í grænum orkuskiptum

Steinunn útskýrir að á heimsvísu séu nýsköpun og rannsóknir í jarðhita leiddar áfram af rannsóknar- og fjárfestingarsjóðum, ásamt orkufyrirtækjum, og í sífellt meiri mæli séu olíufyrirtæki að færa sig yfir í jarðhita og leita nýrra lausna á grundvelli sérþekkingar þeirra.

„Með áframhaldandi nýsköpun mun jarðhiti gegna lykilhlutverki í grænum orkuskiptum á heimsvísu. Fjölþættari nýting auðlindarinnar, bæði hvað varðar það hvernig varminn er sóttur og hvernig hann er nýttur á yfirborði, ásamt bættri nýtni og háþróaðri djúpborun, til viðbótar við samþættingu við aðra hreina orkugjafa, mun tryggja að jarðhitinn verði mikilvægur þáttur í sjálfbæru samfélagi framtíðarinnar.“

Hugsað enn stærra í næsta fasa

Jóhann Páll sagði í lokaorðum sínum á kynningarfundinum, í tengslum við úthlutanir styrkja í átaksverkefninu, að óhætt væri að segja að hvergi í heiminum léki jarðhiti jafnstórt hlutverk og á Íslandi.

Fyrri kynslóðir á Íslandi hafi hugsað stórt með því að beisla jarðhitann, en stefnumótun hafi skort fyrir nýtingu jarðhitans á Íslandi. Næsti fasi í átakinu hefjist um leið og verkefnastyrkirnir hafa verið afhentir og verkefnin sett af stað. Þá verði hugsað enn stærra og ekki bara um jarðhitann sem tæki til að jafna lífskjör á Íslandi heldur einnig sem drifkraft verðmætasköpunar og atvinnuþróunar um allt land. „Hver veit nema við beinum sérstaklega sjónum að nýjum aðferðum, meiri hita, dýpri holum, að jarðhitanýtingu framtíðar og næstu kynslóðar þar sem Ísland hefur alla burði til þess að vera í leiðandi hlutverki,“ sagði Jóhann Páll.

Regluverk einfaldað

Að sögn Jóhanns Páls verður næsta jarðhitaauglýsing úr Loftslags- og orkusjóði í þessum anda – ætlunin sé að styðja við nýsköpun og tækniframfarir á sviði jarðhitanýtingar sem uppsprettu fjölbreyttrar atvinnustarfsemi. Þegar sé frátekið fjármagn í þetta og munu styrkir verða auglýstir strax á næstu vikum.

Samhliða sé ætlun stjórnvalda að ganga rösklega til verks til að einfalda regluverk og stjórnsýslu þegar kemur að jarðborunum. Fyrstu skrefin verði stigin með lagabreytingum sem stefnt er að að mæla fyrir á Alþingi strax í þessum mánuði, þar sem afnumin verður krafan um að gefin séu út sérstök starfsleyfi fyrir hverja einustu borframkvæmd. Með því sé leyfisferillinn styttur umtalsvert og liðkað fyrir mikilvægum framkvæmdum.

Þá sé ætlunin í nálægri framtíð að nálgast kortlagningu svæða með hagnýtari hætti, með því að forgangsraða svæðum í þágu samfélagsþarfar og í takti við orkustefnu ríkisstjórnarinnar. Auk þess sé stefnt að því að styrkja alþjóðlegt forystuhlutverk Íslands á sviði jarðhita, dýpka samstarf við vinaþjóðir og beita sér fyrir því að jarðhitinn njóti sannmælis í evrópsku regluverki – sem sé í örri þróun um þessar mundir.

Almenningur hefur ekki aðgengi að auðlindanýtingu

Í sérstökum lögum um auðlindir á Íslandi er kveðið á um hverjir hafa nýtingarrétt á jarðhitaauðlindinni. Þar segir að landeigendur geti sótt um eða tilkynnt um rannsóknir, en þeir þurfa síðan leyfi til nýtingar. Almenningur hefur í raun ekki aðgengi að auðlindanýtingu nema með eignarhaldi á landinu, en sveitarfélög geta leitt slíkar framkvæmdir og þá í samvinnu við landeigendur.

Umhverfis- og orkustofnun veitir rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi vegna jarðhitanýtingar. Stofnunin safnar einnig gögnum frá hitaveitum landsins sem hluta af eftirliti með þessum leyfum og sölu á heitu vatni. Nýtingarleyfi setja nýtingunni skorður og er markmiðið að nýting sé þjóðhagslega hagkvæm. Þá veitir stofnunin einnig virkjunarleyfi, meðal annars fyrir jarðhitavirkjanir.

Vetrarbúnaður
Hilltip
Snjótennur, fjölplógar, salt- og sanddreifarar
Wendel


Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is



VIÐ ERUM ÖLL ÚR SÖMU SVEIT

Landbúnaður er ekki bara mikilvæg atvinnugrein heldur hluti af lífinu okkar hér á Íslandi. Hann sér okkur fyrir mat, sumum okkar fyrir störfum, og flestum okkar fyrir tilfinningunni um samhug.

Hvort sem fólk býr í Vesturbænum eða austur á fjörðum þá liggja hagsmunir okkar saman í sveitinni.

Ræktum landbúnaðinn okkar.

Ákall eftir íslenskum vömbum

– Undirskriftalisti þar sem skorað er á SS að hefja aftur sölu

Á vefnum island.is hefur verið stofnað til undirskriftalista þar sem skorað er á Sláturfélag Suðurlands (SS) að gefa fólki aftur tækifæri til að kaupa íslenskar vambir til sláturgerðar á haustin, líkt og áður var gert.

Aldís Sigfúsdóttir er ábyrgðarmaður undirskriftalistans og segir hún að á síðasta ári hafi SS hætt að selja neytendum þetta grunnhráefni til sláturgerðar. „Um haustið 2018 stóð til að SS myndi hætta sölu á vömbum innanlands, en þá var hætt við vegna fjölda áskorana. Við erum að reyna að snúa ákvörðuninni aftur við núna. Aðalástæðan fyrir því að þetta er svo mikilvægt mál fyrir okkur, er að vambir hafa verið notaðar í margar aldir til sláturgerðar á Íslandi og þetta er hefð sem má ekki glatast. Það eru mikil verðmæti í því að geta notað hefðbundnar vambir í stað þessara innfluttu gerviefna sem eru í boði," segir Aldís.



Aldís Sigfúsdóttir.

Sláturgerð byggir brýr á milli kynslóða

Hún segir mörg rök vera fyrir því að reyna að snúa við ákvörðun SS. „Það má til dæmis nefna að sláturgerð er fjölskylduhefð; foreldrar, ömmur, afar og börn koma saman til þess að gera slátur og hún byggir brýr á milli kynslóða. Verklagið og þekkingin að hreinsa og nota vambirnar má ekki glatast á Íslandi.

Sérstakt vambabragð er af slátri í raunverulegum vömbum, sem ekki finnst af slátri í gervi-vömbum. Hinar hefðbundnu vambir eru lífræn afurð og hún gerist ekki betri.

Sumir Íslendingar borða ekki bara slátrið heldur líka umbúðirnar, hinar lífrænu vambir. Slátur er holl og góð vara – og ekki dýr – og getur þess vegna verið mörgum góð búbót.



Skorað er á SS að hefja aftur sölu á vömbum til íslenskra neytenda. Mynd / Bbl.

Gervivömbum haldið að kaupendum

Aldís segist telja að SS selji allar vambirnar úr landi. „SS hefur verið að halda gervivömbunum að kaupendum eins og til dæmis með því að hafa aðeins gervivambir í sláturkössunum, sem seldar eru í verslunum – og selt svo hinar íslensku vambir sem sérvöru.

SS ætlar að fara að byggja nýja afurðastöð á Selfossi, sem væntanlega mun kosta sitt, en það er ekki hægt að gera við eða kaupa tvær þvottavélar til að hreinsa 10–15% af þeim vömbum sem þeir fá á haustin og selja íslenskum neytendum. En það er hægt að grófhreinsa allar vambirnar og selja þær erlendu fyrirtæki," segir Aldís enn fremur.

Of lítil eftirspurn

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, segir að svör fyrirtækisins séu hin sömu og í fyrra. „Eftirspurn var orðin það lítil að ekki borgaði sig að hafa fólk í þessu og endurnýja vélbúnað eins og hefði þurft. Við flytjum vambirnar út en þær eru skolaðar, sem er allt annað en kalónaðar vambir.

Það mætti einnig líta öðruvísi á þetta mál og þakka okkur fyrir að hafa haldið áfram að bjóða þessa vöru löngu eftir að allir aðrir í landinu hættu því." */smh*





Jón Björn Blöndal, bóndi á Jaðri í Bæjarsveit í Borgarfirði. Myndir / Aðsendar

Sjálftínsla í Bæjarsveit

– Fólki boðið að taka upp kartöflur og gulætur

Í Bæjarsveit í Borgarfirði hefur ungur bóndi boðið fólki upp á að koma til sín á akurinn og tína beint upp úr honum kartöflur og gulrætur, gegn vægu gjaldi.

Bóndinn heitir Jón Björn Blöndal, en hann stundar búskap með föður sínum, Eiríki Blöndal, fyrrverandi framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands, í Langholti í Bæjarsveit. „Við ræktum korn á um 80 hekturum, aðallega bygg en einnig hafra, rúg og olíunepju. Svo erum við líka með 200 vetrarfóðraðar kindur."

Góð aðsókn á akurinn

Jón Björn er útskrifaður búfræðingur og á sínu síðasta ári í búvísindanámi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann segist alla tíð hafa haft áhuga á landbúnaði.

Jón Björn segir að fjöldi fólks hafi komið í þessi tvö skipti sem viðburðurinn hefur verið haldinn, en hann auglýsti hann sem „Sjálftínslu í Bæjarsveit" á Facebook. Hann stefnir á að síðasti sjálftínsludagurinn þetta haustið verði sunnudaginn 26. október.

„Ég er með vél sem tekur upp kartöflurnar úr jörðinni og leggur þær á yfirborðið. Fólk skemmti sér vel og fjölskyldur áttu góða samverustund við uppskerustörf. Ég bauð svo upp á heitt kaffi og kakó við akurjaðarinn og þar skapaðist góð stemning," segir Jón Björn.



Fjöldi fólks hefur nýtt sér tækifærið í Bæjarsveit til sjálftínslu, gegn vægu gjaldi. Hálmurinn heldur gulrótagarðinum frostfríum.

Ræktar í skjóli frá kornakri

„Ég rækta kartöflurnar og gulræturnar á landi sem er umkringt kornakri, en byggið veitir gott skjól og sumarið í ár var einstaklega gott til jarðræktar. Ég er að taka mín fyrstu skref í útiræktun á grænmeti, en á næsta ári langar mig að rækta fleiri tegundir, eins og rófur, blómkál, spergilkál og grænkál," segir Jón.

Víða í Evrópu þekkist þessi aðferð bænda til að tengjast neytendum milliliðalaust. Jón segir þessa leið frábæra, bæði fyrir sig sem ungan bónda og fyrir neytendur.

Hefur líka selt gulrætur í pakkningum

„Ég er einungis með litla pökkunaraðstöðu svo það er erfitt fyrir mig að koma vörunum á markað, en seldi þó pakkaðar kartöflur í verslunina Ljómalind í Borgarnesi, þangað til þær kláruðust. En síðan hef ég verið að selja pakkaðar gulrætur beint til fólks hingað og þangað," heldur Jón Björn áfram.

„Hins vegar á ég ekki upptökuvél fyrir gulræturnar en það eru dýr tæki og sjálfvirk pökkunaraðstaða er einnig dýr fjárfesting."

Um helmingi lægra kílóverð

Jón Björn selur grænmetið af akrinum eftir vigt þegar fólk er búið að tína og segir kílóverðið vera um helmingi lægra en það er úti í búð.

„Ég ætla að halda aðra sjálftínslu sunnudaginn 26. október en að vísu bara í gulrótum, þar sem kartöflurnar kláruðust um daginn. Gulrætur geymast best í jörðinni en ég næ að halda jörðinni frostfrírri með því að dreifa þykku lagi af hálmi yfir gulrótargarðinn," segir Jón Björn að lokum. */smh*



POLARIS 6-HJÓL

TRAUSTUR VINNUFÉLAGI Í SVEITINNI



Sportsman 6x6 EPS 570 NORDIC PRO
Verð frá: 3.400.000 kr.

POLARIS

Kletthálsi 15 Reykjavík / Óseyri 4 - Akureyri
www.stormur.is / Sími: 577 1717

STORMUR

Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna FS 500 E
rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV
gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm



Husqvarna K4000
Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring
rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5

Loftslagsmál:

Efasemdir um COP30

– Aldrei verið mikilvægara að þjóðir heims vandi til verka



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

COP30 stendur fyrir dyrum í nóvember. Bandaríkin verða ekki með og efasemdir eru um að þessi stærsti loftslagsviðburður heims nái fram nauðsynlegum markmiðum.

COP30, þrítugasti aðildarfundur og ráðstefna Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) fer fram í Belém í Brasilíu dagana 10.–21. nóvember 2025.

Um er að ræða stærsta loftslagsviðburð heims. COP30 mun að miklu leyti snúast um fjármagn, aðlögun að loftslagsbreytingum og orkuskipti.

Auk íslenskra stjórnvalda hafa fulltrúar úr íslensku atvinnulífi sótt ráðstefnuna undanfarin ár, með það að markmiði að sækja sér þekkingu, ræða loftslagslausnir, efla tengsl og koma á auknu alþjóðlegu samstarfi í grænu umskiptunum. Grænvangur leiðir þátttöku viðskiptasendinefndar Íslands á COP30 í samstarfi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Níu íslensk fyrirtæki tóku þátt í COP29 og hafði þá fækkað um helming frá síðustu ráðstefnu.

UNFCCC í kreppu

UNFCCC er í fjármögnunarkreppu, en einnig í kreppu um lögmæti. Áheyrnarfulltrúar, ríki og hið borgaralega samfélag kalla eftir umbótum á UNFCCC sem geri loftslagssamninginn skilvirkari, bæti borgaralega þátttöku og dragi jafnframt úr áhrifum jarðefnaeldsneytisiðnaðarins og einkageirans, að því er segir í grein Heinrich Böll-stofnunarinnar.

COP30 verður fyrsta COP-ráðstefnan frá því loftslagsviðræður hófust þar sem Bandaríkin – sem er enn þjóðin sem ber mesta sögulega ábyrgð á losun gróðurhúsalofttegunda – munu ekki taka þátt.

Þrátt fyrir að úrsögn Bandaríkjanna úr Parísar-samningnum um loftslagsmál, undir stjórn Trumps, muni ekki taka gildi fyrr en í janúar 2026, héldu Bandaríkin sér þegar frá bráða-birgðaviðræðum í Bonn í júní 2025.



Loftslagsfjármál í brennidepli

Loftslagsfjármál verða áfram í brennidepli umræðunnar í Belém. Eftir að COP29 í Aserbaísjan samþykkti nýtt sameiginlegt magnbundið markmið um loftslagsfjármál (NCQG) upp á 300 milljarða Bandaríkjadala á ári fyrir árið 2035, sem er ekki aðeins talið vera allt of lágt heldur líka of óljóst, er vonast eftir frekari og áþreifanlegri niðurstöðum á COP30.

„Baku to Belém Roadmap to 1.3 Trillion“, sem var hleypt af stokkunum í Baku og er ætlað að setja fram skipulega nálgun á því hvernig hægt er að ná stærra markmiði um fjáröflun 1,3 trilljóna Bandaríkjadala árlega, aðallega frá flæði einkageirans, fyrir árið 2035, verður í brennidepli í Belém. Þetta er talið krefjast áþreifanlegrar aðgerðaáætlunar sem ætti einnig að taka á veikleikum loftslagsfjármálamarkmiðsins sem samþykkt var í Bakú, með því að skilgreina skýr undirmarkmið um mótvægisaðgerðir, aðlögun og til að takast á við tap og skaða.

Skyldur þróaðri ríkja

Margir áheyrnarfulltrúar eru sagðir vonast eftir verulegri aukningu á aðlögunarfjármögnun sérstaklega, til dæmis þreföldun fjárframlaga fyrir árið 2030.

Jafnframt er talið að seinkun gæti orðið á samningaviðræðum í Belém. Lönd á suðurhveli jarðar þrýsti á um sérstakan dagskrárlið til að knýja fram skýra umræðu um skyldu þróaðra ríkja til að veita þróunarríkjum opinbera loftslagsfjármögnun – ráðstöfun sem iðnvædd lönd mótmæli harðlega. Þessi skuldbinding er bundin í grein 9.1 í Parísarsamkomulaginu en er oft vanrækt af iðnríkjum í samhengi við víðtækari umræður um loftslagsfjármál. Á heildina litið eru spurningar um gæði loftslagsfjármögnunar – styrki í stað lána sem auka skuldir, auðveldara aðgengi að fjármunum, þar á meðal fyrir sveitarfélög, svo og samþættingu mannréttinda og jafnréttis kynjanna í loftslagsfjármögnunarflæði – áfram þungamiðjan í umræðunni.



COP30 mun fara fram í Belém í Brasilíu í nóvember og stendur til að þjóðir heims uppfæri þá markmið sín í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.
Myndir / UNFCCC

Veikleikar COP

Efasemdir eru nokkuð víða um að COP30 muni ná tilgangi sínum. Er meðal annars rætt um að skýrleika umhverfissáttmála sé ábótavant, þeir séu allt of víðfeðmir og skorti jafnframt dýpt.

Í grein á Earth.org er rakið að marghliða og alþjóðlegum umhverfissáttmálum hafi að mestu mistekist að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfisspjöllum. Athyglisverð undantekning sé Montreal-bókunin um efni sem eyða ósonlaginu, sem tókst að útrýma 98% ósoneyðandi efna á heimsvísu í áföngum.

Sáttmálar sem gerðir hafa verið til að berjast gegn losun gróðurhúsalofttegunda og vernda líffræðilegan fjölbreytileika hafi á hinn bóginn verið veikir og árangurslitlir, þar sem losun á heimsvísu aukist stöðugt og líffræðilegur fjölbreytileiki minnki.

Bent er á að umhverfissáttmáli þurfi að vera hannaður með mjög skýrum hætti til að tryggja að þeir sem staðfesta hann geti bæði skilið og uppfyllt skyldur sínar. Aðilar verði t.d. að skilja að öll lagasmíð feli í sér ákveðinn tvískinnung, þar sem dómstólar verði að geta túlkað skjöl sem eru takmörkuð að umfangi, og innihaldi auk þess nær ótakmarkaðar og ófyrirsjáanlegar aðstæður. Huglæg hugtök eins og „sanngjarnt“, „venjulegt“ og „hóflegt“ sé að finna í öllum lögum, dómaframkvæmd og reglugerðum. Sumt af slíkum tvískinnungi sé með vilja gert og til þess að auðvelda inngöngu, gera þátttöku víðtækari og stytta þann tíma sem taki að mynda sáttmála. Þar af leiðandi hafi óljós sáttmáli þann kost að lækka „upphafskostnað“ við undirritun og fullgildingu hans. Engu að síður verði áframhaldandi innleiðing dýrari þegar skilmálar eru óljósir, þar sem slíkt leiði til ágreinings og misskilnings.

Svæðisbundnir sáttmálar

Breidd umhverfissáttmála er talin vera of mikil, hvort heldur varðandi efni samnings eða mögulegan fjölda ríkja eða stofnana sem geta gerst aðilar að honum. Þó að loftslagsbreytingar séu bæði alþjóðlegt og margþætt mál eru sterkar vísbendingar um að svæðisbundnir sáttmálar séu skilvirkari og líklegri til að verða fullgiltir og innleiddir, frekar en alþjóðlegir sáttmálar. Þetta stafi af ýmsum þáttum, svo sem sterkari hagsmunum og fleiri samnefnurum milli svæðisbundinna aðila, sem og sambærilegum félagslegum og efnahagslegum kerfum sem auðveldi samvinnu.

Nema brýna nauðsyn beri til, ætti sáttmáli því að vera hannaður þannig að hann sé takmarkaður að landfræðilegu umfangi. Þar sem alþjóðlegir sáttmálar séu nauðsynlegir verði að bæta við þá svæðissáttmála til að framfylgja svæðissértækum umhverfismarkmiðum sem hefta loftslagsbreytingar.

Skorti á dýpt

Að auki er nefnt að dýpt umhverfissáttmála þurfi að vera meiri. Dýpt sé fall af tveimur breytum, strangleika (ósveigjanleika) og styrk. Strangleiki skuldbindingar merki að hve miklu leyti hún krefjist þess að ríki víki frá því sem þau hefðu gert væri hún ekki til staðar. Styrkur sé aftur á móti mælikvarði á styrk skuldbindingar ríkis, venjulega mældur með kostnaði við að fara ekki eftir henni.

Meiri styrkur og strangleiki myndu þýða að ríki yrðu að fjárfesta meira í umhverfismálum. Þetta drægi einnig úr líkunum á að ríki virði að vettugi skuldbindingar sínar samkvæmt sáttmálanum. Slíkt gæti hins vegar einnig aukið kostnað við sáttmálann. Sterkur og strangur umhverfissáttmáli kunni að krefjast þess að þátttökuþjóðir fórni öðrum hagsmunum, svo sem orkuöflun, með því að takmarka óendurnýjanlega orku, eða með því að sæta strangari vanefndum, svo sem viðurlögum vegna losunar. Pólitískt fjármagn og hagstætt almenningsálit þurfi því venjulega til að taka þátt í slíkum samningum.



VIÐ VERÐUM Á IÐNAÐARSÝNINGUNNI

Í LAUGARDALSHÖLLINNI DAGANA 9 TIL 11 OKTÓBER

Multihog



MULTIHOG, ein vél mörg tæki.
sópur - snjómokstur - sláttur



VALLARBRAUT

THALER



Þýskir skotbómulyftarar og
liðléttingar með lyftigetu
frá 750 - 4000kg





vallarbraut.is S-4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði

GARÐYRKJA

AKRÝLDÚKUR - BAKKAR - POTTAR - MOLD

PLASTDÚKUR - UMBÚÐIR - KASSAR - FRÆ



ALLT FRÁ FRÆJUM TIL AFURÐA

palle@samhentir.is
sala@samhentir.is

575 8000

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ

samhentir.is

Samhentir

Lagarlíf:

Laxeldi rætt í Hörpunni

- Ráðstefna um fjölbreyttar hliðar fiskeldis

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Á ráðstefnunni Lagarlíf sem haldin var í Hörpu 30. september og 1. október síðastliðinn var farið yfir ýmsar hliðar sem snúa að fiskeldi.

Þangað mætti fjöldi innlendra og erlendra aðila úr bransanum, bæði til að halda erindi og til að hlíða á önnur. Jafnframt mátti ganga á milli básа þar sem fyrirtæki og samtök kynntu sínar lausnir og vörur. Greinilegt er að áhugi á fiskeldi er mikill, hvort sem um er að ræða eldi í sjó eða á landi.

Tækifæri í úrganginum

Á erindi sem bar yfirskriftina „Þróun hringrásarlausnar: Umbreyting úrgangs frá landbúnaði og fiskeldi í áburð og orku," fór Sigurður Trausti Karvelsson, verkefnastjóri hjá First Water og verkefnastjóri Terraforming LIFE yfir stöðu verkefnis sem miðar að því að fullnýta allan úrgang frá fiskeldi frá landi.

Hann benti á að landeldi sé í miklum vexti og nú þegar sé úrgangurinn um 2.000 tonn frá öllum aðilum á ári. Fyrirséð sé að árið 2031 verði heildarmagn lífræns úrgangs frá greininni komin upp í 150 þúsund tonn á ári. Öllum aðilum í landeldi er gert skylt að halda eftir þessum úrgangi og hafa eldisstöðvarnar verið byggðar upp með því sjónarmiði. Nú sé fiskeldismykjan að mestu nýtt sem áburður í landgræðslu, en það sé ekki lausn sem hægt sé að reiða sig á endalaust. Þá séu ekki næg afköst hjá Sorpu eða Kölku til að vinna úrganginn.

Blandað saman við lífrænan áburð

Lausnin sé því að byggja upp aðstöðu þar sem hægt er að búa til úr þessu áburð sem nýtist í landbúnað. Nú þegar flytji bændur inn 55.000 tonn af tilbúnum áburði á ári sem væri hægt að minnka með stórauknu framboði af lífrænum áburði. Til þess að gera áburð úr mykju frá fiskeldi þurfi að blanda honum saman við lífrænan áburð frá öðrum hefðbundnum búgreinum.

Sigurður sagðist sjá mikil tækifæri fyrir svínaræktendur að koma sínum úrgangi í þennan farveg, en þeir hafa verið gagnrýndir fyrir að dæla miklum lífrænum áburði út í sjó. Enn fremur sé hægt að blanda beinamjöli við áburðinn, en hingað til hefur ekki verið mikill farvegur fyrir það.

Áskoranir að safna hráefni

Terraforming Life sé viðbragð við þeirri stöðu sem komin er upp í kjölfar uppbyggingar fiskeldis á landi. Verkefnið er fjármagnað af Evrópusambandinu og eru fimm aðilar sem vinna að því saman: Orkídea, Ölfus Cluster, First Water, Bændasamtök Íslands og færeyska verkfræðifyrirtækið SMJ. Stefnt er að því að koma upp aðstöðu sem getur meðhöndlað 30.170 tonn af úrgangi á ári fyrst um sinn, en eftir einhver ár muni afköstin aukast í 100.000 tonn á ári.

Helstu áskoranirnar felist í því að safna saman fiskeldismykjunni og minnka vatnsinnihaldið. Jafnframt þurfi að kortleggja hvar sé hægt að nálgast lífrænan áburð frá landbúnaði í því magni sem til þarf. Mikilvægt sé að efnainnihald þess áburðar sem verður framleiddur sé stöðugt og í samræmi við þarfir bænda svo þeir vilji nota hann. Í áburðarframleiðslunni myndast gas sem hægt sé að nýta til þurrkunar á afurðinni.



Ómar Grétarsson sýnir frá fyrstu laxaslátrun First Water í Þorlákshöfn sem hófst í lok september. Mynd / ál

Gífurleg uppbygging á landi

Lárus Ásgeirsson, forstjóri Laxeyjar í Vestmannaeyjum, sagði frá því að fyrsta slátrun 4,5 til 5 kílógramma laxa færi fram í nóvember. Uppbyggingarverkefnið er í átta áföngum og er áætlað að landeldið verði komið í fulla framleiðslu árið 2032. Fyrsta áfanga var lokið í fyrra og verður áfangi tvö tekin í notkun innan skamms.

Fullbúin stöð geti framleitt 36.000 tonn á ári, sem samsvarar 175 milljónum máltíða. Árlega muni fyrirtækið velta 300 milljónum evra, skapa 100 bein störf og önnur 100 afleidd störf. Fjármögnun Laxeyjar hefur gengið vel og hefur uppbyggingin haldist í takt við upphaflega tímalínu, þrátt fyrir áskoranir sem fylgdu ógagnsæju eftirlitskerfi og seinagangi í útgáfu leyfa.

Enn fremur hefur uppbygging seiðaeldis í Vestmannaeyjum gengið vel. Þar var lagt upp með að geta framleitt seiði fyrir önnur laxeldisfyrirtæki og hefur fyrsta pöntunin þegar verið afgreidd.

Borholusjórinn alveg tær

Ómar Grétarsson, sölu og markaðsstjóri First Water í Þorlákshöfn, sagði í sínu erindi að að Ísland gæti orðið helsta miðstöð landeldis í heiminum, enda mikið af endurnýjanlegri orku og hreinu vatni. Jafnframt hafi Ísland byggt upp gott orðspor fyrir framleiðslu sjávarafurða. Með réttri markaðssetningu væri hægt að setja laxinn á sama stall og íslenska þorskinn.

Miklir kostir fylgdu fiskeldi á landi, eins og engar slysasleppingar og engar lýs. Þá væri hægt að vera með fulla stjórn á losun úrgangs og ekki væri þörf fyrir notkun sýklalyfja. Jafnframt væri hægt að ná 94 prósent af fiski sem af fyrsta flokks gæðum þrátt fyrir að þéttnin sé mun meiri en í sjókvíaeldi, eða 75 kílógrömm í hverjum rúmmetra. Framleiðsluferlið sé jafnframt styttra þegar laxinn er ræktaður á landi og auðveldara að stilla framleiðsluna af þannig að hægt sé að slátra þegar verð á laxi er hæst.

First Water notar jarðsjó úr borholum sem hefur þann kost að vera afar tær. Því sé hægt að nota jarðsjóinn oftar en einu sinni og samkvæmt mælingum sé affallið tærara en sjórinn sem því er sleppt í. Slátrun á laxi hófst í Þorlákshöfn í lok síðasta mánaðar. Meðalstærðin var 5,2 kílógrömm og 96 prósent fisksins komst í fyrsta flokk. Fiskurinn er slægður og blóðgaður og sendur á markaði í Bandaríkjunum, Bretlandi, Hollandi, Frakklandi og Spáni.

Vetrarbúnaður
Hilltip

Snjótennur, fjölplógar,
salt- og sanddreifarar

Wendel



Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is

Opnað fyrir skil
á **haustskýrslum**

Atvinnuvegaráðuneytið hefur opnað fyrir skráningar á haustskýrslum fyrir árið 2025 í Bústofni.

Í samræmi við 10. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013, er öllum umráðamönnum búfjár skylt að skila árlega rafrænni haustskýrslu í Bústofn, eigi síðar en 20. nóvember n.k.

Í haustskýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund, allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu.

Einnig skal koma fram gróffóðuruppskera af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum ásamt fyrningum og upplýsingum.

Skila þarf haustskýrslu í Bústofn fyrir 20. nóvember 2025.

Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvegaráðuneytið

Weckman þakklæðningar

H. HAUKSSON

Finnsk framleiðsla • 30 ára reynsla á Íslandi • CE vottuð framleiðsla

GREENCOAT®

Bárujárn

Verð kr. 3.600 m² með vsk.



GREENCOAT®

Stallað stál

Verð kr. 4.900 m² með vsk.



GREENCOAT®

Trapisustál

Verð kr. 3.600 m² með vsk.



H. HAUKSSON EHF. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN MADE IN FINLAND

Vistvæn jarðvegslausn fyrir bílastæði, göngustíga, garðinn og margt fleira

Jarðvegsgrindurnar okkar eru tilvaldar fyrir bílastæði, göngustíga og garða. Þær eru úr 100% endurunnum efnum og eru auðveldar í uppsetningu.



- Hentar fyrir allar árstíðir
- Ber þungt álag
- Viðhaldslítið og endingargott
- Fljótleg og einföld uppsetning
- Klippt eftir þörfum
- Traust og slitsterkt yfirborð
- Framleitt úr endurunnum efnum

Hafðu samband í dag til að fá tilboð!

Miðhrauni 6, 210 Garðabær | 544 8900 | m@malmsteypa.is

MÁLMSTEYPAN

Alaska:

Litskrúðug og baneitruð laxveiðiá

– Þiðnandi sífreri veldur dauða lífríkis í ám

Laxveiðiár í Alaska eru orðnar mengaðar vegna efnahvarfa sem myndast við þiðnun heimskautasífrerans.

Í Alaska hefur áin Lax (e. Salmon) lengi verið eftirsótt til veiða á samnefndum fiski og vatn hennar lengstum tært og hreint. Nú ber svo við að áin er gruggug og ryðrauð eða jafnvel appelsínugul á lit og ástæða þess rakin til þiðnunar heimskautasífrerans. Gert er ráð fyrir að þetta skyndilega og víðtæka niðurbrot á áður óspilltum norðurskautsstraumum endurspegli útsetningu súlfíðsteinda í undirliggjandi berggrunni fyrir veðrun, í kjölfar þíðu sífrerans.

Grjót í ánni er hlaðið brennisteini og myndar nú súlfíðsýru sem leysir upp allan kopar, kadmíum og fleira sem upphaflega var í berginu. Vatn árinnar er orðið súrt og í því þrífast lifandi verur illa.

Grunnvatnsrennsli og straumvatn frá vistkerfum þar sem súlfíð oxast getur flutt fjölda hugsanlega eitraðra málma til annarra vistkerfa í ferli sem er hliðstætt afrennsli úr súrum námum.

Proceedings National Academy of Sciences, ritrýnt tímarit sem fjallar um rannsóknir á sviðum líffræði, eðlisfræði og félagsvísinda, greinir frá.

Málmar yfir eitrunarmörkum

Votlendið í Brooks Range í Alaska er á víðáttumiklu svæði af friðlýstum víðernum og hefur lengi verið megin búsvæði bæði staðbundinna fiskitegunda og göngufiska (anadromous). Árið 2019 fór fyrst að bera á því að áður glertært vatn árinnar varð appelsínugulleitt og hefur haldist gruggugt og mislitað síðan. All eru nú svo komið fyrir í það minnsta 75 ám og lækjum á svæðinu.

Í rannsókn sem birt var undir síðustu áramót kom í ljós að meginkvísl Lax og flestar þverár hennar hafa málmstyrk sem talinn er eitraður fyrir lífríki í vatni. Niðurstöðurnar gætu hjálpað til við að skýra nýlegt hrun í endurkomu laxa á hrygningarsvæði árinnar.

Laxveiði er mikilvægur tekjustofn íbúa svæðisins og því veldur þetta alvarlegum búsifjum auk náttúruspjalla.

Árnar að verða ónýtar

Meginá Lax sýndi skv. rannsókninni m.a. hækkaðan súlfatstyrk, sem og flestar þverárnar, sérstaklega þær á efri vatnaskilum. Meginkvísl Lax fór stöðugt yfir langvarandi váhrifaþröskuld EPA-umhverfisstofnunarinnar fyrir heildarstuðul endurheimtanlegs járns og áls og uppleysts kadmíums, frá fyrstu stóru þveránni til ósa.

Níu af tíu helstu þverám, sem tekin voru sýni úr, fóru yfir EPA-viðmiðunarmörk.

Niðurstöður benda til þess að búsvæðagæði staðbundinna- og göngufiska séu verulega skert á vatnasviði Lax. Tap á mikilvægu hrygningarsvæði í ánni og mörgum öðrum ám og lækjum á svæðinu gæti skýrt nýlegt hrun í laxagengd.

Breyting ánna á Brooks Range-svæðinu er ekkert einsdæmi, ár, vötn og lækir beggja heimskauta eru í vaxandi mæli að taka á sig þennan ryð-appelsínugula lit vegna þiðnunar sífrerans. Nýbirt rannsókn Umeå-háskóla sýnir að ís við mínus 10 °C losar meira járn úr algengum steinefnum en fljótandi vatn við 4 °C. Þetta ögrar hinum viðteknu sannindum um að frosið umhverfi hægi á efnahvörfum.

Þiðnun sífrera risavaxið mál

Sífreri (permafrost) er þegar hiti fer ekki upp fyrir -1 °C. Þótt talað sé um sífrera þegar frost hefur verið lengur en tvö ár í röð, er oft um að ræða hundruð eða jafnvel þúsundir ára.

Sífrerinn nær til fjórðungs norðurhvels og í Síberíu, Alaska og norðurhluta Kanada eru miklar freðmýrar.

Vísindamenn víða um heim telja ástæðu til að beina athygli í ríkari mæli að þiðnun sífrera jarðar. Þiðnunin hefur miklar afleiðingar, jafnt á landið sjálft og fólkið sem þar býr. Byggð víkur og dýr og aðrar lífverur þurfa að finna sér ný búsvæði.

Alvarleg hætta kann að stafa af örverum sem losna úr klóm frostsins. Þá er að losna úr læðingi kolefni sem bundið hefur verið í ís í þúsundir ára og bætast við þann koltvísýring sem safnast hefur saman af mannavöldum.

/sá



Ár á friðlýstu Broods Range-víðernunum í Alaska eru skyndilega orðnar eitraðar vegna efnahvarfa við þiðnun heimskautafrerans. Fiskistofnar eru í hættu, sem og annað lífríki. Mynd / Josh Koch





Í vinnslusal sláturhúss sem tekið var í notkun í Noregi í síðasta mánuði. Myndir / Aðsendar

Noregur:

Slátrun hafin á ný í Guðbrandsdalnum

– Atvinnuuppbygging í samstarfi einkaaðila, bænda og nokkurra sveitarfélaga

Í Otta í Guðbrandsdalnum var nýtt sláturhús og kjötvinnsla tekin í notkun í september. Sveitarfélög og bændur á svæðinu löðuðu til sín einkaaðila eftir að samvinnufélagið Nortura lokaði sínu sláturhúsi í Otta fyrir nokkrum árum.

Terje Wester er framkvæmdastjóri sláturhússins og kjötvinnslunnar, sem nefnist Dalir Kjøtt. „Við erum staðsett í miðju Noregs milli Oslóar og Þrándheims. Í héraðinu er öflug framleiðsla á nauta- og lambakjöti," segir Wester. Við brotthvarf Nortura árið 2019 hafi stórt svæði verið fjarri næsta sláturhúsi og mörg störf glatast. „Þegar það gerðist kom sveitarstjórinn fram í fjölmiðlum og sendi hvatningu til aðila í kjötiðnaðinum og sagði að tekið yrði afar vel á móti þeim," segir Wester.

Bændur hluthafar í félaginu

„Við fórum að kanna fýsileika sláturhússins árið 2020 og frá upphafi nutum við mikils stuðnings." Heimsfaraldur, stríð og verðbólga hafi hins vegar valdið töfum og eitt fyrirtækjanna sem tók þátt í undirbúningsvinnunni dró sig út.

Fyrirtækið Jæder, sem er stór aðili í kjötvinnslu, hafi hins vegar fylgt verkefninu til enda og er nú 95 prósent eigandi að Dalir Kjøtt. Þá eru rúmlega 500 bændur og einstaklingar í nágrenninu sem eiga saman fimm prósent. „Fyrir Jæder skipti miklu máli að finna fyrir öflugum stuðningi úr héraðinu, bæði frá sveitarfélaginu og bændum, enda áhætta fyrir eitt fyrirtæki að leggjast í svo mikla fjárfestingu."



Terje Wester, framkvæmdastjóri Dalir Kjøtt.

Sveitarfélögin eiga fasteignirnar

Þar sem Nortura vildi ekki selja sláturhúsið sitt undir nýja starfsemi komu sveitarfélögin að því að kaupa nýja lóð sem sláturhúsið leigir. Þá hafi verið stofnað félag sem byggði og á fasteignirnar þar sem fjögur sveitarfélög deila 45 prósent eignarhluti á móti 55 prósent hlut Jæder. Rekstur sláturhússins er í höndum Dalir Kjøtt, sem leigir allar fasteignirnar af áðurnefndu félagi.

„Í þessum hluta Noregs hafa mörg iðnfyrirtæki hætt starfsemi á undanförnum þremur áratugum. Því skortir atvinnu, en landbúnaðurinn stendur vel. Þetta er sennilega stærsta fjárfesting í atvinnulífinu hérna í þrjátíu ár og því mikilvægt fyrir alla sem búa á svæðinu."

Rekjanleiki og ólíkir gæðaflokkar

Aðspurður hvað skilji Dalir Kjøtt frá öðrum sláturhúsum í Noregi segir Wester að langflest þeirra séu byggð á áttunda og níunda áratugnum, fyrir utan eitt sem var tekið í notkun árið 2010. Á undanförnum áratugum hafi verið mikil tækniþróun í framleiðsluaðferðum sem gefi Dalir Kjøtt færi á að skila af sér hráefni af bestu mögulegu gæðum. Enn fremur gefi tæknin færi á meiri dýravelferð.

Wester segir Dalir Kjøtt miða við að ekki þurfi að flytja sláturgripi í meira en tvo klukkutíma, en flestir bændur sem nýti sér þjónustu sláturhússins búi í minna en klukkutíma fjarlægð. Áður hafi næstu sláturhús verið í þriggja til fimm tíma akstursfjarlægð. Dalir Kjøtt slátrar sauðfé og nautgripum og stefnir að því að ná fimm prósent markaðshlutdeild í framleiðslu slíkra afurða í Noregi. Vörurnar frá Dalir Kjøtt verða ferskt og óunnið kjöt.

Viðskiptavinir Dalir Kjøtt geta haft vissu um að kjötið á allt uppruna sinn á afmörkuðu svæði, þó svo að almennt sé ekki hægt að rekja það niður á einstaka bæi. Sláturhúsið vinnur jafnframt í samstarfi við smásöluaðila að því að bjóða kjöt af ólíkum gæðaflokkum. Wester hefur starfað í þessum bransa allan sinn starfsferil og hann segir að á undanförnum árum séu viðskiptavinirnir farnir að gera sterkari kröfu um að vita uppruna kjötsins og að dýravelferð sé sinnt. Það gefi Dalir Kjøtt ákveðið forskot á aðra framleiðendur sem ýmist hafa ekki aðstöðu eða áhuga á að bæta rekjanleika.

/ál

MöstC er 15 ára!









20% afsláttar - afmælisvika

13. - 19. október.

Partý!

Laugardaginn 18 október.

Þér er boðið!

Léttar veitingar

ásamt fullt af gleði!

Möst.C



Við hjá MöstC Tískufataverslun leggjum áherslu á að hafa í boði nóg úrval af buxum, leggings, kjólum, úlpum, peysum, skarti og skóm.

Starfsfólkið okkar, með Ásthildi verslunarstórann okkar í farabroddi, leitast við að veita viðskiptavinum faglega og góða þjónustu. Létt og góð stemming hefur ríkt í Möst.C frá því verslunin opnaði.
Ég er bæði glöð og þakklát og fyrir það traust sem viðskiptavinir okkar hafa sýnt okkur öll þessi ár.

Sandra J. Svavarsdóttir
Framkvæmdastjóri og eigandi.

Vefverslunin MöstC - *www.mostc.is*
er opin allan sólarhringinn

Verslunin MöstC
er í Bláu Húsunum við Faxafen

Sími: 588-4499 - Opnunartími:
mán. - föst. 11-18 - Laugardaga 11-16



Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2026

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamanna-stöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila

Sérstök áhersla er lögð á framkvæmdir sem stuðla að bættu öryggi ferðamanna

Í úthlutuninni er lögð áhersla á framkvæmdir sem stuðla að bættu öryggi ferðamanna. Gæðamat sjóðsins mun taka mið af þessari áherslu og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér nýtt gæðamatsblað sjóðsins og „Áhættumat framkvæmda“ sem finna má á heimasíðu Ferðamálastofu, **www.ferdamalastofa.is**, á umsóknartíma.

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- *Öryggi ferðamanna.*
- *Náttúruvernd, viðhaldi og uppbyggingu ferðamannastaða og ferðamannaleiða.*
- *Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda.*

Sjóðnum er ekki heimilt m.a.:

- *Að bera rekstrarkostnað af mannvirkjum og vegna náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.*
- *Að fjármagna framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.*
- *Veita fjármagni til verkefna sem þegar er lokið.*

Gæði umsókna

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þau lög og reglur sem um sjóðinn gilda og vanda umsóknir sínar í hvívetna.

*Umsækjendum er bent á að kynna sér gæðaviðmið sjóðsins sbr. gæðamatsblað ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn, skilyrði lánveitenda og umsóknarferlið, sem finna má á vefsíðu Ferðamálastofu **www.ferdamalastofa.is/umsoknir***

Geirsgata 9,
101 Reykjavík

www.ferdamalastofa.is

framkvaemdasjodur@ferdamalastofa.is

Hvar ber að sækja um

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum island.is en hlekkur á umsókn er á vefsíðu Ferðamálastofu **www.ferdamalastofa.is/umsoknir**

Umsóknarfrestur

Umsóknartímabil er frá og með 7. október til kl. 13 þriðjudaginn 4. nóvember.
Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til álita.

Svínarækt:

„Tollverndin er alfa og

– Formaður svínabænda segir tækifærin liggja í aukinni innlendri framleiðslu og kallar eftir fyrirsjáanleika og skýrri stefnu stjórnvalda

Þröstur Helgason
throstur@bondi.is



„Búvörusamningarnir eru í raun ekki pappírsins virði ef tollverndin verður ekki styrkt," segir Ingvi Stefánsson. Myndir / Bbl

Svínarækt á Íslandi stendur á tímamótum. Eftirspurn eftir svínakjöti hefur stöðugt verið að aukast, en framleiðslan hefur nánast staðið í stað í áratugi. Á sama tíma glíma svínabændur við hátt vaxtastig, brotakennda tollvernd og skort á stefnu í landbúnaðarmálum.

Ingvi Stefánsson, formaður deildar svínabænda hjá Bændasamtökum Íslands, sem í fyrra tók í notkun nýtt svínabú á Sölvastöðum stutt frá svínabúi sínu á Teigi í Eyjafirði, telur stöðu svínaræktar í landinu viðkvæma og krefjandi þótt hún sé að mörgu leyti jákvæð. Eftirspurn hafi til dæmis aukist þó að svínabændur hafi ekki náð að svara henni með eigin framleiðslu.

„Við erum að framleiða sama magn og fyrir 25 árum"

„Neytendur vilja íslenskt svínakjöt, það er traust til innlendrar framleiðslu, og markaðurinn hefur stækkað mikið," segir Ingvi. „En við höfum ekki fylgt eftir þeirri þróun. Í dag erum við að framleiða nánast sama magn og fyrir 20–25 árum, þó að eftirspurnin hafi aukist um 30–40 prósent á sama tíma. Það þýðir að það sem upp á vantar er fengið með innflutningi sem er nú um 25 prósent af svínakjötsmarkaðnum hér innanlands."

Hvers vegna hefur framleiðslan ekki aukist, þegar eftirspurnin er svona mikil?

„Það eru fyrst og fremst efnahagslegar forsendur sem halda aftur af fólki. Vaxtastigið er mjög hátt, fjárfestingakostnaðurinn mikill, og það er engin trygging fyrir því að tollverndin sem við byggjum á standi til lengri tíma. Það hefur dregið kjarkinn úr mörgum bændum. Þá er einnig mjög erfitt að fá lánsfé í uppbyggingu eins og umhverfið er í dag, það þekki ég af eigin raun."

Tollvernd sem fjaraði út

Hvernig snúa tollverndarmál að þér og öðrum svínabændum?

„Tollverndin er alfa og ómega fyrir okkur eins og flest allan landbúnað," segir Ingvi. „Hún er það sem heldur innlendri framleiðslu á lífi, sérstaklega í svínarækt þar sem við erum í beinni samkeppni við evrópska markaði. En hún hefur verið að fjara út smám saman. Magntollar hafa staðið óbreyttir í krónum talið frá árinu 1995 – það er 30 ár! Á þessum tíma hefur verðbólga og gengisþróun gert það að verkum að tollarnir bíta varla neitt í dag.

Við höfum verið að kalla eftir skýrari línum í tollverndina árum saman en lítið sem ekkert hefur gerst. Búvörusamningarnir eru í raun ekki pappírsins virði ef tollverndin verður ekki styrkt. Íslenskur landbúnaður, sem Evrópusambandið skilgreinir allan sem heimskautalandbúnað, verður aldrei samkeppnisfær nema hann njóti einhvers konar verndar. Við stöndum mjög vel hvað gæði kjötsins varðar enda heilnæmi framleiðslunnar meira en gerist í þeim löndum sem við erum að keppa um hillupláss við. En það er erfitt að keppa við verð innfluttu framleiðslunnar. Þannig verður alltaf ódýrara að flytja allt inn og vona að matarkistur Evrópu standi okkur alltaf opnar. Það er svo spurning hversu gáfulegt það er eins og heimsmálin eru að þróast um þessar mundir."

En hvað eruð þið að fara fram á?

„Tollarnir voru lækkaðir hér handvirkt um 40 prósent árið 2007. Tollkvótarnir fyrir innflutt kjöt voru svo stórauknir árið 2015. Samkeppnin erlendis frá jókst mjög mikið við þetta. Krónutala magntolla hefur svo verið sú sama frá árinu 1995 eins og áður gat. Brýnast er líklega að stoppa í þetta gat og uppreikna þessar tölur.

Þetta voru á sínum tíma svokallaðir ofurtollar sem vernduðu innlenda framleiðslu, en nú er svo komið að menn geta flutt inn ákveðna vöðvahluta, borgað fullan toll – og samt selt á lægra verði en við getum framleitt fyrir hér. Það er galið. Það sýnir einfaldlega að kerfið hefur ekki þróast með tímanum."

Á þetta hefur verið bent lengi, ekki satt?

„Við höfum bent á þetta árum saman, bæði sem félag og í gegnum Bændasamtökin. Það hefur lítið gerst. Stjórnvöld tala um mikilvægi fæðuöryggis, en þegar kemur að framkvæmdinni þá gleymist þessi grunnforsenda – að vernda innlenda framleiðslu. Án hennar er allt annað orðin tóm."

„Við höfum verið utan við kerfið"

Hvernig horfir stuðningskerfi landbúnaðarins við ykkur svínabændum?

„Við höfum verið nánast utan við kerfið," svarar Ingvi. „Það var búinn til sérstakur pottur fyrir svínarækt fyrir átta eða níu árum sem nýttist til úreldingar og nokkurra fjárfestinga, en hann var smár miðað við raunþörfina. Það er ekkert langtímaöryggi í því.

Við höfum lagt til að annaðhvort verði stofnaður raunverulegur fjárfestingarsjóður eða að svínabændum verði boðin hagstæð lán til að byggja upp búin. Núna er staðan þannig að menn eru að fjárfesta með 10–12 prósent óverðtryggðum vöxtum – það er ekki raunhæft."

ómega fyrir okkur“

Hvernig sjáið þið búvörusamningana fyrir ykkur?

„Að mínu mati á að vera heildarsamningur fyrir íslenskan landbúnað þar sem allar búgreinar fá tækifæri til að nýta stuðning eftir þörfum,“ segir Ingvi. „Óháð búgrein þá á það sama að gilda: ef verkefnið styður sjálfbærni, nýtingu áburðar eða vöruþróun, þá á það að falla undir kerfið. Þetta snýst um jafnræði og skynsemi.

Það þarf sem sagt að móta heildarsýn á íslenskan landbúnað og svo búvörusamninga sem taka mið af hagsmunum allra bænda í landinu. Sauðfjár- og mjólkurframleiðslan hefur hingað til verið í forgrunni samninganna ásamt grænmetinu á undanförnum árum. Aðrar búgreinar hafa setið á hakanum. Þessu þarf að breyta. Við ættum ekki að þurfa að vera að tala um þetta núna árið 2025.“

Uppsöfnuð fjárfestingarþörf

En þýðir þetta að það þurfi að stækka kökuna? Auka fjármagnið inn í búvörusamningana?

„Það er uppsöfnuð fjárfestingarþörf í nánast öllum búgreinum ef ekki hreinlega öllum,“ segir Ingvi. „Landbúnaðurinn í heild sinni þarf að ná vopnun sínum. Ég held að það blasi við.

Við höfum kallað eftir meira fjármagni mörg síðustu ár en það

– Framhald á blaðsíðu 34

„Við höfum ekkert að fela“

Dýravelferð í svínarækt hefur oft verið til í umræðu og bændur hafa verið gagnrýndir. Ingvi segir að bændur séu opnir fyrir þessari umræðu og hafi brugðist við henni með ýmsum hætti. Velferð dýranna sé fyrir öllu.

„Við höfum tekið miklum framförum á síðustu árum. Ný bú hafa verið byggð eftir ströngustu stöðlum og þessi þróun mun halda áfram. Á næstu árum verðum við komin á nánast sama stað og Norðmenn, sem eru með einhver bestu velferðarlög í Evrópu. Ég segi það alveg hreint út: Við höfum ekkert að fela.“

Samt heyrist gagnrýni á til dæmis halaklippingar og jafnvel tannklippingar.

„Já, og það er eðlilegt að fólk hafi skoðanir á því. Við höfum ekki klippt tennur í áratugi, að minnsta kosti ekki á þessari öld. Það hefur hins vegar tíðkast að slípa tennur og sumir bændur gera það enn Það er hins vegar mun minna inngrip heldur en að klippa tennur og er gert til að varna því að grísirnir særi spenana á gyltunum. En halaklippingar eru þekktar og



„Við erum að reyna að auka gagnsæi, sýna framleiðsluna opinskátt og við leggjum mikla áherslu á að fólk viti hvernig við vinnum. Ég held að það skili sér í trausti neytenda.“

tíðkast enn hér sem víða annars staðar í svínaræktarheiminum. Með þeim er verið að koma í veg fyrir halabit sem getur verið gríðarlegt velferðarvandamál, valdið sýkingum og sjúkdómum. Á bak við halaklippingar er því faglegt mat byggt á dýralæknisfræðilegum forsendum. Við erum samt að skoða lausnir, með kynbótum, auknu rými og breyttum umhverfisaðstæðum. Þetta er þróun, og við tökum þátt í þeirri vegferð.“

Í þessu sambandi rifjar Ingvi upp að svínaræktin fékk á sig mjög mikla gagnrýni fyrir rúmum 10 árum síðan þar sem hún var þá að gelda galtargrísi.

„Í framhaldi af þeirri umræðu voru geldingar alfarið aflagðar hér á landi árið 2016. Á þessum árum hefur innflutningur á svínakjöti frá Evrópu stóraukist. Ég leyfi mér að fullyrða að svínakjöt sem flutt er inn til landsins komi alltaf af svínabúum þar sem bændur gelda enn þá sjálfir galtargrísina. Af hverju á sér ekki stað nein umræða um það? Nú hefur innflutningur á svína-, kjúklinga- og nautakjöti stóraukist á undanförnum árum. Af hverju er engin umræða hérlendis um hvernig aðbúnaði og dýravelferð er háttað í þessum innflutningslöndum?“

Hefur umræðan um dýravelferð haft áhrif á neyslu eða ímynd greinarinnar?

„Kannski tímabundið, en almenningur sér líka að við höfum tekið gagnrýni alvarlega og brugðist við. Við erum að reyna að auka gagnsæi, sýna framleiðsluna opinskátt og við leggjum mikla áherslu á að fólk viti hvernig við vinnum. Ég held að það skili sér í trausti neytenda.“

Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða 2025/26

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Söfnunarstaður	Flutningsaðili	Sími	Ullarpokar fást hjá	Sími
Mosfellsbær	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300
Borgarnes	Biggi Upp ehf	691-4995	KB. Búrekstrardeild	430-5500
Snæfellsnes	Biggi Upp ehf	691-4995	Ragnar og Ásgeir Grundarfirði	430-8100
Búðardalur	Biggi Upp ehf	691-4995	Vörumiðlun Búðardal	852-2858 / 860-0029
Saurbær	Biggi Upp ehf	691-4995	Vörumiðlun Búðardal	852-2858 / 860-0029
Króksfjarðarnes	Biggi Upp ehf	691-4995	Vörumiðlun Búðardal	852-2858 / 860-0029
Barðaströnd	Biggi Upp ehf	691-4995	Barði Sveinsson Innri-Múla	456-2019
Þingeyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Flateyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Ísafjarðardjúp	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Hólmavík	Biggi Upp ehf	691-4995	Pakkhúsið Vík á Hólmavík	863-6900
Bitrufjörður	Biggi Upp ehf	691-4995	Pakkhúsið Vík á Hólmavík	863-6900
Borðeyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Hvammstangi	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Blönduós	Ullarþvottastöð	483-4290	Lífland Blönduósi	540-1155
Sauðárkrókur	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfél. Skagfirðinga, Verslunin Eyri	455-4610
Akureyri	Bændaverk ehf	865-0240	Bústólpi Oddeyrargötu	460-3350
Húsavík	Bændaverk ehf	865-0240	Heimamenn ehf	891-8800 / 464-2100
Mývatn	Bændaverk ehf	865-0240	Heimamenn ehf	891-8800 / 464-2100
Kópasker	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Jón R. Gíslason, Fjarðarvegur 25	892-0632
Vopnafjörður	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Egilsstaðir	Bændaverk ehf	865-0240	Landstólpi	480-5610
Höfn	Biggi Upp ehf	691-4995	KASK Höfn Hornafirði	470-8222
Kirkjubæjarklaustur	Biggi Upp ehf	691-4995	N1 - Kirkjubæjarklaustri	487-4628
Vík	Biggi Upp ehf	691-4995	Verslunin Aldan	696-6816
Hvolsvöllur	Þórður Jónsson	893-2932	Þórður Jónsson	893-2932
Flúðir	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840
Selfoss	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840





„Að mínu mati á að vera heildarsamningur fyrir íslenskan landbúnað þar sem allar búgreinar fá tækifæri til að nýta stuðning eftir þörfum," segir Ingvi.

hefur ekki skilað neinu. Að mínu mati myndi aukin tollvernd skila miklu. Ef hún bítur þá mun hagur bænda vænkast. Neytendur gætu hins vegar þurft að greiða eitthvað meira fyrir vöruna. Það þorir auðvitað enginn að segja það en sennilega er það veruleiki sem við þurfum að horfast í augu við að matvara mun verða dýrari eftir því sem árin líða. Áherslan á ódýran mat er ekki sjálfbær stefna. Hér vildi ég sjá stjórnvöld koma að borðinu með því að lækka virðisaukaskatt á matvæli, sem var jú árið 2015 hækkaður úr 7% upp í 11%."

Fæðuöryggi í forgrunni

Á síðustu árum hefur fæðuöryggi orðið mikið umræðuefni, sérstaklega í ljósi heimsástandsins. Hvernig tengist það svínaræktinni?

„Það tengist beint," svarar Ingvi. „Við erum háð innflutningi á fóðri og eldsneyti. Ef eitthvað gerist í alþjóðaviðskiptum, þá sér maður strax hvað við erum berskjölduð. Þess vegna þarf Ísland að tryggja lágmarks fæðuöryggi. Það þýðir að við verðum að geta staðið undir okkar eigin landbúnaðarframleiðslu – hvort sem það er naut, svín eða kjúklingur.

Í Evrópu hefur áherslan færst frá loftslagsmálum yfir í fæðuöryggi eftir stríðið í Úkraínu. Þjóðir vilja geta séð sjálfar um sig. Það er nákvæmlega sama hugsun sem við þurfum hér."

Hvaða áhrif myndi innganga í Evrópusambandið hafa á íslenska svínarækt?

„Ég hugsa að hún myndi leggjast af, mögulega yrði þó eftir einhver framleiðsla innanlands til að sinna ferskvörumarkaðinum.

Við svínabændur vitum auðvitað af þessari umræðu um aðild að Evrópusambandinu en við getum ekki horft mikið í hana þegar við erum að taka ákvarðanir um þróun og rekstur búanna okkar. Ef við gerðum það myndum við líklega ekki gera neitt."



„Landbúnaðurinn í heild sinni þarf að ná vopnum sínum. Ég held að það blasi við."

Kornrækt, fóður og sjálfbærni

Fóðurkostnaður er stór þáttur í rekstri svínabúa. Er hægt að byggja upp innlenda fóðurframleiðslu í auknum mæli?

„Já, það er stórmál. Fóðurkaup eru okkar langstærsti útgjaldaliður og við þurfum að byggja upp meiri innlenda kornrækt til lengri tíma, til að draga úr innflutningi og styrkja sjálfbærni. En það tekur tíma – þetta eru áratugaverkefni. Samt sé ég mikla möguleika, sérstaklega ef við fáum samstarf milli bænda og ríkis um þróun ræktunar og geymsluaðstöðu. Þótt það sé langsótt að fara í mikla kornrækt hér í Eyjafirðinum, þótt ekki væri nema vegna skorts á undirlendi, þá hefði ég áhuga á að kaupa korn af íslenskum bændum. Svínabændur gætu orðið stórkaupendur að íslensku korni ef sú framleiðsla eykst."

„Við eigum að einbeita okkur að heimamarkaðnum"

Hver er framtíðarsýn þín fyrir íslenska svínarækt?

„Við eigum að einbeita okkur að heimamarkaðnum," segir Ingvi og heldur áfram. „Það er þar sem styrkurinn okkar liggur – í gæðum, hreinleika og trausti neytenda. Við eigum ekki að keppa á heimsmarkaði – og það á líka við um lambakjötið – heldur tryggja að íslensk heimili hafi aðgang að innlendu, öruggu og vönduðu kjöti.

Ég er í raun bjartsýnn. Það er góður hugur í mönnum, og við höfum sterkan hóp bænda sem vilja byggja framtíð greinarinnar. En við þurfum fyrirsjáanleika, sanngjarna tollvernd og eðlilegar fjárfestingaforsendur. Þá mun íslensk svínarækt blómstra."



Svínabúið á Sölvastöðum

- **400 gyltur.**
- **Framleiðslan, þegar búið er komið í full afköst, verður u.þ.b. 13.000 grísir á ári.**
- **Áframeldi á sér stað á þremur öðrum búum sem Sölvastaðir eru í samstarfi við.**
- **Stefnan er að byggja eldisgrísahús á Sölvastöðum á næstu árum sem mun anna megninu af framleiðslunni á gyltubúinu.**
- **Framleiðsla búsins ásamt áframeldinu verður ríflega þúsund tonn á ári.**
- **Öll framleiðslan fer til Kjarnafæðis/Norðlenska á Akureyri.**
- **Ársframleiðslan á landsvísu er um 80.000 grísir á ári.**
- **Félagið sem heldur utan um búið á Sölvastöðum er í eigu svínabúsins í Teigi (í eigu Ingva Stefánssonar og Selmu Drafnar Brynjarsdóttur), Kjarnafæðis/Norðlenska og Bústólpa.**



Nýjar bækur:

Hreinn Halldórsson með ljóðabók

– Úrval úr áratuga textasmíð



Komin er út ljóðabók eftir Hrein Halldórsson kúluvarpara og harmónikuleikara.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi hefur sent frá sér 25. bókina í bókaflokknum Austfirsk ljóðskáld: Ljóð mitt og lag, eftir Hrein Halldórsson. Bókin hefur að geyma tækifærisljóð, lausavísur, söngtexta og ljóð við ýmis tilefni, alls 107 talsins. Á bak við yfir 20 ljóð í bókinni eru sönghæf lög en alls eru lög Hreins um 200 að tölu. Bókin er 104 síður, í harðspjöldum.



Hreinn Halldórsson.

Hreinn er fæddur árið 1949 og löngu kunnur hagyrðingur og vísnasmiður en einnig harmónikuleikari. Hann ólst upp á Hrófbergi við Steingrímsfjörð en hélt ungur til Reykjavíkur og starfaði m.a. í áratug sem strætisvagnabílstjóri. Hreinn var þekktur íþróttamaður á sinni tíð og varð Evrópumeistari innanhúss í kúluvarpi árið 1977 og þrisvar sinnum kosinn íþróttamaður ársins. Hann var útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ árið 2018.

Hreinn hefur búið og starfað á Egilsstöðum frá árinu 1982, lengst af sem umsjónarmaður íþróttamannvirkja. */sá*

Lífsins ljós

Í smalamennsku
á Þernunesi, uppi í Breiðdal

Ég horfi eftir lífsins ljósi
sem logar við efsta tind
þó heimurinn hatri gjósi
og heiftin um flæði blind.
Í ljósið ég stöðugt stefni
þó stefnan sé breytileg
því loforð ég lífsins efni
sem leiðir mig þennan veg.

Það gefur mér gleði sanna
að geta á ljósið treyst
því oft er hér meðal manna
svo margt sem er ekki leyst.
Ég bið þess að ljósið logi
og lýsi hér hverja stund
uns himneskur himinbogi
er horfinn af vorri grund.

Ljóð mitt og lag, bls. 70.

Þarft þú að láta bora??

Heitt vatn? Kalt vatn?? Varmaskiptir??

Við hjá Finni ehf. búum yfir tækjakosti af allra nýjustu gerð.

Við borum niður allt að 600 metrum með beltabor sem auðvelt er að koma að á erfiða staði.

Við borum um allt land.

Fyrir frekari upplýsingar, sendið á finnur@finnurehf.is eða hringið í síma 897-1490

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA

Öll úr sömu sveit

– Bændafundir 2025 –

3. nóvember
kl. 12:00 - Hótel Borgarnes
kl. 16:00 - Hótel Laugarbakki
kl. 20:00 - Ljósheimar, Sauðárkrókur

4. nóvember
kl. 12:00 - Hlíðarbær, Akureyri
kl. 20:00 - Félagsheimilið Breiðamýri, Þingeyjarsveit

5. nóvember
kl. 12:00 - Skólahúsnæðið á Kópasker
kl. 20:00 - Barnaskólinn á Eiðum, Egilsstaðir

6. nóvember
kl. 12:00 - Félagsheimilið Holt á Mýrum, Hornafjörður
kl. 16:00 - Félagsheimilið Kirkjuhvoll, Kirkjubæjarklaustur

7. nóvember
kl. 11:00 - Félagsheimilið Goðaland, Fljótshlíð
kl. 15:00 - Hill Hótel, Flúðir

Stjórn, framkvæmdastjóri og starfsfólk Bændasamtakanna fara í fundaferð um landið til að hitta bændur.
Við viljum eiga opinskátt spjall um málefni bænda, stöðu landbúnaðarins og það sem skiptir bændur máli. Fundirnir eru tækifæri til að ræða málefnin sem eru í brennidepli og fyrir bændur að segja sínar skoðanir.
Fundirnir eru öllum opnir og boðið verður upp á léttar veitingar.

11. nóvember - Dalirnir
kl. 20:00 - Fundarstaður kynntur síðar

12. nóvember - Vestfirðir
kl. 12:00 - Ísafjörður
kl. 17:00 - Barðaströnd

Nánari upplýsingar má finna á bondi.is og á Facebook síðu Bændasamtakanna

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Sýndargirðingar!



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Notkun á hálsólum til að stjórna atferli dýra er ekki beint nýjung í dag enda hefur slíkur búnaður verið til t.d. á hunda í áraraðir. Það er þó nýjung að nota þessa tækni við að stjórna búfé á beit en fleiri og fleiri aðilar í heiminum bjóða nú orðið upp á slíkan tæknibúnað.

Í Noregi eru t.d. tvö fyrirtæki sem framleiða svona búnað, fyrirtækin Monil og Nofence, og eru nú ótal bændur sem þegar nýta sér þessa tækni frá þessum fyrirtækjum við að stjórna búfé sínu á beit. Það er gaman að segja frá því að íslenski fjárfestirinn Sigurlaug Óskarsdóttir er einn af lykilfjárfestunum á bak við fyrirtækið Monil, en hún hefur verið lykilmaður í norska sprotafyrirtækjasamfélaginu síðasta áratuginn. Sigurlaug er m.a. meðeigandi í tæknifjárfestafyrirtækinu FIRDA og hefur m.a. stýrt StartupLab í vísindagarðinum í Ósló svo dæmi sé tekið.

Sérstakar hálsólar

Bæði þessi norsku kerfi byggja í raun á svipuðum lausnum, þ.e. að sérstakar hálsólar eru settar á kindur, geitur eða kýr. Þessar hálsólar eru svo með búnað sem getur staðsett gripina á beitinni í rauntíma. Með uppsetningu á sýndargirðingum, þ.e. með því að setja upp hnitsetta sýndargirðingu í símanum eða tölvunni, getur bóndinn í raun afmarkað það svæði sem gripirnir geta farið um og ef þeir fara út fyrir mörk sýndargirðingarinnar gefa hálsólarnar frá sér viðvörunarhljóð. Ef gripurinn virðir svo ekki hljóðmerkið, þá gefur ólin frá sér lítils háttar straum og sér þannig um að halda gripnum innan þeirra marka sem á að virða, rétt eins og um rafmagnsgirðingu væri að ræða.

Notast við GPS-kerfið

Þessi kerfi byggja á notkun GPS-kerfisins og er nákvæmni þess, þ.e. hvar mörk sýndargirðingarinnar liggja, um 3–5 metrar. Þ.e. girðingarmörkin eru nokkuð breið en það hefur líklega ekki stór áhrif á raunverulegt notkunargildi þessa kerfis. Þá geta bændurnir séð í rauntíma hvar hver einasti gripur heldur sig á beitinni. Þannig er í raun einnig hægt að fylgjast með atferli gripanna og líðan þeirra jafnvel þó þeir séu langt frá næsta fjósi. T.d. má sjá fyrir sér að sé gripur óvenju lengi á sama stað sé ástæða til að kanna málið með líðan gripsins svo dæmi sé tekið.

Til hvers?

Lesendur Bændablaðsins kunna að spyrja sig af hverju bændur gætu séð kosti við það að nota sýndargirðingar og svarið felst einfaldlega í því að þetta kerfi gerir hefðbundnar girðingar óþarfar með tilheyrandi stofn- og viðhaldskostnaði. Þá er hægt að nýta beitiland mun betur og án teljandi vinnu, enda er hægt að færa til sýndargirðingar í tölvu eða síma án mikillar fyrirhafnar.



Sýndargirðing virkar þannig að sérstakar hálsólar, tengdar við GPS kerfi, gefa frá sér hljóðmerki þegar gripur nálgast ytri svæði girðingarinnar og lætur þannig vita að gripurinn sé kominn nógu langt. Mynd / Nofence

Sýndargirðing sett upp

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðum fyrirtækjanna er afar einfalt að setja upp sýndargirðingu með sérstöku snjallsímaforriti þar sem bóndinn velur það svæði sem gripirnir eiga að fá aðgengi að og teiknar hann svo upp girðinguna umhverfis beitarsvæðið. Girðinguna má svo færa til og stækka eða minnka beitarsvæðið eftir þörfum. Jafnvel má sjá fyrir sér randbeit með notkun þessarar nýju tækni.

Kenna þarf gripunum á kerfið

Áður en bændur geta tekið kerfin í notkun þarf að kenna búfénu á sýndargirðingarkerfið. Það er einfaldlega gert með því að hleypa þeim í frekar lítil beitarhólf sem eru með hefðbundinni girðingu allt um kring. Svo er sýndargirðing sett upp innan við hina hefðbundu girðingu þannig að gripirnir læra að hljóðmerkið þýðir að nú sé rétt að snúa við en um leið er hin hefðbundna girðing trygging fyrir því að ef gripur fer yfir mörkin þá sleppi hann ekki út. Reynslan frá Noregi sýnir að það tekur gripina 1–2 vikur að venja þá við nýju hálsólarnar og að læra á hljóðmerkið og þá hvernig á að bregðast við því svo hálsólin gefi ekki frá sér straum. Þá sýnir reynslan af þessu að ekki er hægt einungis að vera með hálsólar á hluta hjarðarinnar, allir gripir þurfa að vera með þetta því annars getur komið upp togstreita í hópnum ef einn gripur getur rölt út fyrir sýndargirðingarmörkin en aðrir ekki.

Hvað með dýravelferðina?

Eftir lestur á þessu efni kann að vera að fólk velti fyrir sér velferð dýranna sjálfra, hvort það sé forsvaranlegt að vera með hálsólar á gripum sem geta gefið frá sér straum í ákveðnum tilvikum. Um þetta hefur verið töluvert rætt og ritað erlendis og má nefna sem dæmi að sænsku dýravelferðarreglurnar hafa til þessa komið í veg fyrir notkun kerfisins þar í landi. Eftir rannsóknir á kerfunum, þar sem m.a. kom í ljós að langoftast er það einungis hljóðmerkið sem slíkt sem hindrar dýr í að fara að útmörkum sýndargirðingarinnar, hefur komið annað hljóð í strokkinn. Um komandi áramót verða þessi kerfi nefnilega heimil í Svíþjóð. Skýringin felst í niðurstöðum rannsóknanna, sem auk þess sem að framan er ritað, sýna að gripirnir eru bæði fljótir að læra á sýndargirðingarnar sem og að með tækninni má bæta verulega beitarmöguleika gripa með því að opna aðgengi að svæðum sem áður var erfitt að hleypa gripum á til beitar. Kerfi sem þessi ýti einnig undir að fleiri gripir fái bætt aðgengi að beit og því sé heildardýravelferðin betri með kerfinu en án þess. Þá segir í fréttatilkynningu sænsku ríkisstjórnarinnar að þar á bæ sé litið á það sem svo að með því að heimila sýndargirðingar stuðli sænska ríkisstjórnin að bættri samkeppnishæfni sænsku nautgripa- og sauðfjárræktarinnar og um leið að efla velferð gripa.



Hálsólarnar frá fyrirtækinu Monil hlaða sig sjálfar í sólinni. Mynd / Monil



Notendur sýndargirðingarkerfisins geta fylgst með staðsetningu gripa sinna með einföldum hætti. Mynd / Monil

Góð reynsla norskra bænda

Reynsla norskra bænda af notkun á sýndargirðingarkerfum virðist vera nokkuð góð og þá virðast gripirnir vera nokkuð fljótir að læra á það „hvað má og hvað ekki“. Þannig sýni gripirnir fljótt viðbrögð við því sé sýndargirðingin „færð“ þ.e. ef bóndinn breytir beitarsvæðinu og t.d. stækkar það eða þrengir. Það sé þó ákveðinn kostur að vera ekki að færa beitarmörkin of oft enda þurfa gripirnir þá að læra á nýtt svæði með tilheyrandi viðvörunarhringingum hálsólanna.

Fyrir áhugasama má benda á heimasíður norsku fyrirtækjanna tveggja: monil.com og nofence.no



Sýndargirðingarkerfin eru í dag seld til notkunar í nautgripa-, sauð- og geitfjárrækt. Mynd / Nofence



Meginmarkmiðið að styrkja stöðu bænda og auka verðmætasköpun

Nú í byrjun október birtust í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi mínu um breytingar á búvörulögum. Meginmarkmið breytinganna er að styrkja stöðu frumframleiðenda búvara, það er bænda, og skapa tækifæri til aukinnar samvinnu og verðmætasköpunar, að teknu tilliti til meginreglna samkeppnisréttar.

Frumvarpið felur í sér almenna heimild til samstarfs bænda og fyrirtækja þeirra á búvörumarkaði, óháð búgreinum. Bændum og fyrirtækjum undir þeirra yfirráðum verður þannig tryggt sambærilegt svigrúm til samstarfs og hagræðingar og í nágrannalöndum í samræmi við gildandi landbúnaðarstefnu fyrir Ísland til ársins 2040. Þar er sérstaklega tekið fram að tryggt verði með löggjöf að innlendir framleiðendur hafi ekki lakara svigrúm til hagræðingar og samstarfs en framleiðendur í nágrannalöndum þar sem starfað er samkvæmt EES-löggjöf.



Hanna Katrín Friðriksson.

Þar sem sú heimild til samstarfs bænda sem lögð er til í frumvarpinu er almenn og ekki bundin við tilteknar greinar landbúnaðar, er lagt til að 71. gr. búvörulaga um heimild afurðastöðva í mjólkuriðnaði til sameininga og ýmis konar samstarfs verði felld brott 1. júlí 2027, en á þeim 20 árum sem liðin eru síðan heimildin var lögfest hefur náðst fram veruleg hagræðing í mjólkuriðnaði, líkt og lagt var upp með á sínum tíma.

Starfsumhverfi ekki kollvarpað

Því hefur verið haldið fram í umræðunni síðustu daga að verið sé að kollvarpa starfsumhverfi landbúnaðarins með frumvarpinu. Það er fjarri lagi. Eins og skýrt kemur fram í frumvarpsdrögunum er lagt til að afurðastöðvar undir beinum yfirráðum bænda geti gert með sér samkomulag um verkaskiptingu og áfram unnið saman. Því er ekki verið að kollvarpa núverandi kerfi í mjólkuriðnaði. Engar breytingar eru heldur lagðar til á reglum um verðlagningu mjólkur.

Þá er rétt að árétta að þrátt fyrir að lagt sé til að fella brott heimildir í búvörulögum, sem afurðastöðvar í mjólkurframleiðslu og kjötiðnaði hafa m.a. nýtt sér til að sameinast, hefur frumvarpið ekki áhrif á þá samruna sem þegar hafa átt sér stað. Verði frumvarpið að lögum þá verða þau ekki afturvirk frekar en önnur lagasetning.

Verði frumvarpið að lögum munu því annars vegar framleiðendafélög, þ.e. félög sem eru undir stjórn bænda, í öllum búgreinum hafa tækifæri til samstarfs og samvinnu, og hins vegar munu fyrirtæki á þessum markaði sem ekki eru undir yfirráðum bænda starfa eftir almennum reglum samkeppnislaga eins og önnur fyrirtæki í landinu.

Öflug verðmætasköpun

Til að tryggja sterkari stöðu bænda í virðiskeðju matvælaframleiðslu er í frumvarpinu enn fremur lagt til að afurðastöðvar sem hafa verulega markaðshlutdeild tiltekinna búvara verði skylt að sækja mjólk og sláturgripi frá bændum hvar sem þeir starfa á landinu. Frumvarpinu er þannig ætlað að treysta stöðu bænda í framleiðslu um land allt.

Einnig er lagt til að afurðastöðvar með verulega markaðshlutdeild geti ekki tekið hærra gjald af bændum fyrir þær afurðir sem þeir taka heim á bæ til frekari vinnslu, en sem nemur raunkostnaði af t.d. flutningi og slátrun. Slíku ákvæði er ætlað að styrkja stöðu bænda enn frekar þannig að þeir geti aukið verðmæti sinna afurða og selt beint frá býli. Með stuðningi við slíkt verður aukin verðmætasköpun á fleiri stöðum á landsbyggðinni sem hefur jákvæð áhrif í hinum dreifðu byggðum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er skýrt kveðið á um að vinna skuli að aukinni verðmætasköpun í atvinnulífi, m.a. með því að ýta undir vöxt og verðmætasköpun í matvælaframleiðslu. Þær breytingar á búvörulögum sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum styðja við þessi áform með skýru meginmarkmiði um að styrkja stöðu bænda á Íslandi.

Samráð í gangi

Með því að birta drög frumvarpsins í samráðsgátt stjórnvalda er bændum og öllum þeim sem hafa ábendingar og athugasemdir, boðið að borðinu á sama tíma til að kynna sér tillögurnar og koma á framfæri sínum sjónarmiðum áður en lengra er haldið með vinnslu frumvarpsins. Það er einmitt tilgangurinn með samráðsgáttinni að kynna mál fyrir öllum á sama tíma. Samráð um drögin stendur yfir til og með 17. október í samráðsgátt stjórnvalda. Það er von mín að bændur muni kynna sér drögin og senda inn umsagnir um málið. Ég hlakka til samtalsins fram undan.

Höfundur er atvinnuvegaráðherra.



Staðfesting á óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum 12. júní 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014–2026 í samræmi við *2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Breytingin tekur til svæðis merkt Vb-19 við félagsheimilið Víðihlíð við þjóðveg 1. Svæðið, sem er 2,5 ha að stærð, er í gildandi aðalskipulagi skilgreint fyrir eldsneytisafgreiðslu og starfsemi tengda félagsheimilinu.

Með breytingunni verður svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu gistiaðstöðu með 15 kúluhúsum og bílastæðum. Þjónusta verður rekin innan félagsheimilisins.

Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Húnaþings vestra.



Réttarfréttir:

Tími tækifæranna

Landbúnaður á Íslandi hefur alla tíð verið hornsteinn samfélagsins og grunnstoð í fæðuöryggi þjóðarinnar. Niðurgreiðslur landbúnaðarvara hafa átt sér stað hérlendis síðan árið 1943 og er sá stuðningur ríkisins ein leið til kjarajöfnunar fyrir heimilin í landinu. Þannig hófu stjórnvöld að niðurgreiða búvörur með það að markmiði að draga úr verðbólgu og tryggja bændum sambærileg laun og sambærilegar stéttir þjóðfélagsins voru með á þeim tíma.

Slíkur stuðningur ríkisins á innlendum landbúnaðarafurðum snýr þar af leiðandi ekki aðeins að bændum sjálfum heldur einnig að því að tryggja almenningi greitt aðgengi að matvælum, ekki síst öruggum matvælum. Þá er í þessu samhengi vert að hafa í huga að fæðuöryggi á grundvelli innlendrar landbúnaðarframleiðslu er hluti af núgildandi þjóðaröryggisstefnu sem og landbúnaðarstefnu stjórnvalda.



Katrín Pétursdóttir.

Starfsumhverfi íslensks landbúnaðar er beintengt búvörusamningum hverju sinni. Samningarnir eru gerðir á grundvelli búvörulaga og er ætlað að endurspegla hinar ýmsu skyldur stjórnvalda gagnvart íslenskum landbúnaði og að sama skapi þær kröfur sem gerðar eru til bænda, svo sem varðandi framleiðslu.



Haust í Eyjafirði.

Mynd / Bbl

Búvörulög

Starfsumhverfi íslensks landbúnaðar byggir á búvörusamningum sem gerðir eru á grundvelli búvörulaga. Tilgangur laganna gagnvart búvöruframleiðendum er margþættur en er meðal annars að framleiðslu búvara til neyslu og iðnaðar skuli vera í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggja ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu. Þá segir enn fremur að kjör þeirra sem stunda landbúnað skulu vera í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta.

Að þessu leyti, þá hefur það verið markmið stjórnvalda um langa hríð að tryggja eigi bændum sambærileg kjör miðað við aðrar stéttir. Hvað séu hins vegar eðlileg kjör samanborið við aðrar stéttir hefur síðan verið skýrt nánar í lögunum, til að mynda þar sem fjallað er um verðlagningu mjólkur. Þar segir að áætlað vinnuframlag skuli skila endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá þeim starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni.

Þá kveða lögin á um að heimilt sé að mæla fyrir um endurskoðun búvörusamninga á samningstímanum þar sem metin séu áhrif og þróun samkvæmt samningunum og teknar upp samningaviðræður að nýju teljist þess þörf.

Því verður að telja að samkvæmt lögunum sé nokkuð skýrt að bæði eigi innlend landbúnaðarframleiðsla að anna innanlandsmarkaði auk þess sem afkoma þeirra sem slíka framleiðslu stunda eigi að vera í eðlilegu samræmi við kjör annarra stétta.

Bændur bera jafnframt ákveðnar skyldur samkvæmt búvörulögum og búvörusamningnum, svo sem með því að skuldbinda sig til að framleiða landbúnaðarafurðir. Ríkið og bændur skuldbinda sig einnig til að stuðla að þróun atvinnugreinarinnar. Það gefur auga leið að slíkt raungerist ekki nema afkoma bænda sé tryggð til framleiðslunnar.

Í lögunum er sérstaklega kveðið á um að framleiðsla búvara eigi að vera í samræmi við þarfir þjóðarinnar og að bændur eigi að njóta sambærilegra kjara og aðrar stéttir. Það er þannig ekki aðeins val stjórnvalda, heldur lagaskylda, að tryggja bændum fyrir fram skilgreinda afkomu og stuðla að þróun greinarinnar. Ríkisvaldinu ber þannig lögum samkvæmt að tryggja starfsskilyrði í landbúnaði.

3,7 milljarða vantar inn í kerfið

Samkvæmt útreikningum, byggðum á gögnum frá fjármálaráðuneytinu og atvinnuvegaráðuneytinu, vantar um 3,7 milljarða króna inn í kerfið vegna áranna 2017–2024. Þetta stafar af því að verðlagsuppfærsla búvörusamninga hefur ekki fylgt þeim forsendum sem lagt var upp með. Þessi skekkja hefur bein áhrif á rekstur bænda og þar með á framtíð íslensks landbúnaðar. Að vanfjármagna kerfið er eins og að stela heyinu úr hlöðunni og ætlast samt til að rollurnar verði saddar.

Eftirlit – þörf á hagræðingu og nýrri nálgun

Á síðustu mánuðum hefur mikil umræða skapast um aukinn kostnað við eftirlit, sérstaklega í tengslum við gjaldskrá Matvælastofnunar. Bændasamtökin hafa bent á að hægt sé að ná fram hagræðingu með áhættumiðuðu eftirliti og innleiðingu tæknilausna. Þótt slíkt krefjist stofnkostnaðar til að byrja með, myndi það til lengri tíma spara verulegar fjárhæðir og nýtast bæði bændum og neytendum.

Jafnframt er nauðsynlegt að endurskoða regluverkið í heild sinni og samræma það nýjum lausnum sem mörg fyrirtæki hafa þegar tekið upp, svo sem innanhúss gæðakerfi. Eftirlit með matvælum og hollustuháttum hefur um langt árabil verið í höndum fjölmargra aðila, með tilheyrandi skorti á samræmi og ábyrgð. Það hefur meðal annars leitt til þess að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur sent íslenskum stjórnvöldum áminningarbréf vegna framkvæmdar eftirlits með matvælum.

Í ljósi þessa hafa stjórnvöld kynnt áform um breytingar á lögum (mál nr. S-160/2025), þar sem eftirlit með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum verður fært til Umhverfis- og orkustofnunar og Matvælastofnunar. Í stað þess að ellefu heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga annist þessi verkefni verða eftirlitsaðilar aðeins tveir, með miðlæga útgáfu starfsleyfa. Markmið breytinganna er að auka samræmi, skýra ábyrgð og einfalda stjórnsýslu.

Bændasamtök Íslands fagna þessum áformum í umsögn sinni og telja þau skýrt svar við ábendingum sem fram hafa komið um brotakennda framkvæmd eftirlits. Samtökin leggja þó ríka áherslu á að fyrirkomulag opinbers eftirlits verði málefnalegt, gagnsætt fyrirkomulag opinbers eftirlits með matvælaframleiðslu. Þá ítreka samtökin að nauðsynlegt sé að breytingarnar verði full fjármagnaðar, til þess að ekki skapist hætta á að aukinn kostnaður flytjist yfir á frumframleiðendur matvæla eða neytendur, svo markmiðin náist.

Að mati Bændasamtakanna er þetta jafnframt tækifæri til að hagræða og innleiða tæknilausnir sem geta lækkað eftirlitskostnað til framtíðar. Með áhættumiðuðu eftirliti og einfaldara regluverki er unnt að tryggja skilvirkni án þess að ganga lengra en lög mæla fyrir um. Þannig næst fram jafnvægi milli öryggis neytenda og réttmætra væntinga bænda um sanngjarna og fyrirsjáanlega stjórnsýslu.

Tækifæri landbúnaðarins

Um langt árabil hafa bændur hagrætt í rekstri, en á sama tíma hefur beinn stuðningur dregist saman, tollvernd veikst og kostnaður aukist. Afleiðingin er fækkun býla, minni framleiðsla, minni fjárfesting og veikari byggðir. Þessi þróun er ekki aðeins ógn við íslenskan landbúnað og þá sem hann stunda heldur einnig ógn við fæðuöryggi þjóðarinnar á skjön við þjóðaröryggisstefnu stjórnvalda.

Nú hafa stjórnvöld tækifæri til að snúa þessari þróun við, með því að tryggja réttláta verðlagsuppfærslu, eðlilega afkomu bænda, fjármagna verkefni sem lögð eru í hendur þeirra sem yrkja landið og einfalda regluverk um eftirlit. Þannig verður hægt að styrkja íslenskan landbúnað, tryggja fæðu- og matvælaöryggi og byggja upp atvinnugrein sem er sjálfbær og samkeppnishæf til framtíðar og framleiðir fyrirmyndar afurðir.

Höfundur er lögfræðingur BÍ.



Þessi fjárans loftslagsmál

Ef þú, lesandi góður, ert orðinn þreyttur á umræðunni um loftslagsmál þá er það ekkert skrýtið. Loftslagsmál eru þeim annmarka háð að verið er að fjalla um ósýnileg efni sem eru allt í kringum okkur. Hlutfall þessara ósýnilegu efna í kringum okkur getur samt sem áður haft mikil áhrif á okkur og aðstæður okkar allra bæði í nútíð og framtíð. Landbúnaður framleiðir ýmsar nauðsynjar og þar á meðal stóran hluta allra matvæla sem neytt er í heiminum. Þar af leiðandi eru loftslagsmál og möguleg óæskileg áhrif breytinga á þeim eitthvað sem bændur gera sér grein fyrir.



Hilmar Vilberg Gylfason.

> ... 96% losunar sem reiknast á landbúnað kemur frá lífrænum ferlum.

Í landbúnaðarstefnu stjórnvalda til ársins 2040 segir að *stuðningur við landbúnað skapi stöðugan og traustan grundvöll fyrir innlenda matvælaframleiðslu og fæðuöryggi þjóðarinnar* og þar segir einnig að *hvati verði skapaður innan stuðningskerfis landbúnaðarins til að auðvelda bændum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu í gróðri og jarðvegi.* Landbúnaðarstefnunni er því ætlað að tryggja sjálfbæran rekstur býla og byggir stefnumörkun bænda í loftslagsmálum meðal annars á þessu grundvallaratriði.

Eins og áður hefur komið fram í skrifum undirritaðs eru bændur frumkvöðlar í aðgerðum í loftslagsmálum og hafa bændur kerfisbundið unnið að ýmsum málum sem skilað hafa gríðarlegum árangri í samdrætti losunar á hverja framleidda einingu í landbúnaði. Bændur hafa einnig verið stórir framkvæmdaaðilar í þeirri umfangsmiklu skógrækt og landgræðslu sem skilað hefur umtalsverðum jákvæðum áhrifum inn í loftslagsbókhald Íslands.

Loftslagsvegvísir bænda, unninn af bændum fyrir bændur, var samþykktur á Búnaðarþingi 2025. Vegvísirinn hefur auðveldað allt samtal sem hefur átt sér stað um loftslagsmál og aðgerðir í landbúnaði. Í vegvísinum kemur skýrt fram að horfa verði til þess, þegar teknar eru ákvarðanir um loftslagsmál landbúnaðarins, að 96% losunar sem reiknast á landbúnað kemur frá lífrænum ferlum, þ.e. dýrum, plöntum og jarðvegi. Eðlilega er flóknara og það þarfnast meiri rannsókna að innleiða aðgerðir sem hafa áhrif á slíka ferla heldur en þegar verið er að skipta út dísil- eða bensínbíl fyrir rafmagnsbíl.

Félagskerfi bænda hefur síðan sett fram þrjú grundvallaratriði sem allar aðgerðir í loftslagsmálum sem snúa að landbúnaði verða að uppfylla. Þau eru *Fæðuöryggi, Matvælaöryggi og Sjálfbær rekstur býla* en öll þessi atriði eru einnig grundvöllur landbúnaðarstefnu stjórnvalda. Í loftslagsvegvísinum er nánar útfært hvernig tryggt er að þessum grundvallaratriðum sé fylgt við mat, útfærslu og innleiðingu aðgerða.

Staðreyndin er að enginn hefur betri þekkingu á því hvernig landbúnaður er stundaður en bændur sjálfir. Þess vegna er Loftslagsvegvísir bænda nauðsynlegur vegvísir fyrir alla þá sem koma að mótun aðgerða sem stendur til að innleiða í landbúnað. Við vinnu á loftslagsvegvísinum var haft samráð við fjölmarga aðila og eftir að hann var samþykktur hefur hann verið kynntur fyrir stjórnvöldum og hagaðilum. Í öllu þessu ferli hefur náðst að koma til skila þeirri sérstöðu sem landbúnaðurinn hefur gagnvart loftslagsmálum og mikilvægi þess að ákvarðanir í málaflokknum taki ávallt mið af grundvallaratriðum þremur. Þegar auðveldara er að eiga samtalið þá gerast góðir hlutir.

Höfundur er sérfræðingur í sjálfbærni hjá BÍ.











Dýraheilbrigði:

Vaxandi sýklalyfjaónæmi í kjúklingum

– Lögð fram aðgerðaáætlun til 2029

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Sýnataka í kjúklingum sýnir vaxandi sýklalyfjaónæmi. Heildarsala sýklalyfja fyrir dýr hérlendis árið 2024 jókst um 26% milli ára.

Ástæða 26% aukningar í heildsölu sýklalyfja fyrir dýr hérlendis milli áranna 2023 og 2024 er sýklalyfjagjöf í landeldi á bleikju gegn kýlaveikibróður sem kom upp haustið 2021 og hefur þurft að fylgja sýkingunni eftir með áframhaldandi sýklalyfjagjöf. Sé notkun í bleikjueldi undanskilin hefur sýklalyfjanotkun hjá dýrum lítið breyst síðustu ár og Ísland er áfram meðal þeirra Evrópulanda sem minnst nota af sýklalyfjum fyrir dýr.

Lyf í flokki beta-laktamasanæm penicillín voru hlutfallslega stærsti undirflokkur sýklalyfja með 30% af heildarsölu árið 2024. Sýklalyf sem notuð voru í meðhöndlun vegna kýlaveikibróður voru lyf í flokki annarra sýklalyfja (19% af heildarsölu) og í flokki tetracýklínsambanda (23% af heildarsölu), sem skýrir hlutfallslega aukningu í þeim flokkum miðað við fyrri ár.

Þetta kemur fram í sameiginlegri ársskýrsla Matvælastofnunar og Embættis landlæknis um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjanæmi baktería hjá mönnum og dýrum fyrir árið 2024 sem nýkomin er út. Skýrslan var einnig unnin í samstarfi við Landspítala, Lyfjastofnun, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Umhverfisstofnun.

Sýklalyfjaónæmi vaxandi

Á árinu 2024 var framkvæmd sýnataka í kjúklingum í samræmi við reglugerð um vöktun á sýklalyfjaónæmi í dýrum og matvælum og sýnir hún vaxandi ónæmi.

Kemur fram í skýrslunni að sjö Salmonella-stofnar úr hálsaskinnssýnum við slátrun kjúklinga hafi verið næmisprófaðir: Sex S. Typhimurium (ónæmir fyrir ampicillíni og teracýklíni) og einn S. Brandenburg (ónæmur fyrir súlfametoxaxóli og trímetóprími). Auk þess voru tveir S. Agona-stofnar úr sokkasýnum í kjúklingaeldi prófaðir og reyndust báðir fullnæmir. Niðurstöðurnar sýna töluverða aukningu í ónæmi samanborið við síðustu vöktunarlotu fyrir tveimur árum, þegar aðeins einn af tólf stofnum reyndist ónæmur.



Í fyrra var framkvæmd sýnataka í kjúklingum í samræmi við reglugerð um vöktun á sýklalyfjaónæmi í dýrum og matvælum og sýnir hún vaxandi ónæmi. Hér er unnið við greiningu á bakteríu- og meinafræðideild Keldna. Mynd / sá

Salmonellustofnar sem greindust í svínum eða afurðum þeirra voru ekki næmisprófaðir árið 2024. Árið 2023 voru af níu Salmonella-stofnar úr stroksýnum við slátrun svína næmisprófaðir og reyndust sex þeirra ónæmir (67,7%).

C.coli-ónæmi í fyrsta sinn

Fjórir Campylobacter jejuni-stofnar úr kjúklingum voru næmisprófaðir, þrír úr saursýnum í eldi og einn úr botnlangasýni við slátrun, og reyndust þeir allir fullnæmir. Hingað til hafa allir næmisprófaðir Campylobacter-stofnar úr kjúklingum verið af sermisgerðinni C. jejuni. Á árinu fannst þó einn C. coli stofn í saursýni í eldi sem reyndist ónæmur fyrir ertapenem og er það í fyrsta sinn sem slíkt ónæmi greinist hér á landi.

Campylobacter stofnar sem greindust í botnlangasýnum svína voru ekki næmisprófaðir 2024. Árið 2023 var skimað fyrir Campylobacter í 143 botnalangasýnum úr svínum. 141 Campylobacter coli-stofn fannst og voru 100 stofnar næmisprófaðir og reyndust 79 þeirra (79%) ónæmir fyrir cíprófloxacín.

Tveir fjölónæmir fyrir E.coli

Alls voru 85 E. coli bendibakteríustofnar úr kjúklingabotnlöngum næmisprófaðir og reyndust 15 þeirra (17,6%) ónæmir fyrir einu eða fleiri sýklalyfjum, þar af tveir fjölónæmir. Þetta er sambærilegt við fyrri ár í kjúklingabotnlöngum.

E. coli bendibakteríustofnar frá öðrum dýrum eða dýraafurðum en kjúklingum voru ekki næmisprófaðir árið 2024. Árið 2023 voru 85 E. coli bendibakteríustofnar frá svínabotnlöngum næmisprófaðir og voru 30 þeirra (37,5%) ónæmir fyrir einu eða fleiri sýklalyfjum, átta voru fjölónæmir. Árið 2022 voru 170 E. coli bendibakteríustofnar frá lambabotnlöngum næmisprófaðir og var 31 þeirra (18,2%) ónæmur fyrir einu eða fleiri sýklalyfjum, tveir þeirra voru fjölónæmir.

Öll sýni neikvæð

Skimað var fyrir ESBL-/AmpC-/karbapenemasa-myndandi E. coli í 148 sýnum úr kjúklingabotnlöngum og 135 sýnum úr kjúklingakjöti. Öll sýnin reyndust neikvæð, í samræmi við fyrri niðurstöður í kjúklingum og kjúklingakjöti.

Ekki var skimað fyrir ESBL/AmpC/karbapenemasa-myndandi E. coli í öðrum dýrum eða dýraafurðum en kjúklingum árið 2024.

Árið 2023 reyndust tvö sýni af 143 sýnum (1,4%) úr svínabotnlöngum jákvæð fyrir ESBL/ AmpC/karbapenemasa-myndandi E. coli.

Aðgerðir stjórnvalda

Í aðgerðaáætlun fram til ársins 2029 gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmis kemur m.a. fram að í ár á að hefja eflingu og þróun rafrænnar skráningar og vöktunar sýklalyfjaávísana hjá dýrum. Verða upplýsingar um ávísanir áfram fluttar í miðlæga gagnagrunna. Slíkur grunnur er því þegar til en ekki í fullri virkni. Upplýsingarnar eiga að verða aðgengilegar og birtar í eftirlitsskýrslum. Stefnt er að því að um 90% skráninga á sýklalyfjaávísunum í miðlægum gagnagrunni verði aðgengileg á árinu 2029.

Þá á að stuðla að skynsamlegri sýklalyfjanotkun hjá dýrum með aukinni gæðaþróun og gerð leiðbeininga. Jafnframt á að auka eftirlit með ávísun og notkun tiltekinna sýklalyfja (B-flokkur í AMEG flokkun) og skýra undanþágur dýralækna til að afhenda sýklalyf.



Skógarferð um Fljótshlíðina

– Samstaða og framtíðarsýn skógarbænda

Á degi íslenskrar náttúru þann 16. september síðastliðinn tók starfsmaður Skóg-BÍ þátt í skógarferð um Fljótshlíðina á vegum Félags skógarbænda á Suðurlandi. Fjölbreyttur hópur skógarbænda, plöntuframleiðenda, kennara, nemenda og sérfræðinga frá Landi og skógi kom saman til að fræðast, miðla reynslu og efla tengsl.

> ... Þrátt fyrir áskoranir í fjármálum og regluverki ríkir jákvæð sýn og sterk trú á framtíð greinarinnar.

Á leiðinni í Gunnarsholt rifjaði Björn Bjarndal upp fyrstu skref skógræktarverkefna á Íslandi fyrir um 30 árum, þegar hann og nokkrir aðrir áhugamenn um skógrækt hófu umræðu sem leiddi til stofnunar Suðurlandsskóga. Minnti hann á hversu langt skógarbændur hafa komið á þessum árum og mikilvægi þess að halda áfram að þróa greinina.



Sólrún Þórðardóttir.

Við komuna í Gunnarsholt tók á móti hópnum hlýleg móttaka með kaffi og kleinum. Hrefna Jóhannesdóttir og Brynjar Skúlason kynntu starfsemi Lands og skógar og fjölluðu um stöðu mála eftir sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar. Hrefna greindi frá því að breytingarnar hefðu haft áhrif á verkefni og stuðning við skógarbændur. Fjármögnun væri áfram áskorun, og mikilvægt að Land og skógur og Bændasamtök Íslands vinni saman að því að tryggja framtíð skógræktar á Íslandi.

Brynjar, sviðsstjóri rannsókna, kynnti fjölmörg verkefni sem nú eru í gangi. Má þar nefna rannsóknir á plöntuframleiðslu og þróun aðferða til staðfestingar á kolefnisbindingu. Hann lagði áherslu á mikilvægi fjölbreytileika í plöntuklóm og að nýta nýjustu þekkingu til að hámarka árangur.

Í umræðum að kynningu lokinni kom fram áhugi á að efla skjólbeltaræktun. Slík ræktun er mest stunduð á Suðurlandi, en minna annars staðar á landinu. Þátttakendur voru sammála um að bæta þyrfti fræðslu, aðgengi að plöntum og búnaði, auk þess að hvetja til betri nýtingar á skjólbeltum.

Græn paradís í Múlakoti

Eftir heimsóknina í Gunnarsholti var haldið í Múlakot í Fljótshlíðinni þar sem Sigríður Hjartardóttir og Stefán Guðbergsson tóku á móti hópnum. Samson Harðarson, ráðgjafi hjá Landi og skógi, leiddi þátttakendur um fallega ræktaða garða þeirra hjóna, sem vöktu mikla athygli fyrir fjölbreyttan gróður og einstaka umhirðu. Mörgum fannst eins og þeir væru staddir í miðri Evrópu, umvafðir ilmandi trjám og litríkum plöntum.

Samson sýndi fjölbreytt úrval tegunda sem henta vel í bæði skjólbeltaræktun og skógrækt, meðal annars sýrenur, reyni og beyki. Að lokinni göngu var boðið upp á heita súpu og samveru áður en haldið var út á akur þar sem jólatrjáaræktun hjónanna vakti mikla athygli. Þar mátti sjá hvernig ungt greni barðist við grasið í uppvexti, sem er áþreifanleg áminning um þolinmæðina sem ræktun krefst og sérstaklega þá miklu umhirðu sem nauðsynleg er svo trén nái að vaxa og verða flott jólatré.

Sitkagreni og sjálfbær nýting á Tumastöðum

Næsta stopp var á Tumastöðum, þar sem Hrafn Óskarsson og Trausti Jóhannsson tóku á móti hópnum. Hrafn greindi frá starfseminni sem hefur dregist saman vegna fjárskorts, en minnti á mikilvægi þess að viðhalda og endurvekja áhuga á skógræktinni.

Trausti kynnti þátttakendum nytjaskógrækt með sitkagreni, sem reynst hefur einstaklega hagkvæmt. Það er hraðvaxið, sterkt og fjölnota, er það mjög hentugt í burðarvirki, hljóðfæri og jafnvel vindmyllublöð. Hann lagði áherslu á að rétt plöntun, grisjun og umhirða skipti sköpum fyrir gæði timbursins. Sitkagrenið sé veðurþolið og eitt mikilvægasta nytjatré landsins.

Skógarhljóð og framtíðarsýn á Uppsölum

Ferðin endaði á Uppsölum, þar sem Ísólfur Gylfi og Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir hafa byggt upp fallegt heimili og skógarland. Þau hafa áratugum saman lagt mikla vinnu í gróðursetningu og endurbyggingu gömlu húsanna þar. Í skógarrjóðri við bæinn tóku á móti gestum Hallur Björgvinsson og Helena Marta Stefánsdóttir frá Landi og skógi.

Hallur ræddi ábyrgð skógarbænda og mikilvægi skipulags og langtímaáætlana í ræktun. Hann hvatti skógarbændur til að hugsa um skóginn sem langtímaverkefni sem krefst umhyggju og þolinmæði, allt frá kortlagningu til grisjunar. Höfundur greinarinnar tekur undir það að samvinna og samstaða skógarbænda sé lykilatriði til að sigrast á þeim áskorunum sem skipulagsmál og fjármögnun er í dag.

Helena Marta sagði frá rannsóknum Lands og skógar á kolefnisbindingu og líffræðilegum fjölbreytileika. Rannsóknir sýna að ræktaðir skógar, sem ná nú yfir um fjórðung skógarlands á Íslandi, binda um 70% af allri kolefnisbindingu í skógum landsins. Þetta undirstrikar mikilvægi skógræktar í loftslagsmálum.

Hún greindi einnig frá nýju snjallforriti sem notað er til vöktunar á fuglalífi í íslenskum skógum. Forritið greinir fuglahljóð og skráir tegundir, sem hjálpar vísindamönnum að kortleggja fjölbreytni fuglalífs. Með þessu nýja verkfæri hafa meðal annars rjúpur, hrossagaukar og krossnefir verið skráðir víða í íslenskum skógum. Rannsóknir sýna að skógar veita mörgum fuglategundum skjól og vernd og stuðla að fjölbreyttu lífríki, í andstöðu við þá goðsögn að skógar geti dregið úr fuglalífi.

Samvinna og framtíð

Ferðin um Fljótshlíðina endurspeglaði áhuga, metnað og samstöðu þeirra sem vinna að skógrækt á Íslandi. Þrátt fyrir áskoranir í fjármálum og regluverki ríkir jákvæð sýn og sterk trú á framtíð greinarinnar.

Skógarbændur og ráðgjafar sem tóku þátt í deginum voru sammála um að nú sé rétti tíminn til að styrkja skógræktina og efla samstarf á milli stofnana og bænda. Skógrækt er ekki aðeins ræktun trjáa, hún er fjárfesting í loftslagi, líffræðilegri fjölbreytni og framtíð landsins.

Höfundur er sérfræðingur í skógrækt hjá BÍ.



FAGFUNDUR NAUTGRIPARÆKTARINNAR 2025

FIMMTUDAGINN 23. OKTÓBER

KLUKKAN 13:00 - 17:30 Á HVANNEYRI (ÁRSALUR)

Dagskrá fundar:

Frá fagráði
- *Þórarinn Leifsson, formaður Fagráðs í nautgriparækt*

Kynbótaskipulag með erfðamengisúrvali fyrir lítil kúakyn
- *Þórdís Þórarinsdóttir, RML og Jón Hjalti Eiríksson, LbhÍ*

Kjörerfðaframlög
- *Egill Gautason, LbhÍ*

Umræður

Notkun fjarkönnunargagna við mat á uppskeru
- *Þórey Gylfadóttir, RML*

Erfðaorsakir kálfadauða
- *Egill Gautason, LbhÍ*

Tilraunagripir tala: Hvað lærum við af fóðrun og kjötrannsóknum?
- *Ditte Clausen, RML*

Kyngreint sæði, niðurstöður tilraunar með venjulegt og kyngreint sæði úr íslenskum nautum
- *Guðmundur Jóhannesson, RML*

Umræður

Kaffihlé

Holdmærur í íslenskum nautgripum
- *Guðný Rut Pálsdóttir, Tilraunastöðinni Keldum*

Hagrænar heildareinkunnir
- *Jón Hjalti Eiríksson, LbhÍ*

Í upphafi skyldi endinn skoða, notkun pörunaráætlana með kyngreindu sæði
- *Guðmundur Jóhannesson, RML*

Umræður

Lok fagfundar

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS · RML · LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS · NBÍ



Rannsóknir:

Mikill kraftur í plöntukynbótum

– Lykilatriði til eflingar innlendri kornrækt

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is





Þresking á tilraunareitum í Keldudal í Skagafirði 1. september. Mynd / Jarðræktarmiðstöð LBHÍ

Plöntukynbótaverkefnið Vala var sett á fót í byrjun árs 2024 eftir að íslensk stjórnvöld ákváðu að fjármagna kynbætur á byggi, hveiti og höfrum.

Hrannar Smári Hilmarsson, verkefnastjóri plöntukynbótaverkefnisins Völu, segir það í raun vera framhald af plöntukynbótum sem Jónatan Hermannsson stundaði í áratugi hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hrannar tók við starfi tilraunastjóra í jarðrækt árið 2017 eftir að Jónatan hafði farið á eftirlaun. „Fljótlega var mér tilkynnt að plöntukynbætur yrðu ekki hluti af starfinu og var plöntukynbótaverkefnið í rauninni lagt niður," segir Hrannar.

Plöntukynbætur frumforsenda framfara

Hann segist hafa vakið máls á mikilvægi kornræktar fyrir fæðuöryggi í landinu með greinaskrifum og í samtali við stjórnvöld. Loks fékkst hljómgrunnur þegar Svandís Svavarsdóttir var í matvælaráðuneytinu og fól hún Hrannari og fleiri sérfræðingum að semja aðgerðaáætlun sem fékk nafnið Bleikir akrar og kom út árið 2022.

„Í undirbúningsvinnunni fyrir aðgerðaáætlunina blasti snemma við að plöntukynbætur eru lykilforsenda að eflingu kornræktar. Við töluðum við einhverja sextíu sérfræðinga og það var oft sama svarið – að plöntukynbætur væru frumforsenda. Og meira að segja var einn sem sagði við okkur: Þið getið sleppt því að gera allt annað, eins og uppbyggingu innviða, ef þið bara kynbætið korn."

Því var ákveðið áður en skýrslan var gefin út að koma plöntukynbótaverkefninu í gang að nýju. „Árið 2023 endurnýjuðum við samstarf við Lantmännen í Svíþjóð, endurhönnuðum kynbótaverkefnið og framkvæmdum fyrstu víxlanir á byggi síðan Jónatan var að því árið 2007," segir Hrannar.

Margföld afköst í kynbótum

Hann útskýrir að hver einasta byggplanta sé í raun einræktað afkvæmi undan móður sinni og því þurfi plöntukynbótafræðingar, með talsverðri handavinnu, að taka tvær ólíkar byggplöntur og víxla þeim saman til þess að búa til blendingsafkvæmi. Í fullkominni aðstöðu Lantmännen í Svíþjóð sé hægt að erfðagreina tugþúsundir afkvæma á meðan þau eru enn þá kímplöntur.

„Með upplýsingum um erfðasamsetningu þessara plantna getum við reiknað kynbótamat fyrir uppskeru þó að þær hafi aldrei verið prófaðar á Íslandi. Þá sendum við fyrirmæli til Lantmännen um að henda níutíu og níu prósentum og vinna áfram með þetta eina prósent sem er með hæsta kynbótamatið." Hjá Lantmännen sé hægt að rækta allt að sex kynslóðir á ári, en á árum áður var eingöngu hægt að ná einni kynslóð á sumri.

Eldskírn í slæmu ári

„Við fengum fyrstu sendinguna frá Svíþjóð af nýju byggi sem er samkvæmt íslenskri uppskrift í lok apríl í fyrra og náðum að setja það út í tilraun á Hvanneyri. Voru það eitt þúsund kynbótalínur og í hverri þeirra voru kannski tuttugu til þrjátíu fræ. Árið 2024 var það versta í manna minnum í kornræktinni þannig að byggið leit alveg afskaplega illa út að hausti. En það var gott að við sáum hvernig kornið stóð sig þetta sumar og má segja að það hafi hlotið ákveðna eldskírn.

230 bestu kynbótalínurnar voru notaðar í áframhaldandi tilraun í Gunnarsholti í ár og er uppskeran tuttugu prósent hærri heldur en af bestu yrkjunum sem eru á markaði núna. En það er auðvitað bara ein tilraun og eitt ár, og förum við alltaf rosalega varlega í fullyrðingar af svoleiðis niðurstöðum," segir Hrannar.

Fullt erindi sé hins vegar til bjartsýni enda hæsta kynbótamatið sem fékkst úr tilraununum uppskera upp á tíu tonn á hektara, en í ár var algengt að bygg skilaði á bilinu fimm til sjö tonna uppskeru á hektara í tilraunum. „Á næsta ári tökum við þessar kynbótalínur í dreifðar tilraunir í ökrum bænda. Þá sjáum við miklu nákvæmari uppskerutölur og hvort þetta sé gott úti um allt land."

Vonandi á markað 2030

„Við ætlum að vera búin að bera kennsl á næsta nýja yrki fyrir árið 2028. Síðan tekur við ákveðið ferli þar sem við þurfum að skala upp sáðvöruframleiðsluna og arfhreinsun. Eftir það eru sýni send í svokallað DUS-próf þar sem byggið þarf að fara í gegnum mjög strangt og nákvæmt mat á hvort það sé einstakt, stöðugt og einsleitt," segir Hrannar. Standist kynbótalínan prófið sé hægt að skrá það sem yrki.

„Ef allt gengur upp ætti það að vera komið á markað fyrir bændur 2030, en þá má ekkert klikka. Mönnum finnst þetta kannski langur tími, en sjö ár er sá tími sem tekur til að fá hjólin til að snúast aftur," segir Hrannar, en hann bendir á að mikil vinna hafi farið í að koma verkefninu aftur af stað eftir að það hætti. Verði plöntukynbætur fjármagnaðar áfram megi búast við að ný yrki komi á markað á þriggja til fimm ára fresti. „Stefnan er að við gefum ekki út yrki nema það sé að minnsta kosti fimm prósent betra heldur en það besta á markaði, en helst að það sé tíu prósent."

Nú þegar standa bændum til boða tvö byggyrki sem eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður; Smyrill og Kría. Það fyrrnefnda fór í almenna sölu fyrir nokkrum árum og eru bændur ánægðir með árangurinn. Kría er eldri, en hefur skipað sér sterkan sess í kornræktinni. „Arfleifð Jónatans Hermannssonar er risastór og það er mikil áskorun að gefa út yrki sem er betra en Smyrill. Þetta er það sem kom út úr ævistarfinu og skildi hann þetta svo að segja eftir á borðinu þegar hann labbaði út."

Öllu vetrarhveiti genabankans sáð

„Þegar Jónatan hætti skildi hann eftir sig kynbótastofn í byggi sem við gátum notað. En slíkur stofn er ekki til í hveitinu. Þess vegna fórum við í samstarf við Norræna genabankann og ég bað um að fá allt vetrarhveiti í safninu. Þau sögðu fyrst að það væri ekki hægt en í gegnum ákveðið samtal gerðum við það samt og þau þurftu að ráða auka starfsfólk til þess að afgreiða pöntunina.

Því var öllu vetrarhveiti í Norræna genabankanum sáð í Gunnarsholti í fyrra, eða þúsund kynbótalínur sem fóru í tólf hundruð reiti. Um 27 prósent lifðu af veturinn og verða uppskorin á næstu dögum. Þessu nákvæmlega sama safni var sáð aftur í Gunnarsholti núna í ágúst og verður það uppskorið á næsta ári.

Að þessu leyti er auðvelt að vera plöntukynbótafræðingar á Íslandi: Maður sáir út og það sem lifir, það lifir, og það sem drepst það drepst. Nákvæmlega sama safni var sáð í Svíþjóð í fyrra og þar var lifunin hundrað prósent. Það var allt uppskorið og þeir ætla að senda okkur um hálft tonn af korni sem við getum sáð aftur í enn dreifðari tilraunir víða um land á næsta ári.



Bjart er yfir kornrækt á Íslandi ef plöntukynbótum verður haldið áfram. Mynd / Bbl





Hrannar Smári Hilmarsson.

Við erfðagreindum allt safnið og getum lagt mat á erfðabreytileika vetrarhveitis í Norræna genabankanum. Út frá þessu getum við kortlagt erfðaauðlindir Norðurlandanna mjög nákvæmlega. Með því að sá þessu í svona öfgakennt umhverfi eins og á Íslandi sjáum við hvaða gen það eru í erfðamengi hveitisins sem valda því að það lifir af.“

Norrænt samstarf mikilvægt

„Þessi hugmynd að fara inn í genabanka og panta allt safnið af vetrarhveiti er algjört einsdæmi. Það að öllu safninu hafi verið sáð á einum stað saman hefur aldrei verið gert og engum látið sér detta þessa vitleysu í hug og þetta er að vekja gríðarlega athygli.

Úr þessu komu mikilvægar upplýsingar fyrir Norðurlöndin, því að þau vilja auðvitað auka vetrarlifunina við sínar aðstæður. Þess vegna er búið að setja á stofn samstarfsvettvang sem heitir Fimbulvetrarhveiti þar sem við, Norðmenn, Svíar, Finnar og Litáar erum í samstarfi til að rannsaka þetta betur.

Það er ótrúlega mikilvægt fyrir okkur að erlendar þjóðir sýni sömu áherslum og við þurfum áhuga, vegna þess að það er ekki eins og við höfum heilu deildirnar innan háskólanna sem eru tileinkaðar rannsóknum á vetrarhveiti. Við þurfum erlent samstarf til þess að hámarka árangurinn,“ segir Hrannar.







Stærri og öflugri sveitarfélög

Við viljum öll búa í samfélagi þar sem grunnstoðirnar eru sterkar, þar sem börnin okkar ganga í góða skóla, samgöngur greiðar og stjórnsýsla skilvirk og þjónar íbúum sínum. Þetta er forsenda fyrir jöfnum búsetuskilyrðum og jákvæðri byggðaþróun um land allt.

Til að tryggja góða þjónustu um land allt þurfa sveitarfélögin að geta tekist á við stór og flókin verkefni. Nýlegar rannsóknir sýna að stærri og fjölmennari sveitarfélög eru betur í stakk búin til að sinna verkefnum sínum. Þau veita betri og hagkvæmari þjónustu, laða að sér hæfara starfsfólk og hafa meiri slagkraft til að byggja upp innviði.


Eyjólfur Ármannsson.

Þjónustuhlutverk sveitarfélaga gagnvart íbúunum er grundvöllur fyrir tilvist þeirra og lykilatriði í mínum huga. Til að tryggja þjónustustig er afar mikilvægt að rétt umgjörð sé til staðar. Þetta er eitt af þeim umræðuefnum sem voru í brennidepli á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og ársfundi Jöfnunarsjóðs í síðustu viku.

Breytingar sem styrkja sveitarstjórnarstigið

Í samráðsgátt stjórnvalda liggur nú frumvarp um breytingar á sveitarstjórnarlögum. Frumvarpið á sér langan aðdraganda. Fjölmargir hafa komið að undirbúningi þess: íbúar, fulltrúar ríkis og sveitarfélaga, háskólasamfélagsins og aðrir hagaðilar.

Markmið frumvarpsins er að styrkja stjórnsýslu og lagaumhverfi sveitarfélaga. Með því verða þau betur í stakk búin til að takast á við lögbundin verkefni og tryggja skilvirka þjónustu. Breytingarnar snúa meðal annars að reglum um fjármál sveitarfélaga og atvinnuþátttöku þeirra, reglum um samvinnu sveitarfélaga og getu til að sinna lögbundnum verkefnum.

Í frumvarpinu er lagt til að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga verði lögfestur við töluna 250. Einnig að ráðherra skuli eiga frumkvæði að sameiningu sveitarfélaga með færri en 250 íbúa, nema sérstakar aðstæður mæli því í mót.

Sum sveitarfélög í þessum stærðarflokki reka ekki eigin grunnskóla, sinna ekki almennri félagsþjónustu eða skipulagsmálum. Því má spyrja: Hver er tilgangur sveitarfélags sem hefur útvistað allri lögbundinni þjónustu við íbúa sína til annars sveitarfélags? Um hvað kjósa íbúar slíks sveitarfélags? Ekki er það til að velja hverjir fái umboð til að hafa áhrif á og stýra þjónustunni í því sveitarfélagi sem þjónustu hefur útvistað til.

Ákvæði um lágmarksfjölda íbúa hefur verið að finna í sveitarstjórnarlögum undanfarna áratugi. Ákvæði var í lögum frá 1998, 1986 og frá 1961. Í lögunum frá 1961 var lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga 100 íbúar, sem væri í dag 220 manns, ef tekið er tillit til íbúaþróunar. Ákvæðið var tekið úr gildi með núgildandi sveitarstjórnarlögum frá 2011.

Lagaákvæði um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga má rekja allt til fyrstu rituðu heimilda um sveitarfélög, eða löghreppa eins og þau hétu þá. Í Grágás, lögbók Íslendinga á þjóðveldisöld 930-1262, er að finna slíkt ákvæði. Þar sagði í Tíundarlögum um hreppa skil: „Það er mælt í lögum vorum að löghreppar skulu vera á landi hér. En það er löghreppur er tuttugu bændur eru í eða fleiri. Því aðeins skulu færri vera ef lögréttumenn hafa lofað."

Strax á tímum þjóðveldisins vissu Íslendingar að sveitarfélög þyrftu að vera nógu sterk til að sinna hlutverki sínu. Lágmarkið var tuttugu bændur og aðeins ef lögréttumenn leyfðu máttu þeir vera færri. Í fyrirhuguðu frumvarpi er íbúafjöldinn 250 og heimild til undanþágu að uppfylltum ákveðnum lögbundnum skilyrðum.

Stærri og öflugri sveitarfélög geta veitt þjónustu á hagkvæmari og skilvirkari hátt. Þannig nýtist skattfé borgaranna og opinbert fé betur, útsvar íbúa nýtist í þjónustu í stað yfirbyggingar. Þannig leggjum við betri grunn að því að efla þjónustu, lækka útsvar eða byggja upp innviði í sveitarfélögum.

> Strax á tímum þjóðveldisins vissu Íslendingar að sveitarfélög þyrftu að vera nógu sterk til að sinna hlutverki sínu. Lágmarkið var tuttugu bændur og aðeins ef lögréttumenn leyfðu máttu þeir vera færri.

Jöfnunarsjóður - nýtt og betra kerfi

Það náðist mikilvægur áfangi þegar ný heildarlög um Jöfnunarsjóð voru samþykkt á Alþingi í sumar. Samþykkt laganna markar tímamót í sögu sjóðsins og leggur grunn að sterkara og sjálfbærara sveitarstjórnarstigi.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er í einföldu máli að jafna skatttekjur og útgjaldabyrði milli sveitarfélaga þannig að þau geti öll veitt íbúum sínum lögbundna þjónustu, sama hversu stór eða fjárhagslega sterk þau eru. Ýmsar ástæður eru fyrir því að geta sveitarfélaga til að sinna verkefnum sínum er misjöfn. Landfræðilegar, lýðfræðilegar og félagslegar aðstæður gera útgjaldaþörf mismunandi.

Jöfnunarsjóður gegnir mikilvægu hlutverki í tekjustofnkerfi sveitarfélaga í landinu, og er einn af megin tekjustofnum sveitarfélaganna og umfang hans er talsvert.

Rekja má sögu sjóðsins til ársins 1932 þegar lög nr. 68/1932 um breytingar á fátækralögum voru samþykkt. Á þeim tíma var framfærsla tekjulágra eitt af aðalverkefnum sveitarfélaga og til að jafna stöðu sveitarfélaga var fjármagn tekið úr ríkissjóði til að endurgreiða þeim sveitarfélögum sem hallaði mest á vegna verkefnisins.

Sérstakur Jöfnunarsjóður var settur á laggirnar árið 1937, með lögum nr. 60/1937. Frá þeim tíma hefur jöfnun á fjárútlátum sveitarfélaga vegna vissra þátta farið að mestu fram í gegnum Jöfnunarsjóð.

Sjóðurinn tók til starfa í núverandi mynd árið 1990 og hefur umfang hans aukist mikið síðan. Tekjur sjóðsins á árinu 2024 námu tæpum 90 milljörðum króna.

Framlög úr sjóðnum hafa meðal annars nýst til að styðja við landsátakið Römpum upp Ísland og átak í aðgengismálum fatlaðs fólks í samvinnu við Öryrkjabandalag Íslands. Römpum upp Ísland lauk í mars síðastliðnum og fór fram úr öllum áætlunum.

Nýtt verkefni sem sjóðurinn hefur tekið að sér eru framlög til sveitarfélaga vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða. Framlögin voru greidd í fyrsta sinn í desember síðastliðnum og verkefnið hefur gengið vel. Markmið þess er að leggja grundvöll að bættum lífskjörum og kaupmætti launafólks og draga úr áhrifum fátæktar meðal barna. Þetta er áþreifanlegt dæmi um hvernig Jöfnunarsjóður getur stuðlað að mikilvægum úrbótum sem koma öllum landsmönnum til góða.

Nýju heildarlögin sem taka gildi 1. janúar næstkomandi fela það í sér að helstu jöfnunarframlög sjóðsins eru sameinuð í eitt framlag. Breytingin hefur það í för með sér að gæði jöfnunar verða betri og komið er í veg fyrir þá yfirjöfnun sem verið hefur í núverandi kerfi. Sambærileg sveitarfélög fá sambærileg framlög úr sjóðnum.

Í nýju lögunum er þess gætt að breytingarnar komi inn í skrefum og tekur nýja kerfið ekki að fullu gildi fyrr en á árinu 2030. Um leið stuðlum við að því að hann fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar. Sjóðurinn er nú einfaldari í skipulagi og jöfnunarframlögin markvissari.

Nú í haust hófum við vinnu við endurskoðun reglna um grunnskólaframlög Jöfnunarsjóðs, en þau eru á meðal stærstu verkefna hans. Umhverfis- og samgöngunefnd þingsins fjallaði um þessi mál í vor.

Byggðamál voru mér ofarlega í huga vinnu við undirbúning að nýju lögum um Jöfnunarsjóð. Við heildarendurskoðun á regluverki sjóðsins á grunnskólaframlaginu mun ég ekki síst horfa til mikilvægis byggðasjónarmiða.

Sterkur grunnur fyrir framtíðina

Þegar við horfum til fjárhagslegrar heilsu sveitarfélaga er ánægjulegt að sjá nú skýr merki um bata. Rekstrarafkoma sveitarfélaga í heild hefur batnað umtalsvert frá fyrra ári.

Niðurstöður úr ársreikningum fyrir árið 2024 sýna að í fyrsta sinn frá því fyrir heimsfaraldur skilaði rekstur A-hluta sveitarfélaga afgangi. Þessi bati er að stórum hluta tilkominn vegna hækkunar framlaga Jöfnunarsjóðs til fjármögnunar á þjónustu við fatlað fólk, auk þess sem hægt hefur á hækkun lífeyrisskuldbindinga sveitarfélaga milli ára. Einnig vegna þess að sveitarfélög hafa sýnt aðhald í rekstri og dregið úr fjárfestingum og lántökum. Þetta hefur skilað sér í almennt betri fjárhagsstöðu.

Þegar við skoðum heildarmyndina, sterka fjárhagsstöðu sveitarfélaga, endurbættan Jöfnunarsjóð og markvissari lagaumgjörð sveitarstjórnarstigsins, sjáum við að grunnurinn er víðast hvar traustur. Þótt verkefnin séu áfram krefjandi, gefur þessi þróun tilefni til bjartsýni.

Með stærri og öflugri sveitarfélögum og sterkari fjárhagslegri stöðu leggjum við grunninn að framúrskarandi þjónustu við íbúa um land allt. Sterkt sveitarstjórnarstig er forsenda þess að allir landsmenn njóti sambærilegrar þjónustu og jafnra tækifæra hvar sem þeir búa.

Höfundur er innviðaráðherra.

Samgöngustofa



Sérfræðingur í skiptæknideild

Samgöngustofa leitar að metnaðarfullum og lausnamiðuðum sérfræðingi til starfa í skipatæknideild. Við bjóðum upp á krefjandi og fjölbreytt starf í alþjóðlegu starfsumhverfi þar sem unnið er að faglegu eftirliti með skipum og skipatækni. Starfshlutfall er 100%. Starfið er án fastrar staðsetningar og verður vinnustaður ákveðinn í samráði við þann sem ráðinn verður.

Helstu verkefni:

- Yfirfara og meta hönnunargögn skipa.
- Annast eftirlit með skipamælingum og framkvæmd þeirra.
- Halda virku samstarfi við hönnuði, skipasmíðastöðvar innanlands og erlendis,útgerðir og viðurkennda skoðunaraðila.
- Koma að þróun verklags innan vottaðs gæðakerfis.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. verkfræði, tæknifræði eða iðnfræði.
- Greiningarhæfni og getu til að meta flókin tæknigögn.
- Skipulag og nákvæm vinnubrögð.
- Öfluga samskipta- og samvinnuhæfni á íslensku og ensku.
- Frumkvæði, sjálfstæði og áræðni í starfi.

Þetta er tækifæri til að starfa í krefjandi og sérhæfðu umhverfi þar sem faglegar áskoranir og fjölbreytt verkefni eru í forgrunni.

Umsóknarfrestur er til 13. október 2025.
Frekari upplýsingar er að finna á www.samgongustofa.is

Ný bók:

Saga Þorsteins Björnssonar

Bóhem úr Bæjarsveit er heiti bókar sem Helgi Bjarnason blaðamaður hefur tekið saman og gefur nú út en hún er þriðja í ritröð sem nefnd er „Sagnaþættir úr Borgarfirði".



Í henni er tekin saman saga eftirtektarverðs einstaklings úr samfélagi Borgarfjarðar og Reykjavíkur í upphafi tuttugustu aldar. Þorsteinn Björnsson, guðfræðingur, skáld og rithöfundur, kenndi sig ávallt við fæðingarstað sinn, Bæ í Borgarfirði. Hann var ákaflega sérstæður maður sem margar sögur eru til af.

Þorsteinn var sérstakur í háttum og kaus að lifa ekki hefðbundnu borgaralífi heldur fremur sem bóhem. Hann átti lengi heimili í Bæ en taldi fyrir neðan virðingu sína að vinna hefðbundin sveitastörf. Hann bjó einnig í Reykjavík við misjafnan kost, í áratug í Kanada og Bandaríkjunum og í nokkur ár í Þýskalandi en þangað hafði hann verið kostaður af vinum til að leita að auðugri stríðsekkju til að sjá fyrir honum. Síðustu árin var hann mikið á flakki á milli frændfólks og vina í Borgarfirði. Hann lést á bæ einum og spunnust af andlátinu ýmsar sögur, eins og af öllu því sem hann tók sér fyrir hendur í lifanda lífi.

Bókin er í kiljuformi, 256 blaðsíður að stærð og er prýdd fjölda ljósmynda, meðal annars sögulegra. Við sögu koma 329 menn og konur.



Sumarið er fyrir gróður- og jarðvegsmælingar

Ísland er aðili að Parísarsáttmálanum og því fylgja þær skuldbindingar að við þurfum að geta gert grein fyrir áhrifum landnotkunar á losun gróðurhúsalofttegunda. Þar er koldíoxíð fyrirferðarmest, en einnig metan og hláturgas. Þekking okkar, á bæði kolefnisforða og því hvernig losun þessara gastegunda er fyrir mismunandi landgerðir, hefur verið brotakennd og ekki fullnægjandi til að uppfylla þær kröfur sem til okkar eru gerðar.


Elva Björk Benediktsdóttir.


Sigurlaug Birna Guðmundsdóttir.

Land og skógur hefur umsjón með fjölda rannsókna sem hafa það að markmiði að bæta þetta. Þar er lögð áhersla á að safna gögnum um kolefnisforða í jarðvegi og losun gróðurhúsalofttegunda – eða bindingu. Frá árinu 2021 hafa staðið yfir viðamiklar rannsóknir til að afla þessarar þekkingar fyrir fjölbreyttar landgerðir, bæði beitilönd á mólendi og graslendi, einnig fyrir framræst og óraskað votlendi. Þessi vinna felst í gróðurgreiningum, gróður- og jarðvegssýnatökum í sérstökum mælireitum sem og beinum mælingum á gasflæði. Gasflæðimælingarnar fara nú fram á 43 stöðum um allt land og mælingar fara að jafnaði fram vikulega. Með þessu fæst góð yfirsýn yfir hvað á sér stað og hvernig umhverfisþættir á borð við veðurfar, gróðurfar, ástand gróðurs og jarðvegs hafa áhrif á t.d. kolefnisbúskap lands. Yfir 100 nýir mælireitir fyrir gróður- og jarðvegsmælingar hafa verið lagðir út í sumar og sýnum safnað. Þau gögn eru notuð til að meta kolefnisforða og breytingar á honum.

Í sumar hafa 12 aðilar sinnt þessum rannsóknum, bæði fast starfsfólk stofnunarinnar og svo 8 háskólanemar og nýútskrifaðir náttúrufræðingar í sumarstarfi. Land og skógur á einnig í miklu samstarfi við Náttúrustofu Norðurlands vestra, Náttúrustofu Austurlands og Náttúrustofu Suðausturlands í tengslum við þessi verkefni og áætlar að auka slíkt samstarf í framtíðinni enda mikilvægt að nýta og efla sérfræðinga utan höfuðborgarsvæðisins. Þessi gögn veita okkur mikilvægar upplýsingar um ástand lands og breytingar á því. Þær geta nýst við skipulag landnýtingar og einnig til að forgangsraða landi þegar kemur að endurheimt. Aðalmarkmiðið er samt sem áður að safna gögnum til að uppfylla þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist vegna Parísarsáttmálans. Eftir því sem gagnasafnið eykst með hverju ári, skýrist myndin af ástandi landsins. Þetta hefur það meðal annars í för með sér að tölur fyrir landnotkun í loftslagsbókhaldinu breytast ár frá ári meðan á þessari vinnu stendur. Í sumum tilfellum kemur í ljós að losun hefur verið ofmetin en í öðrum hefur hún verið vanmetin. Þess má þó geta að við hverja breytingu í bókhaldinu er losun og binding bakreiknuð aftur til 1990, til að tryggja að breytingar í kolefnisbúskap í bókhaldinu stafi af raunverulegum breytingum, ekki bara bætingu á gögnum.

Hver heildarniðurstaðan verður á eftir að koma í ljós en hafa verður í huga að náttúran er síkvik og því mun þurfa að endurskoða þessa þætti reglulega.

Höfundar eru sérfræðingar hjá Landi og skógi.

GÁMATJÖLD
GÁMATJÖLD
EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20“ eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið
- Hægt að einangra
- Hægt að setja í glugga

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707
Gámatjöld

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
simi 566 8144

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI
OG VINNUM ÚR ÞEIM
LAUSNIR



VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Af vettvangi Landbúnaðarháskóla Íslands

Undanfarin misseri hefur Landbúnaðarháskóli Íslands lagt áherslu á að efla bæði rannsóknir og kennslu, tengja skólann enn betur við atvinnulífið og jafnframt aukið starfsemi sína á alþjóðavettvangi. Hefur þetta þegar skilað árangri og lagt grunn að öflugra starfi til framtíðar.



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir.

Aukin alþjóðleg þátttaka

Með þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum, svo sem Erasmus+, Horizon og LIFE, hefur Landbúnaðarháskólinn styrkt tengsl sín við evrópska háskóla og rannsóknastofnanir. Erum við meðal annars hluti af UNIgreen-samstarfinu með sjö öðrum háskólum í Evrópu á sviði landbúnaðar og lífvísinda. Nýverið fengum við Horizon verkefnið *DIGI-Rangeland* samþykkt, en það snýr að notkun stafrænnar tækni fyrir búfjárrækt. Á síðasta ári fengum við styrk frá Minningarsjóði Halldórs Pálssonar til kaupa á búnaði til tilraunafóðrunar á sauðfjárbúinu að Hesti og er nú unnið að uppsetningu hans. Þann 20. október nk. verður haldin vinnustofa á Hvanneyri og Hestbúinu þar sem Horizon verkefnið og búnaðurinn verður nánar kynntur og er kynningin opin öllum áhugasömum. Verkefni þessi skapa ný tækifæri fyrir bæði nemendur og kennara til þátttöku í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum.

Rannsóknir og nýsköpun

Á sviði rannsókna höfum við einbeitt okkur að verkefnum sem tengjast sjálfbærni, nýtingu auðlinda og matvælaframleiðslu. Mikil áhersla hefur verið lögð á kynbætur í kornrækt með góðum stuðningi stjórnvalda og samkeppnissjóða.

Í haust hófst LIFE-verkefnið *Peatland LIFEline.is*, en það miðar að endurheimt votlendis og stuðningi við líffræðilegan fjölbreytileika.



> Á sviði rannsókna höfum við einbeitt okkur að verkefnum sem tengjast sjálfbærni, nýtingu auðlinda og matvælaframleiðslu. Mikil áhersla hefur verið lögð á kynbætur í kornrækt með góðum stuðningi stjórnvalda og samkeppnissjóða.

Í tengslum við verkefnið verður einnig unnið að stígagerð og sköpuð aðstaða til fuglaskoðunar, samhliða uppbyggingu fræðslu- og gestastofu á Hvanneyri um Ramsarsvæðið Andakíl.

Þá höfum við lagt áherslu á hringrásarhagkerfið og nýjar leiðir í lífauðlindanýtingu, meðal annars með verkefnum er tengjast skordýraræktun og nýtingu lífræns úrgangs. Einnig höfum við komið að samstarfi stofnana og fyrirtæja um nýtingu örþörunga og þara og framtíðaruppbyggingu aðstöðu á Breiðinni á Akranesi.

Enn fremur er unnið að verkefninu *Hátæknilandbúnaður*, sem styrkt er af menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu og unnið í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Verkefnið hefur gert Landbúnaðarháskólanum kleift að festa kaup á drónum með tilheyrandi búnaði, sem nýtast mun bæði til kennslu og rannsókna á ýmsum sviðum.

Menntun og nýjar námsleiðir

Á síðustu árum hefur Landbúnaðarháskólinn eflt námsframboð sitt og lagt áherslu á fjölbreytt námstækifæri fyrir íslenska og erlenda nemendur. Mikil áhersla er lögð á endurgjöf og þátttöku nemenda í gæða- og umbótastarfi. Margir kennaranna hafa sótt nám í kennslufræði og á síðasta ári fékk einn þeirra inngöngu í Kennsluakademíu opinberu háskólanna.

Hafinn er undirbúningur að dýralæknanámi með Háskólanum í Varsjá (SGGW), þar sem fyrstu tvö árin verða kennd á Íslandi. Að þessu verkefni koma einnig Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, Háskóli Íslands og Háskólinn á Hólum með styrk frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu. Verkefnið hefur vakið athygli og yrði hér um að ræða framfaraskref fyrir háskólastigið á Íslandi og framtíð íslensks landbúnaðar og dýravelferðar.

Þá hefur einnig verið aukið samstarf við hagaðila innan landbúnaðar og matvælaiðnaðarins. Nýir samstarfssamningar hafa verið gerðir við RML, LOGS, Matís og ON Power, sem munu enn frekar efla tengsl skólans við þessa aðila, og stuðla að nýjum samstarfsverkefnum sem styrkja munu íslenskan landbúnað.

Framtíðarsýn og innviðir

Fram undan eru fjölbreytt tækifæri og áskoranir. Áfram er haldið með uppbyggingu Jarðræktarmiðstöðvar og gróðurhúss á Hvanneyri, en FSRE hefur umsjón með framkvæmdunum. Jafnframt er verið að skoða möguleikann á að koma upp sólarsellum og varmadælum til að stuðla að sjálfbærari rekstri skólans.

Sameiningar?

Við undirbúning stefnu Landbúnaðarháskólans 2024–2028 voru ræddar hugmyndir um sameiningu við aðrar stofnanir. Ýmsar tillögur hafa komið fram, en enn sem komið er hefur engin vinna verið lögð í sameiningarmál hjá skólanum. Í staðinn hefur Landbúnaðarháskólinn lagt áherslu á að þróa áfram starf sitt á eigin forsendum samhliða því að samstarf við hagaðila hefur verið eflt og viðbótar fjármögnun tryggð með sókn í samkeppnissjóði.

Framtíðin er björt

Landbúnaðarháskóli Íslands er stoltur af rótum sínum í íslensku samfélagi og jafnframt með skýra sýn til framtíðar: að vera háskóli sem leiðir veginn til menntunar, með rannsóknum og nýsköpun á sviði landbúnaðar og lífvísinda. Tækifærin á Hvanneyri eru óþrjótandi og með góðu samstarfi við hagaðila, áframhaldandi sókn og með því að byggja á sögunni og samtvinna hana við áframhaldandi þróun, getum við lagt okkar af mörkum til þess að skapa sjálfbæran og samkeppnishæfan landbúnað til framtíðar.

Höfundur er rektor Landbúnaðarháskólans.





Fulltrúar Íslands á ráðstefnu Circumpolar Agricultural Association. Frá vinstri: Guðrún Svana Hilmarsdóttir frá Matís/HÍ, Erna Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá MS, Þórey Gylfadóttir frá RML, Magnús Göransson frá Náttúrufræðistofnun og Guðrún Hulda Pálsdóttir, fyrrv. ritstjóri Bændablaðsins.

Norðurslóðir skipta máli fyrir fæðuöryggi

Matvælaframleiðsla á norðurslóðum, uppbygging virðiskeðja fyrir matvæli og seigla landbúnaðar í síbreytilegum heimi voru meginstef ráðstefnu Circumpolar Agricultural Association (CAA), sem haldin var í Tromsø í Noregi dagana 23.–25. september síðastliðinn.

Ráðstefnan, sem haldin er á þriggja ára fresti, er vettvangur umræðu um landbúnað á norðurslóðum á breiðum grundvelli. Markmið hennar er að varpa ljósi á stöðu landbúnaðar á jaðarsvæðum í norðri og miðla rannsóknum tengdum málefninu. Hún þjónar jafnframt sem mikilvægur vettvangur til að leiða saman vísindamenn, bændur, fulltrúa stjórnsýslu, hagsmunaaðila og ráðgjafa sem vinna að þróun og stefnumótun á þessu sviði. Skipuleggjandi ráðstefnunnar var ein af starfsstöðvum NIBIO sem er Tromsø, en NIBIO er eins konar Rannsóknastofnun landbúnaðarins í Noregi.



Erna Bjarnadóttir.



Guðrún Hulda Pálsdóttir.

> Eina leiðin sem fjölskyldan sá til að auka tekjur og virði framleiðslunnar var að taka yfir fleiri þætti virðiskeðjunnar, reisa heimasláturhús og koma upp eigin afurðavinnslu og veitingahúsi ...

Um 120 þátttakendur voru á ráðstefnunni frá ýmsum löndum, þar af fimm frá Íslandi: Þórey Gylfadóttir frá RML, Magnús Göransson frá Náttúrufræðistofnun, Guðrún Svana Hilmarsdóttir frá Matís/HÍ, Guðrún Hulda Pálsdóttir, fyrrv. ritstjóri Bændablaðsins og Erna Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá MS. Einnig má nefna Sigríði Dalmannsdóttur, starfsmann NIBIO, sem var í teyminu sem skipulagði ráðstefnuna. Íslenskir fulltrúar fluttu erindi um fjölbreytt efni: stjórn mjólkurframleiðslu á Íslandi sem stuðlar að fæðuöryggi, verndun norræns erfðaefnis sem tengist mikilvægum nytjaplöntum og kolefnisfótspor íslenskra kartaflna. Einnig fólst framlag okkar í að stýra umræðum í málstofum.

Einn hluti dagskrárinnar var vettvangsferð um nágrenni Tromsø þar sem þátttakendur kynntust búskap á svæðinu. Heimsótt var fjölskylda sem rekur bú þar sem lögð er stund á nautakjötsframleiðslu og framleiðslu á afurðum geita. Eina leiðin sem fjölskyldan sá til að auka tekjur og virði framleiðslunnar var að taka yfir fleiri þætti virðiskeðjunnar, reisa heimasláturhús og koma upp eigin afurðavinnslu og veitingahúsi. Þannig hefur veltan verið margföldud og fleiri störf skapast án þess að fjölga bústofninum og allar afurðir eru seldar á nærsvæðinu, þ.e. beint frá býlinu, á kaffihúsinu og í nágrenni Tromsø. Uppbyggingin hefur jafnframt skapað fleiri störf í nærumhverfi og næsta kynslóð hefur þegar tekið við hluta rekstursins með og sér framtíð sína tengda honum.

Á ráðstefnunni var fjallað um takmarkanir matvælaframleiðslu á norðurslóðum vegna landfræðilegrar legu. Augu manna beindust þó ekki síður að tækifærum og áskorunum sem skapast í kjölfar örra umhverfisbreytinga. Hlýnandi veðurfar lengir ekki bara sumur heldur fylgja einnig oft óstöðugir vetur þar sem frost og þíður skiptast á sem er veruleg áskorun fyrir gróður, sem dæmi. Annað dæmi er af fyrirlestri frá Orkneyjum þar sem vel þekkt vandamál var í brennidepli, ágangur gæsa á akurlönd. Í ráðstefnulok var aðalerindið um fæðuöryggi og seiglu samfélaga á norðurslóðum flutt af Nils Vagstad, fyrrverandi forstjóra NIBIO, með þátttöku einnig frá fulltrúa frá Arctic Council sem hefur starfsstöð í sama húsi og ráðstefnan fór fram í. Áformað er að gefa út í bók yfirlit um erindin sem flutt voru á ráðstefnunni (abstracta).

Í lok ráðstefnunnar buðu fulltrúar frá háskólanum í Fairbanks í Alaska til næstu ráðstefnu CCA, sem fer þá þar fram eftir þrjú ár.

Höfundar sitja í stjórn Íslandsdeildar CAA.

MYNTSAFNARAFÉLAG ÍSLANDS



Safnaramarkaður

Sunnudaginn 19. október n.k. verður

Safnaramarkaður Myntsafnarafélags Íslands
í Síðumúla 17 (2. hæð) kl. 13 - 15.

Mynt • Seðlar • Minnispeningar • Barmmerki • Smáprent • Póstkort
Frímerki og margt fleira • Sala - Kaup - Skipti

Þeir sem áhuga hafa á að vera með efni á markaðinum hafi samband við Guðmund Þórðarson sem sér um skráningu og tekur frá borð, sími: 862-3522. Allir velkomnir. Mynt.is
Fyrirspurnir á tölvupóstfang: myntsafnarafelagid@gmail.com

Löggilding, skoðun og ísetningar á **ökuritum og hraðatakmörkurum**









Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum

Mælar á allar gerðir vagna

Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

Vík verkstæði
Einhella 6,221 Hafnarfirði

SÚLUR STÁLGRINDARHÚS

ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI



- Hönnun og ráðgjöf
- Framleiðsla
- Uppsetning
- Verkefna- / byggingastjórn

Súlur stálgrindarhús fyrir atvinnu-, iðnaðar- og íbúðarverkefni

kristjan@sulurehf.is www.sulurehf.is 669 0803

Mjólkursamsalan:

Ostinum pakkað í Reykjavík

– Nýtt íslenskt kerfi tryggir sjálfvirkni og vandaðri vinnu



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Aðalskrifstofur og höfuðstöðvar Mjólkursamsölunnar (MS) eru á Bitruhálsi í Reykjavík. Þar fer jafnframt fram pökkun á öllum bita- og sneiðaosti sem er framleiddur á Akureyri, Sauðárkróki, Egilsstöðum og í Búðardal. Enn fremur er Bitruháls helsta birgða- og dreifingarstöð MS á landinu. Samtals eru starfsmennirnir 170 hjá MS í Reykjavík.

Bændablaðið fékk að fylgjast með pökkun á osti, en MS tók nýlega í notkun nýtt og fullkomið kerfi sem miðar að því að auka sjálfvirkni, gera vinnuna auðveldari og auka gæði. Arnar Ingi Lúðvíksson er rekstrarstjóri Mjólkursamsölunnar í Reykjavík og ber ábyrgð á ostapökkuninni og birgðunum. Þá er hann jafnframt rekstrarstjóri MS í Búðardal þar sem framleiddir eru allir mygluostar landsins, LGG+ og salatostar.



Allur ostur sem Mjólkursamsalan framleiðir og er seldur í bitum eða sneiðum fer í gegnum nýju pökkunarlínurnar á Bitruhálsi í Reykjavík. Myndir / ál



Arnar Ingi Lúðvíksson, rekstrarstjóri Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, segir Íslendinga hafa þróað pökkunarlínu sem ekki fékkst erlendis.

Íslenskt hugvit leysti vandann

Arnar segir Mjólkursamsöluna hafa leitað til erlendra aðila þegar kom að því að þróa nýja pökkunarkerfið, en allir hafi vikið sér undan þar sem MS vildi eiga möguleika á því að vinna með þrjú vörunúmer á færibandinu í einu. Því hafi verið leitað til íslenskra aðila sem sáu um alla þróunarvinnu í samstarfi við MS.

„Það er rúmt ár síðan þetta kerfi var komið í fulla virkni, en framkvæmdir hófust seinni part 2021," segir Arnar. „Þennan vinnslusal tókum við í notkun í maí 2023 og fljótlega upp úr því fórum við að hanna og þróa þetta innmötunarkerfi, eins og við köllum það. Þá er ég að tala um ostapökkunina eins og hún leggur sig."

Starfsfólk virkjað í þróunarvinnu

„Í svona þróunarvinnu eru eðlilega hnökrar og stöðugt verið að betrumbæta. Þetta er orðið býsna gott núna, en við erum ekki hættir og erum enn að þróa þetta. Aðilarnir sem eru að vinna með okkur í þessu hafa verið mjög opnir og í þessu ferli



Osturinn kemur í stórum blokkum frá framleiðslustöðvum í Búðardal, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum.



Á hverjum degi er tólf til átján tonnum pakkað. Afköstin ráðast af því í hversu stórar einingar er pakkað.





Hérna sést stór lager af skagfirsku Goðdalaostunum sem bíður pökkunar.



Sjálfvirkur vélbúnaður sinnir verkefnum sem áður krafðist fjölda starfsmanna.

hafa engar hugmyndir verið dæmdar það klikkaðar að þær hafi ekki verið skoðaðar.

Starfsfólkið hefur líka verið ótrúlega öflugt við að koma með sínar hugmyndir og er þetta í raun samvinna okkar allra. Ég er mjög stoltur af þessum hóp sem er þarna inni og það er gaman að vinna með þessu fólki.“

Tveir sinna starfi tuga

MS á Bitruhálsi tekur við ostinum í stórum blokkum frá starfsstöðvum MS á Akureyri og Búðardal og Kaupfélagi Skagfirðinga á Sauðárkróki. „Við pökkum að meðaltali tólf tonnum á dag og förum alveg upp í átján tonn þegar mest er. Dagamunurinn skýrist af því hvort við erum að pakka í litlar einingar með átta sneiðum eða stærri með 25 sneiðum. Eins erum við með 300 eða 450 gramma bita, eða eitt kíló. Eins hefur áhrif ef við erum að vinna með mörg vörunúmer allan daginn.“

Færibandið byrjar í sérstöku móttökurými. Þaðan fer osturinn yfir á svokallað hreint svæði þar sem blokkirnar eru teknar úr umbúðum, þær skornar niður og pakkað í sölueiningar. Fullpökkuð vara ratar svo í sama rými og færibandið byrjar, þar sem hún er sett í kassa og starfsmenn koma ostinum í vörugeymslu. „Hérna eru bara tveir starfsmenn sem sjá til þess að koma öllum osti inn og taka allan ost frá. Ef við tækjum allan vélbúnaðinn í burtu og þetta væri unnið eins og í kringum 1980 þá þyrftu starfsmennirnir að vera nokkuð margir,“ segir Arnar.

Hin mennska hönd nauðsynleg

Inni á hreina svæðinu les færibandið merkingarnar á blokkunum og deilir ostinum á viðeigandi stað á færibandinu. „Skynjararnir sjá hvar er pláss og kalla eftir þeim ost sem vantar hverju sinni. Það er engin hönd sem kemur að því.

Við viljum ekki vélvæða starf manneskjunnar sem tekur plastið utan af ostablokkunum, því þetta er eftirlitsstarf líka. Við erum búin að hanna róbót sem getur verið á þessari starfsstöð, en við ákváðum að nota hann ekki til þess að tryggja eftirlitið.“

Tækifæri í afskurðinum

„Þegar við erum að pakka í þessar föstu þyngdir er um það bil sjö prósent sem fer í afskurð. Hann fer ekki til spillis, heldur er hann sendur norður á Akureyri í bræðslu. Þessi afskurður hefur gert okkur gott, því hann hefur gefið okkur færi á að þróa vörur sem verða sífellt vinsælli,“ segir Arnar og vísar þá til allra smurosta og kryddosta. Ekki nema fimm til sjö kíló af osti lenda í sorpinu á hverjum degi.

Í geymslukæli MS á Bitruhálsi eru á hverjum tíma um 700 tonn af osti í blokkum og um 80 tonn af tilbúnum og pökkuðum osti. „Reglan er sú að við reynum að vera með tveggja vikna birgðir af hverju einasta vörunúmeri,“ segir Arnar. Þá þurfa sumar tegundir af osti að þroskast í dágóðan tíma og því nauðsynlegt að hafa stóran lager.











Sagnaþáttur:

Þrír eiginmenn og einn elskhugi



Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com

Þórunn á Grund var augasteinn föður síns, Jóns Arasonar biskups. Þessi frægasta pabbastelpa Íslandssögunnar lifði þrjá eiginmenn og reyndi í ellinni að giftast kornungum elskhuga en þurfti að lúta í lægra haldi fyrir leiðinlegum frændum sem ekki skildu ástina.

Á heiðbjörtum vorkvöldum þegar veröldin ljómar í vestansól stendur skyggnishúfuklætt fólk jafnan með járn sín og kylfur á túnunum á Kirkjubóli í gamla Romshvalaneshreppi. Aldalöng glíma við að rækta upp landið við hrjóstruga Miðnesströnd, íburður mörg hundruð ára af mykju, heyrusli og fiskslori ber nú þann ávöxt að velsældarlegir golfarar geta slegið hvítar kúlur í 18 holur án þess að hafa áhyggjur af öðru en eigin skori.

Mitt þar inni á einum teigunum, ekki ýkja langt frá vallarhúsi Golfklúbbs Sandgerðis, rís myndarlegur hóll úr flatanum og gömul útihús þar á. Það er bæjarhóllinn á Kirkjubóli. Víkur nú sögunni þangað.

Hefndardráp

Þeir Hólafeðgar, Jón biskup Arason og synir hans, Ari og Björn, voru höggnir í Skálholti 7. nóvember 1550. Hafði Jón prestur Bjarnason, sem sagðist þó „fávísastur af yður öllum“, lagt til það snilldarráð að taka þá af lífi í von um að hægt yrði að ljúka streði siðaskiptanna í eitt skipti fyrir öll.

Samtímaheimildir segja að konungsmenn hafi þó fljótt fundið á sér að þeir myndu ekki sleppa léttilega frá þessu. Hvern einasta vetur gengu mörg hundruð norðlenskir vermenn úr sveitum sínum í Hólabiskupsdæmi suður og vestur að verstöðvunum við Faxaflóa og á Reykjanesi. Veturinn 1550–51 dvöldu hátt í 400 Norðlendingar suður með sjó, allt vaskir menn á besta aldri og upp til hópa í hefndarhug. Þeim til viðbótar var flokkur sextíu manna nú sendur gagngert suður til að hefna aftöku feðganna.

Umboðsmaður hirðstjórans, Lárentíusar Múla, sem Íslendingar nefndu svo, var Christian Schreiber, jafnan nefndur Kristján skrifari á okkar tungu. Hann bar sem æðsti embættismaður krúnunnar á landinu ábyrgð á aftökunni í Skálholti og því augljóst að hann myndi verða skotspónn hefnendanna. Um Pálsmessu, 25. janúar, 1551, var hann staddur með vopnuðum flokki sínum í embættiserindum á Kirkjubóli og gisti þar. Norðlendingarnir vissu af ferðum hans, komu þar að áliðnu kvöldi „og voru þeir allir með hettum og hökustalli“ eins og segir í heimild – eða upp á nútíðaríslensku „í hettupeysum með buff fyrir vitum“. Þeir umkringdu bæinn, brutu þekjuna (þó ekki fyrr en eftir að hafa spurt bóndann um leyfi!) og drápu síðan Bessastaðamenn.

Illa gekk þó að vinna á Christian „því hann var í treyju sem járnin bitu ekki á“ og komst hann út úr bænum. Gekk fram vaskur piltur, að sögn átján ára gamall, „og lagði fyrir neðan treyjuna og upp í smáþarmana á honum“ og segir jafnframt að þá hefði Christian „rekið upp hljóð“.

Herstjórinn á Grund

Pilturinn sem þarna var orðinn banamaður æðsta embættismanns Danakonungs hér á landi stakk umsvifalaust af. Hann hljóp á bak á hesti sem var í garði á Kirkjubóli, gráum klár sem Ari Jónsson hinn hálshöggni hafði átt en Christian gert upptækan. Reið pilturinn eins og af tók norður og leitaði ásjár hjá skipuleggjanda herferðarinnar, einnar svipmestu persónu þessara ára, Þórunnar Jónsdóttur Arasonar sem þá bjó stórbúi á Grund í Eyjafirði og er jafnan kennd við þann bæ.

Þórunn var fædd 1510 eða 11, dóttir Jóns Arasonar sem fyrr segir og fylgikonu hans, Helgu Sigurðardóttir. Öllum heimildum ber saman um að hún hafi verið sannkölluð pabbastelpa. Þegar Jón arfleiddi fjögur barna sinna og Helgu formlega að eignum sínum 1522 fékk Þórunn jafnan hlut á við bræður sína þrjá, þá Ara, Björn og Magnús, en ekki helmingshlut eins og venjan var með dætur. Jóni fannst lítið mál að gera upp á milli barna sinna því tvö þeirra fengu ekkert, þau Sigurður og Helga. Sagt er að þegar Jón var höggvinn hafi hann beðið að heilsa „Sigurði syni mínum og Þórunni dóttur minni“. Já, Þórunn var besta stelpa í heimi í augum pabba síns og hafði hjartalag sem hæfði hennar slekti: Mild og blíð við minni máttar, örlát svo af bar, en algerlega miskunnarlaus við óvini sína.



„Hrafn minn var höfðingsmaður mestur, Ísleifur skartsmaður mestur en Þorsteinn minn heimsmaður mestur,“ sagði Þórunn Jónsdóttir á Grund um þrjá eiginmenn sína.
Myndin er af gömlu korti af Grund.

> … íburður mörg hundruð ára af mykju, heyrusli og fiskslori ber nú þann ávöxt að velsældarlegir golfarar geta slegið hvítar kúlur í 18 holur án þess að hafa áhyggjur af öðru en eigin skori.

Eiginmaður númer eitt

Eins og títt var og er um konur af höfðingjaættum var Þórunn strax sem unglingur peð í tafli föður síns. Hann gifti hana 14 ára gamla „uppgangsmanninum“ Hrafni Brandssyni, prestssyni úr Vopnafirði sem var í senn gráðugur, slóttugur og stórlátur. Akkúrat sú týpa sem Jóni Arasyni líkaði að hafa í sínu liði. Saman hjóluðu þeir tengdafeðgar í einn valdamesta mann í Skagafirði og Húnavatnssýslum um þetta leyti, Teit Þorleifsson ríka, og tókst með bolabrögðum og tuddaskap að stía honum frá lögmannsembætti og síðan eignum með klassískum gambít íslenskra höfðingjastétta 15. og 16. aldar: að dæma hann sekan við krúnuna þannig að eigur hans yrðu konungseign, en kaupa síðan sömu eigur aftur af krúnunni á hrakvirði.

Hrafn settist síðan í ríki Teits í Glaumbæ í Skagafirði. Haustið 1529 sat hann þar að drykkju með mönnum sínum. Mökkblekaður rauk hann allt í einu upp og skoraði á hólm einn sveina sinna, Filippus að nafni. Þeir brugðu sér út á hlað, drógu upp sverð og skylmdust uns Filippus veitti Hrafni ljótt sár. Þau Hrafn og Þórunn höfðu frá því þau giftust búið á Hofi á Höfðaströnd og þangað lét Hrafn nú flytja sig helsærðan. Lá hann nokkra daga en dó svo á Hofi í örmum Þórunnar.

Eiginmaður númer tvö

Ekki gafst Þórunn þó upp á ástinni. Eftir að hafa fengið hjálp pabba gamla við að ná öllum eignum Hrafns undir sig að honum gengnum giftist hún Ísleifi Sigurðssyni, sýslumanni Eyfirðinga, 1533 og fluttist til hans norður á Grund. Hún var enn kornung, aðeins 23 ára, og þau hjón stóreignafólk og þess utan með góðan smekk. Þau kostuðu til að mynda gerð einna merkustu útskurðarmuna Íslandssögunnar, Grundarstólanna, sem nú eru varðveittir í Þjóðminjasöfnum Íslands og Danmerkur.

Þeim varð ekki barna auðið og Ísleifur var heldur ekki alveg nógu góður til heilsunnar. Hann hvarf héðan úr heimi 1549 og stjórnaði Þórunn þá veldi þeirra eiginmannslaus. Þegar bræður hennar og faðir voru gerðir höfðinu styttri varð hún forkólfur hinnar kaþólsku andspyrnu á Norðurlandi og virðist hafa skipulagt og kostað hefndarförina 1551.

Þriðji maðurinn

Allnokkru fyrr, líklegast um það leyti sem Þórunn var „milli manna“ upp úr 1530, kynntist hún Þorsteini Guðmundssyni „leikara“ frá Felli í Kollafirði á Ströndum sem þá var á Hólum í liði föður hennar. Eins og viðurnefnið bendir til var hann fjörugur náungi og svo mikill kvennamaður að sagnariturum hefur blöskrað, Páll Eggert Ólason segir að kvensemi hans „hafi verið sjúkdómur“. Þórunn á Grund var líka orðlögð fyrir að skirrast ekki við að kveða þá til hvílu sem henni leist vel á og því ekki úr vegi að þetta kynorkumikla fólk drægi sig saman, bæði hokin af reynslu í ástarmálum. Þau giftu sig, varð ekki barna auðið en sambúð þeirra var að allra heimilda dómi með miklum ágætum. Þau kunnu að „lifa og njóta“ eins og nú er sagt.

Svo dó Þorsteinn kvensami sem átti sex börn utan hjónabands en ekkert innan. Þórunn var hins vegar sem fyrr djarftæk til karla og sló sér nú upp með staðarprestinum á Grund, en á þeim var um fjörutíu ára aldursmunur. Vildi hún nýta nýjan sið til að giftast honum. Dúkkuðu þá upp frændur hennar sem ekki skildu ástina og komu með lagaþvargi í veg fyrir giftinguna. Tókst þessum fúlistum að lokum að dæma hana frá fjárforræði sökum meintra elliglapa. Allt í von um að halda arfinum eftir hana. Þaðan í frá var hún „ættingjum sínum erfið“. Var með kjaft og múður og sótti stöðugt í að ausa út fé, frændunum til ama.

Þórunn Jónsdóttir á Grund var komin yfir áttrætt þegar hún lést. Í einlægu viðtali á efri árum gaf hún eiginmönnum sínum þremur eftirfarandi einkunn: „Hrafn minn var höfðingsmaður mestur, Ísleifur skartsmaður mestur en Þorsteinn minn heimsmaður mestur.“



Citroen C4 Cactus
- Nýskráður 2016
- Bensín
- Sjálfskiptur
- Ekinn 147 þ.km.

Verð: 1.490.000 kr.



KGM Rexton Premium
- Nýskráður 2024
- Dísel
- Sjálfskipting 8 gírar
- Ekinn 74 þ.km.

Verð: 8.590.000 kr.

Ísland vill sjá þig í haust.
Eigum gott úrval notaðra bíla.



SsangYong Korando
- Nýskráður 2016
- Dísel
- Sjálfskiptur
- Ekinn 137 þ.km.

Verð: 1.790.000 kr.



Audi E-Tron S Sportback
- Nýskráður 2022
- Rafmagn
- Sjálfskiptur
- Ekinn 37 þ.km.

Verð: 9.290.000 kr.

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.



Meira úrval á
notadir.benni.is

Bílabúð Benna
Krókhálsi 9
590 2035

Bílabúð Benna
Í fimmtíu ár

Vísnahornið

Ingólfur Ómar er einn af betri hagyrðingum nútímans, hér er ein:

Kylja næðir kraumar sær
kögur rís á öldu,
mánaskini mildu slær
á marardjúpin köldu.

Og svo önnur býsna haustleg:

Falla lauf og fölnar reir
flögra í hringi þrestir,
vankaðir nú virðast þeir
vel af berjum hresstir.

Ingólfur Ómar yrkir hér þrjár góðar braghendur um hauststörfin góðu:

Fram á heiðum fræknir garpar
fákum ríða,
rennur féð um hlíð og hjalla,
hó og köll á vörum gjalla.

Stíga af baki staldra við og
stemmur kyrja
gjarnan er þá gáð í tösku,
glaðir súpa lögg úr flösku.

Erfið leið er yfir klungur
ár og gjótur
upp til fjalla fram til dala,
fara þeir um haust að smala.

Sigrún Haraldsdóttir yrkir hér lofgjörð um blóm sem aðrir lasta:

Iðjusemi aldrei brást
auðnu lífið glæddi,
blómið sinni bláu ást,
bera melinn klæddi.

Hér er skammdegisvísa sem Sigrún orti og á oft við að hausti:

Nú er um að litast ljótt
landið grátt og dapurt,
um hádegið var hálfgerð nótt,
helliregn og napurt.

Dagbjartur Dagbjartsson orti eitt sinn góða sjálfslýsingu af algjörri hógværð eins og sjá má:

Oft mér tekst að tjá mig snjallt
sem tæpast annar getur,
líka veit ég allt um allt
öllum mönnum betur.

Dagbjartur tekur fram að vegna skorts á eigin sjálfstrausti, megi aðrir nýta sér þessa vísu að vild. Og síðan þetta heilræði frá kalli.

Möguleika guð oss gaf
gleðibros að treina,
það lifir enginn lífið af.
- En látum á það reyna.

Þórdís frá Hrísum, yrkir um sameiningar og vel á það við, þegar jafnvel Skorrdælingar láta til leiðast að fara í slíkt.

Fjölbreytni væri ekki greiði gerður
grauta þeim eins og kaffi í mjólk,
ég skelfist þá hugsun ef Skorrdælum
verður
skipað að láta eins og annað fólk.

Og áfram segir Dísa um sameiningar:

Eining hreppa fær ýmsu skilað,
í útgjaldasúpuna.
Stærri byggð er sterkari til að
-stingast á kúpuna.

Og Dísa frá Hrísum er býsna beitt í lýsingu á fylgifiski túrismans:

Kyrrstæður Yaris á blindhæðarbrún
bifreiðastjórum veldur þykkju.
Hrifnæm kona frá Kamerún
í kantinum myndar gamla bykkju.

Þáttaritari var eitt sinn í hestaferð með vinum, nokkur gleði var í mönnum og ég skipti við mág minn, Hjalta í Ásakoti, á röskum hesti og afsláttar holdakvígu.
Ég sagði þá við handsal á kaupunum:

Hestakaupin gerðust greið
í gleði og vínsins flaumi.

Mágar mínir Hjalti og Kristján botnuðu:

Halldórsson fór heim á leið
með holdabelju í taumi.

Dísa frá Hrísum segir að lokum, um eilífar þrengingar í landbúnaði:

Í búskaparmálum er voðinn vís
verðþróun skrítin og auknar kvaðir.
Allt er á hraðferð til Helvítis
og hefur verið í aldaraðir.

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

EYJALIND
Varahlutir i VOLVO
Vinnutæki
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Verkval ehf.
Bjóðum upp á eftirtalda þjónustu:
- Holræsahreinsun/lagnahreinsun
- Rotþróarhreinsun
- Götu- og gangstéttasópun
- Lagnamyndun
- Stíflulosun
Hægt er að hafa samband við Verkval ehf.
í síma: 892-3762
eða senda póst á netfangið: verkval@verkval.is

DÚNDUR TILBOÐ
BLUETOOTH PELTOR
TILBOÐ 50.000,- VERÐ ÁÐUR 72.999,-
TILBOÐ 60.000,- VERÐ ÁÐUR 89.998,-
TILBOÐ 70.000,- VERÐ ÁÐUR 104.998,-
TILBOÐ 70.000,- VERÐ ÁÐUR 107.499,-
SAMAN Í 60 ÁR
3M PELTOR Protection & Communication
DYNJANDI allt fyrir öryggið
Tilboð gildir út október 2025 eða á meðan birgðir endast
Dynjandi ehf. | Skeifunni 3 | 108 Reykjavík | Sími 588 5080 | dynjandi.is | bud@dynjandi.is

Við klæðum þig í hvelli!
ELKA
Sjóklæðin frá Elka fást hjá okkur.
KH VINNUFÖT
khvinnufot.is | Nethylur 3 | Sími 577 1000

MEIRAPRÓF
Fjarkennsla
Næsta námskeið 16. október
NÆSTU NÁMSKEIÐ
16. okt.
20. nóv.
8. jan '26.
Bókleg kennsla á netinu.
Verkleg kennsla í Reykjavík, Akureyri og Sauðárkróki.
Upplýsingar og skráning inn á www.aktu.is
ATH óbreytt verð frá jan '23
AKTU ÖKUSKÓLI
Ökuskóli allra landsmanna

Bændablaðið kemur næst út 23. október

Hannyrðir:

Fínleg dömupeysa

Garnið í þessa fallegu peysu er á 30% afslætti í október. Peysan er úr DROPS Brushed Alpaca Silk og DROPS Flora. Stykkið er prjónað ofan frá og niður með laskalínu, v-hálsmáli, rúllukanti og i-cord.

DROPS Design: Mynstur as-194

Stærðir: S (M) L (XL) XXL (XXXL)

Garn: DROPS BRUSHED ALPACA SILK 125 (125) 125 (150) 175 (175) gr litur á mynd nr 01, rjómahvítur

Og notið:

DROPS FLORA 150 (200) 200 (200) 250 (250) gr litur á mynd 01, rjómahvítur

Prjónar: Hringprjónm 40 og 80 cm nr 5,5. Sokkaprjónar nr 5,5.

Prjónfesta: 15 lykkjur x 20 umferðir með 1 þræði í hvorri tegund með prjóna = 10 x 10 cm.

Laskalína: Aukið út 1 lykkju með því að slá 1 sinni uppá prjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn svo ekki myndist gat.

V-HÁLSMÁL: Aukið út 1 lykkju með því að slá 1 sinni uppá prjóninn, í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður snúinn svo ekki myndist gat.

Úrtaka á ermum (á við um miðju undir ermi): Fækkið um 1 lykkju hvoru megin við merkiþráð þannig: Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á undan merkiþræði, prjónið 2 lykkjur slétt saman, 2 lykkjur slétt (merkiþráðurinn situr á milli þessa 2 lykkja / mitt í þessum lykkjum), lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð.

Hægri kantur á framstykki: Fitjið upp 4 lykkjur á hringprjón nr 5,5 með 1 þræði DROPS Brushed Alpaca Silk og 1 þræði DROPS Flora (= 2 þræðir).

Rétta: Prjónið 2 lykkjur brugðið, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið og prjónið 1 lykkju slétt.

Ranga: Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið og prjónið 3 lykkjur slétt.

Endurtakið þessar 2 umferðir þar til kantur að framan mælist 19 (19) 20 (20) 20 (21) cm, endið með umferð frá röngu. Klippið þráðinn og geymið stykkið.

Vinstri kantur á framstykki: Fitjið upp 4 lykkjur á hringprjón nr 5,5 með 1 þræði DROPS Brushed Alpaca Silk og 1 þræði DROPS Flora (= 2 þræðir).

Rétta: Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt, prjónið 2 lykkjur brugðið.

Ranga: Prjónið 2 lykkjur slétt, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið og prjónið 1 lykkju slétt.

Endurtakið þessar 2 umferðir þar til kantur að framan mælist 19 (19) 20 (20) 20 (21) cm, síðasta umferðin er prjónuð frá röngu. Nú eru lykkjur fitjaðar upp fyrir berustykki á milli kanta að framan eins og útskýrt er að neðan.

Berustykki: Prjónið yfir vinstri kant að framan eins og áður frá réttu, fitjið upp 60 (60) 62 (62) 64 (66) nýjar lykkjur í umferð, prjónið yfir hægri kant að framan eins og áður frá réttu = 68 (68) 70 (70) 72 (74) lykkjur. Prjónið 1 umferð brugðið frá röngu með 4 lykkjur í kanti að framan í hvorri hlið eins og áður.

Setjið 4 merki í stykkið án þess að prjóna þannig: Teljið 5 lykkjur (framstykki), setjið 1 merki í næstu lykkju, teljið 16 lykkjur (ermi), setjið 1 merki í næstu lykkju, teljið 22 (22) 24 (24) 26 (28) lykkjur (bakstykki), setjið 1 merki í næstu lykkju, teljið 16 lykkjur (ermi), setjið 1 merki í næstu lykkju, það eru 5 lykkjur eftir í umferð á eftir síðasta merki (framstykki).

Prjónið fram og til baka í sléttprjóni með 4 lykkjur í kanti að framan eins og áður í hvorri hlið, jafnframt því sem aukið er út bæði fyrir LASKALÍNA og V-HÁLSMÁL – lesið útskýringu að ofan og lesið báða kaflana að neðan áður en prjónað er áfram.

V-hálsmál: Byrjið útaukningu fyrir v-hálsmáli í fyrstu umferð frá réttu, síðan er aukið út fyrir v-hálsmáli í 4. hverri umferð 10 (10) 11 (11) 12 (13) sinnum, aukið út 1 lykkju í hvorri hlið, aukið út innan við kantlykkjur að framan.

Laskalína:

Umferð 1 (rétta): Prjónið sléttprjón og kanta að framan eins og áður og aukið út fyrir laskalínu hvoru megin við lykkju með merki (= 8 lykkjur fleiri).

Umferð 2 (ranga): Prjónið sléttprjón og kanta að framan eins og áður.

Prjónið umferðir 1-2 alls 3 (3) 6 (7) 4 (4) sinnum.

Síðan er prjónað og aukið út þannig:

Umferð 1 (rétta)**:** Prjónið sléttprjón og kant að framan eins og áður og aukið út fyrir laskalínu hvoru megin við lykkju með merki (= 8 lykkjur fleiri).

Umferð 2 (ranga): Prjónið sléttprjón og kant að framan eins og áður.

Umferð 3 (rétta): Prjónið sléttprjón og kant að framan eins og áður og aukið út fyrir laskalínu á framstykkjum og á bakstykki, þ.e.a.s. aukið út á undan 1. og 3. merki og á eftir 2. og 4. merki – ekki er aukið út á ermum (= 4 lykkjur fleiri).



Umferð 4 (ranga): Prjónið sléttprjón og kant að framan eins og áður.

Prjónið umferðir 1 til 4 alls 9 (10) 9 (10) 13 (14) sinnum = 9 (10) 9 (10) 13 (14) sinnum útaukning á ermum og 18 (20) 18 (20) 26 (28) sinnum útaukning á fram- og bakstykki. Það eru 220 (232) 248 (268) 284 (300) lykkjur á prjóninum. Stykkið mælist ca 21 (23) (24) 27 (30) 32 cm frá uppfitjunarkanti fyrir miðju að aftan. Nú skiptist berustykkið fyrir fram- og bakstykki og ermar.

Skipting fyrir fram- og bakstykki og ermar: Prjónið 4 kantlykkjur að framan eins og áður, prjónið 33 (35) 37 (40) 44 (47) lykkjur sléttprjón (= framstykki), setjið næstu 40 (42) 46 (50) 50 (52) lykkjur á þráð fyrir ermi, fitjið upp 8 (10) 12 (14) 16 (18) nýjar lykkjur, prjónið 66 (70) 74 (80) 88 (94) lykkjur sléttprjón (= bakstykki), setjið næstu 40 (42) 46 (50) 50 (52) lykkjur á þráð fyrir ermi, fitjið upp 8 (10) 12 (14) 16 (18) nýjar lykkjur og prjónið síðustu 33 (35) 37 (40) 44 (47) lykkjur eins og áður (= framstykki), endið með 4 kantlykkjur að framan eins og áður. Fram- og bakstykki og ermar er síðan prjónað hvert fyrir sig.

Fram- og bakstykki: 156 (168) 180 (196) 216 (232) lykkjur. Prjónið sléttprjón fram og til baka með 4 kantlykkjum að framan eins og áður í hvorri hlið þar til stykkið mælist 46 (48) 50 (52) 54 (56) cm frá miðju að aftan, í síðustu umferð er fækkað um 1 lykkju ca fyrir miðju að aftan.

Nú er prjónaður rúllukantur neðst á peysunni, prjónið næstu umferð frá réttu þannig: Prjónið kant að framan eins og áður, *1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið*, þar til 5 lykkjur eru eftir, 1 lykkja slétt og endið með kant að framan eins og áður. Prjónið næstu umferð frá röngu þannig: Prjónið kant að framan eins og áður, *1 lykkja brugðið, 1 lykkja slétt* þar til 5 lykkjur eru eftir, 1 lykkja brugðið og endið með kant að framan eins og áður. Prjónið 4 umferðir sléttprjón. Fellið af.

Ermar: Setjið 40 (42) 46 (50) 50 (52) lykkjur frá ermi frá öðrum þræðinum á hringprjón / sokkaprjóna nr 5,5 og prjónið einnig upp 1 lykkju í hverja af 8 (10) 12 (14) 16 (18) lykkjum sem fitjaðar voru upp undir ermi = 48 (52) 58 (64) 66 (70) lykkjur. Setjið 1 merkiþráð mitt í nýjar lykkjur undir ermi – umferðin byrjar hér. Prjónið sléttprjón í hring 3 cm. Fækkið um 2 lykkjur fyrir miðju undir ermi - lesið LEIÐBEININGAR ÚRTAKA. Fækkið lykkjum svona í hverjum 10 (8) 6 (3½) 3½ (2½) cm alls 4 (5) 7 (9) 9 (10) sinnum = 40 (42) 44 (46) 48 (50) lykkjur. Prjónið síðan þar til ermin mælist 40 (39) 39 (37) 34 (32) cm frá skiptingunni, það eru ca 3 cm að loka máli. Prjónið 2 umferðir stroff (1 sl, 1 br). Prjónið 4 umferðir slétt, fellið af.

Frágangur: Kantar að framan frá hvoru framstykki eru saumaðir saman = miðja á baki, saumið síðan að lykkjum í kringum hálsmál.

Bönd á framstykki: Prjónið snúruprjón (I-cord snúru) með 4 lykkjur á sokkaprjóna nr 5,5 þannig: Prjónið upp 4 lykkjur með 1 þræði í hvorri tegund (= 2 þræðir) og prjónið 1 umferð slétt. Síðan er prjónað þannig: *Færið allar lykkjur yfir á hægri hlið á prjóninum án þess að snúa stykkinu, herðið á þræði og prjónið aftur slétt yfir allar lykkjur*, prjónið frá *-* þar til bandið mælist ca 25 til 30 cm. Klippið þræðina. Saumið niður 1 band í hvora hlið á peysunni, ca 2 cm neðan við síðustu útaukningu fyrir v-hálsmáli.

Prjónakveðja,
stelpurnar í Handverkskúnst
www.garn.is





Eitt af verkum Bergþórs Morthens í Listasafninu á Akureyri. Mynd / LA

Á misljósum mörkum

Hrifla | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Mikið líf er í Listasafninu á Akureyri um þessar mundir. Þar standa nú yfir nokkrar sýningar eftir listafólk sem vinnur í fjölbreytilega miðla. Heimsókn í safnið er alltaf ánægjuleg, þó ekki sé nema vegna þess hvað byggingin sjálf er vel heppnuð, en að þessu sinni var ákaflega gott jafnvægi á milli hins smáa og stóra, innra og ytra, aðflutta og heimasprottna, handverks og hugmynda, manns og dýrs, manns og náttúru, reglu og óreiðu.

Sýningarnar leika margar hverjar á einhverjum mörkum, misljósum. Himnastigi Barböru Long minnir jafnt á innviði skógar og mannslíkama, strúktúr lífsins sem teygir sig til himins og leitar þar endanleikans. Mörkin á milli hins innra og ytra eru sömuleiðis óljós í verkum Bergþórs Morthens, Öguð óreiða, sem jafnframt spila á mörk málverks og skúlptúrs.

James Merry er að vissu leyti á sömu mörkum í andlitsgrímum sínum, Nodens, Sulis og Taranis, en James er breskur myndlistarmaður sem hefur búið og starfað á Íslandi í áratug og er líklega þekktastur sem tíður samstarfsmaður Bjarkar Guðmundsdóttur. Grímurnar eru innblásnar af rómversk-keltneskum fornleifafundi í Bretlandi. Þær hylja um leið og þær draga fram hið innra og dulda.

Sýningin Femina Fabula vinnur á mörkum hins mannlega og dýrslega, manns og náttúru. Hún samanstendur af sex myndbandsverkum sem gestir geta horft á í sýndarveruleikagleraugum. Þau fjalla öll um kvenleikann og sköpunarkraftinn. Áberandi er árekstur hins mannlega og dýrslega, vitsmuna og hvatalífs. Sýningin byggir á hugmyndum sviðslistakennaranna Kajsa Bohlin, Lalla la Cour, Anna Stamp, Noora Hannula, Tubna Keles og Linh Le. Verkin urðu til í samvinnu þeirra við myndlistarkonuna Kirsty Whiten og leikstjórann Kristján Ingimarsson, sem er listrænn stjórnandi sýningarinnar.

Ýmir Grönvold sýnir verk innblásin af náttúrunni, vaxtar- og hringrásarferlum hennar. Endurtekningar eru áberandi í formum og litum, regla sem sprettur úr óreiðu.

Að lokum skal getið samtals á milli tveggja kynslóða listamanna frá Akureyri. Óli G. Jóhannsson sýnir verk undir titlinum Lífsins gangur og afabarn hans, Sigurd Ólason, sýnir verk undir titlinum DNA afa. Verk Sigurds bera nafn með réttu enda bera þau þess skýr merki að vera máluð undir áhrifum frá afa listamannsins. Úr verður skemmtilegt samtal.

Það er með öðrum orðum ýmislegt að sjá í Listasafninu á Akureyri þessa dagana og óhætt að mæla með heimsókn.

Nál og tvinni
Sérverslun með saumavélar



Allt fyrir útsauminn fyrir stóra og smáa!
Gæðavörur frá MADEIRA
m.a. útsaumstvinni, undirlag, yfirlag, skæri og fleira

Sendum um allt land

Tajima SAI
- 8 nála útsaumsvél -
rammar og forrit fylgja
Sérpöntum einnig stærri vélar



588 9977 · www.nalogtvinni.is · nalogtvinni@nalogtvinni.is
JUKI TAJIMA GLOBAL COATS veit MADEIRA GROZ-BECKERT

Stíflulosun Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com
Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.
Yfir 20 ára reynsla

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020,
bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg

Lífræn hreinsistöð



Fyrirferðarlítil með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is





Bændahöllin í nýju hlutverki



















1. Aðalinngangurinn við Hagatorg þar sem áður var móttaka á hótelið. Í gegnum gat í loftinu sést upp í Súlnasal. **2.** Súlnasalur á annarri hæð. Þar verður bókasafn með aðstöðu fyrir nemendur til að læra. Í framkvæmdunum kom í ljós að undir sviðinu hafði upphaflega verið stórt gat í gólfinu. Ákveðið var að leyfa því að halda sér og er rýmið því mjög opið. **3.** Eldhúsið á jarðhæð þar sem áður var veitingastaður hefur fengið að halda sér að mestu óbreytt. Þar verður veitinga- og kaffisala fyrir stúdenta. **4.** Í kjallaranum er allt orðið bjartara og vistlegra eftir að grafið var niður til að hleypa inn birtu og skapa rými utandyra sem hægt er að nýta í kennslu. **5.** Kennslustofa á þriðju hæð þar sem ritstjórnarskrifstofur Bændablaðsins voru áður. **6.** Á fjórðu hæð voru hótelherbergi innréttuð sem skrifstofur fyrir tvo eða fleiri starfsmenn. **7.** Grillið á efstu hæðinni. Rífa þurfti niður alla veggi, en til stendur að endurskapa rýmið í sama stíl og áður. Engin áform eru uppi um veitingasölu, heldur mun rýmið nýtast sem salur fyrir kennslu og viðburði. **8.** Kennslustofa á þriðju hæð þar sem áður var móttaka Bændasamtaka Íslands. **9.** Inngangurinn að Grillinu á efstu hæð. **10.** Kennslustofa á annarri hæð í norðurálmunni. Hér voru áður fundarsalir og viðburðarými.

Myndir og texti / ál



Blóm mánaðarins:

Októberstjarnan – okkur öllum til heilla

Allir þekkja jólastjörnu, þá hlýlegu pottaplöntu sem prýtt hefur mörg heimili á aðventu og jólum áratugum saman. Algengast er að hún sé hárauð á litinn. Það eru háblöðin sem taka lit seinni hluta ræktunartímans, blómin sjálf eru ekki jafnáberandi, gul á litinn en prýða samt plöntuna. Fleiri litir eru í boði, t.d. hvít, tvílit og bleik. Það er einmitt bleika jólastjarnan sem hér er til umfjöllunar.

Jólastjarna í október?

Októberstjarnan er einkaleyfisvarið heiti, notað um ákveðið yrki jólastjörnu sem ræktað er hér á landi og kemur í verslanir í októberbyrjun. Heiti yrkisins er „J'Adore Pink", með fallega bleik háblöð, margar þéttar greinar og fagurgrænt lauf. Plönturnar verða 40–50 cm háar og eru auðveldar í meðförum í heimahúsum ef réttum aðferðum er beitt.



Ingólfur Guðnason.

Októberstjarnan hefur náð vinsældum og er nú ræktuð hér á landi í þúsundatali. Græðlingarnir eru ræktaðir í Afríku og fluttir þaðan til Hollands þar sem þeir eru rótaðir en koma til Íslands með stuttri viðkomu í Danmörku um 10. júní. Hér eru þeir settir í potta og ræktaðir í gróðurhúsi við háan hita í fyrstu. Þá er hitastigið lækkað nokkuð til að fá fram þéttar og fallegar plöntur.

Októberstjörnur eru, eins og aðrar jólastjörnur, skammdegisplöntur sem þroska blóm og lituð háblöð við stuttan dag. Miðað er við 7 vikna myrkvunartíma með 9 klst. daglengd til þess að kalla fram blómmyndun og hinn fagurbleika lit háblaðanna. Ýmsum öðrum ræktunarráðum er beitt til að halda plöntunum heilbrigðum og þéttum. Þá tekur við lokastig ræktunar þar til þær eru tilbúnar til dreifingar í blómaverslanir.

Meðferð plantnanna

Öll sömu ræktunarráð gilda við Októberstjörnurnar og önnur jólastjörnuyrki. Plönturnar eiga erfitt með að þola lágt hitastig. Varast þarf hitastig undir 12 °C, jafnvel í stuttan tíma. Ágætt er að ljúka verslunarferðinni hjá blómasalanum því dvöl plöntunnar í köldum bíl í stutta stund getur valdið skaða. Þegar heim er komið er gott að hafa plönturnar á björtum stað. Hentugt hitastig er 16–20 °C. Endingartíminn styttist allmikið fari hitinn mikið yfir 20 °C. Plönturnar mega aldrei þorna en að sama skapi er ofvökvun varasöm. Reynst hefur vel að hafa pottinn á víðri undirskál sem vökvað er í eftir þörfum. Vökvað er með volgu vatni en áburðargjöf ætti að vera óþörf.

Krabbameinsfélag Íslands nýtur góðs af sölu Októberstjörnunnar

Auk þess að ræktun Októberstjörnunnar er skemmtileg viðbót við úrval blómstrandi pottaplantna á haustin hefur hún annan athyglisverðan tilgang. Hluti andvirðis hverrar seldrar plöntu rennur beint til Krabbameinsfélags Íslands og á þann hátt tengist garðyrkjuframleiðslan forvarnarstarfi félagsins. Þess vegna er óhætt að hvetja landsmenn til að taka þessari viðleitni vel.

Lítið við hjá blómasalanum í næstu innkaupaferð og standið vörð um forvarnarstarfsemi Krabbameinsfélags Íslands í bleikum október!

Höfundur er kennari við Garðyrkjuskóla FSu á Reykjum, Ölfusi.



Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði

Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



KAUPLAND www.kaupland.is sími 8449484



Milliloft í boði
Upplýsingar gefur Bjarni í síma 775 6667

FS FASTEIGNIR
Friðrik Sigþórsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 694 4220
Svala Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími: 663 5260

FASTEIGNASALA AKUREYRAR
Arnar Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 773 5100



Umboðsaðilar: **Bikevik,** Reykjanesbæ. **KS,** Sauðarkróki. **Suður England,** Selfossi. **Lyngás** Hellu. **Landstólpi-AB,** Egilsstöðum.

NITRO
Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Matarkrókurinn:

Sætur og súr

Hafliði Halldórsson
haflidi@icelandiclamb.is



Flest hráefni í mat sem hægt er að fá á sæmilegum kjörum þarf smá tíma og ást til að verða að gúmmelaði. Seigustu kjötbitarnir verða mjúkir, geltín lekur úr beinum og laukur fer úr því að vera nær óætur í að verða hið mesta hnossgæti.

Laukur er reyndar einhvers konar töfrahráefni. Hægt að nota hann hráan, hann tekur dásamlega við sýru og auðvitað hægt að elda hann. Ýmist í stutta stund eða það sem betra er – hægt og lengi. Sé laukur eldaður stutt við sæmilega háan hita heldur hann ágengum, jafnvel bitrum, hrá-einkennum sínum – en sé hann eldaður við lágan hita lengi verður hann sætur. Jafnvel klígjulega sætur.

Laukur er svo náttúrlega ekki bara laukur. Heldur er heil fjölskylda af afbrigðum. Við hér á hjara hins byggilega heims þekkjum flest þessa klassísku gulu, rauða og stundum hvíta. Svo eru aðrar frænkur eins og blað-, púrr-, perlu-, vor og skarlottlaukur. Síðan er það hvítlaukurinn, tæknilega ekki laukur heldur fjarskyldur frændi. Skyldari liljum og er efni í aðra og lengri grein.

Tveggja turna tal

Ef við tökum tvo algengustu laukana í hérlendum kjörbúðunum, þann gula og rauða, þá er rauðlaukur sætari og hentar hrár í salöt og tekur einstaklega við súrsun. Sé hins vegar ætlunin að elda laukinn, sulta eða karmelísera hentar sá guli betur.

Súrsaðan rauðlauk er sáraeinfalt að útbúa: Edik og vatn til sirka helminga er soðið saman með fimm prósent af salti, miðað við heildarþyngd vatns og lauks. Suðan látin koma upp og sjóðandi heitum vökvanum hellt yfir laukinn. Hægt að nota eftir klukkutíma en best að láta taka sig í dag eða tvo í kæliskáp. Endist þar í nokkra daga eða vikur í góðu lokuðu gleríláti. Þarf þó ekki að hafa miklar áhyggjur af endingu því laukurinn klárast hratt.

Hnífsbrögð

Það er hægt að skera lauk í hringi, sax'ann og skera í strimla. Strimlarnir eru ýmist skornir á milli póla eða þverskornir yfir miðbaug lauksins. Strimlar skornir endanna á milli henta betur ef laukurinn á að halda formi sínu. Þverskornir strimlar eru mýkri og leysast nánast upp við hægeldun. Beittur hnífur dregur úr líkum á tárum en ef það þarf að skera mikið er hægt að nota sundgleraugu til að halda grátstöfunum í lágmarki. Til að saxa lauk er laukurinn fyrst skorinn í helminga milli póla, þá eru þéttar rendur skornar þannig að hnífurinn fari ekki alveg í gegn rótarmegin og loks er skorið þvert á laukinn, þétt fyrir fínsaxaðan sunnudagslauk og ekki alveg jafnþétt á virkum dögum. Ekki þarf að taka fram að fjarlægja ystu lögin og mesta skítinn af rótinni fyrir skurð.

Hægeldað sætmeti

Til að laukur nái að verða sætur þarf að malla hann hægt og lengi. Best er að elda hann í frekar djúpum þykkbotna potti. Hitinn má ekki vera of mikill, miðlungs eldur ætti að duga. Smá olía í botninn, þá laukurinn og klípa af salti. Saltið leysir vökva úr lauknum og er fyrsta brunavörnin. Þegar þessi vökvi hefur gufað upp og laukurinn byrjar að taka á sig gljáa þarf að vökva meira. Með skvettu af vatni, hvítvíni eða jafnvel bjórslettu. Þetta þarf að endurtaka í hvert sinn sem vökvinn gufar upp.

Gott að nota eyrun til að vita hvenær er best að vökva. Hlusta eftir því þegar laukurinn hættir að sjóða og byrjar að steikjast. Allt í lagi og í raun ákjósanlegt að bleyta ekki alveg strax heldur bíða örlítið. Flott að skiptast á að nota vatn og einhvern annan vökva. Vín og bjór gefa bæði sýru og sætu í réttinn en vatn er bara brunavörn, bætir engu við náttúrulegt sætt laukbragðið.

Þegar laukurinn er búinn að vera í hitanum í kannski hálftíma og er mögulega búinn að taka á sig örlítinn gulbrúnan gljáa er komið að nefinu. Nefið okkar nemur sætuilminn þegar sykurinn byrjar að kristallast og brúnast. Um leið og nebbinn er sáttur þarf að taka ákvörðun um hversu dökkur laukurinn á að verða. Ef hann á að halda laukeiginleikum sínum er um að gera að dekkja hann sem minnst. Ef við ætlum að karamelísera laukinn er bara að halda áfram og um að gera að leyfa lauknum að steikjast aðeins meira á milli þess að vera vökvaður. Alls ekki stelast til að hækka hitann. Það er sáraeinfalt að skemma laukinn alveg í lokin. Þegar ákjósanlegri brúnku hefur verið náð er bara að smakka til með salti og nota laukinn strax eða frysta til framtíðar lauknotkunar.





Ef vel tekst til með lauksultun, endar hálfur pottur af hráum lauk sem lítil skál af sultuðum lauk. Mjög gott að gera meira en þarf og frysta afganginn flatt og brjóta af bita til að setja út í súpur og kássur.

KROSSGÁTA



250	KVABBA	ÞREYTTUR	DUGA	LOK		FÆRNI	FYLGJA	SKRÖLTA	EXTRA	
ÖLDUNGIS										HNETA
FÉFLETT					VONDUM					
LÖGMÆT					EINA					
HUGUR					VANAN / VARP					
		SVIG	RÁS	BRAK / ÓNÆÐI					TRÉ	LÖÐRIÐ		GÆLUNAFN	
ÓÞOLANDI						ÓSKÖP	AFSTYRMI	AFRÁS						
ÞUSA					VÖÐLUR / MÖGULEIKA							TVEIR EINS / MÝKRA		
AUK			GLÖGGUR / VINNU					VEIÐARFÆRI / FISKAST						SLÓR
		TUNGUMÁL / SMÁN							ÞÁTTTAKA / LENSKA					
LEPPUR				SKOT / ÓVÆTTUR						ÆÐIR / ERINDI				
MEÐ						ROFNA / STUTT							FISKUR	
HJARA					STARF						DÝRAHLJÓÐ / TVEIR EINS			
AFGANGS							SLETTAST							
ROKNA					RÍKI									

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



249	NAUMUR	DÚKUR	STAFUR	ÞJATLA		KRAFTI	LOK	STUND	
SKVETTAST	S	L	E	T	T	A	S	T	KRYDD
ÖGN	P	Í	N	U	FAT	F	L	Í	K
UMHUGAÐ / DEILA	A	N	N	T	KVISTA / ÖGRA	L	I	M	A
	↓	Ó↱	SMÁNA / GRÓM	ÖFUG RÖÐ	S	R	DROLL	RANNSÓKNIN / KÍKTU	L	E	I	T	I	N
BLEKKTI / FORIR	S	V	E	I	K	HÖGG	S	L	A	G	TUNGUMÁL	ÞJÁNING	ÁLPAST	E
↳A	T	I	R	MEINSEMD / GERLEGT	Æ	X	L	I	RÍKI	N	E	P	A	L
GRAMUR	A	R	G	U	R	ÖFUG RÖÐ / HALD	U	T	KRYDDJURT / RÖDD	A	N	Í	S	BLIKK
TVEIR EINS	Ð	Ð	ÞJAKKUR / VESEN	N	A	G	G	U	R	BÖNBJARGIR / FUGL	S	N	A	P
HEITI	N	A	F	N	Í RÖÐ / VAÐA	R	S	EXTRA / BURT	A	U	K	A	BYLGJAN	J
	Æ	EGNDI / FJANDI	A	T	T	I	TRÉ / NUDDI	F	U	R	A	SKIMA / SPLÆSTU	G	Á
BLÓÐHLAUP	M	A	R	LJÚKAST UPP	O	P	N	A	S	T	FARKOST / LÍTILL	B	Á	T
HRYGGÐ	A	N	G	U	R	MÓTBÁRUR / TVEIR EINS	Ú	R	T	Ö	L	U	R	U
ÁTT	S	S	A	NÆÐI	F	R	I	Ð	FYRIRGEFUR	N	Á	Ð	A	R
GADDAR	T	I	N	D	A	R	HISSA	U	N	D	R	U	N	

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

www.bbl.is

HUGARÍÞRÓTTIR

Spennandi bikarúrslit

Líf, fjör, mikil skipting, baneitruð lega á köflum og gríðarleg spenna einkenndi úrslitaleikinn í Bikarkeppni BSÍ milli sveitar Frímanns Stefánssonar frá Akureyri og Betri ferða. Ekki síst var síðasta lota fjörug þar sem liðin skiptust á að hafa forystu. Var það ekki fyrr en í síðasta spili af alls 48 sem úrslit réðust og höfðu Betri ferðir betur og eru nýir bikarmeistarar.



Björn Þorláksson.

Spil dagsins úr viðureigninni er til marks um að stundum borgar sig að nota eðlilegt sagnkerfi umfram sterkt lauf sem segir ekkert um skiptingu heldur lofar 16 punktum plús. Vestur var gjafari og NS á hættu.



Stöðumynd.



Bikarmeistarar 2025. Frá vinstri: Júlíus Sigurjónsson, Guðmundur Sv. Hermannsson, Björn Eysteinsson og Guðmundur Páll Arnarson. Þorlák Jónsson vantar á myndina. Mynd / þþ

Þar sem Reynir Helgason og Frímann sátu í AV opnaði sá síðarnefndi á einu hjarta. Júlíus Sigurjónsson í suður meldaði tvö lauf sem gaf Reyni færi á að skjóta inn 2 hjörtum þótt styrkurinn sé ekki mikill. Frímann meldaði 4 hjörtu og fékk að spila þau. 11 slagir eftir vel heppnaða hjartasvíningu. (Glöggir sjá kannski að NS eiga 620 í 4 spöðum en það er hægara sagt en gert að finna þann samning).

Á hinu borðinu opnaði Björn Eysteinsson eftir tvö pöss á sterku laufi. Hann og Guðmundur Sv. Hermannsson spila precision. Það gaf Pétri Guðjónssyni færi á vel heppnaðri hindrun af sverara taginu, hann lagði fjögur lauf á borðið! Pass, pass, pass. 12 impar til sveitar Frímanns.

Vetrarstarfið hafið

Flest bridgefélög hafa nú hafið vetrarstarfsemi sína og verður í flestum þeirra spilað fram í maí. Ekki er óalgengt að spilað sé einu sinni í viku. Starfsemin nær víða um land og er keppnisharka sem í eina tíð einkenndi briddskeppnir víðast á undanhaldi. Nokkur nýliðun hefur orðið í spilamennsku og eru vanir spilarar hvattir til að taka sérlega vel á móti nýju fólki sem þarf ekkert að óttast! Bridgefélög landsins eru fyrir leika sem lærða. Mestu varðar að fólk komi saman í góðum félagsskap og hafi gaman.

Umsjón: Björn Þorláksson,
bjornthorlaksson@gmail.com

Dagur vann Haustmótið

– Adam skákmeistari TR

Haustmót Taflfélags Reykjavíkur var haldið í septembermánuði eins og undanfarin ár. Mótið er eitt af flaggskipum Taflfélags Reykjavíkur, ásamt Skákþingi Reykjavíkur, sem haldið er í janúar á hverju ári. Haustmótið var að þessu sinni með þrjá lokaða tíu manna flokka og einn opinn flokk. Í lokuðu flokkunum tefla allir við alla á meðan opni flokkurinn fylgir svissnesku kerfi. Skemmst er frá því að segja að alþjóðlegi meistarinn og landsliðsmaðurinn Dagur Ragnarsson vann flokkinn sannfærandi. Hann hóf mótið með látum, með því að vinna Vigni Vatnar Stefánsson, sterkasta stórmeistara þjóðarinnar. Dagur fór taplaus í gegnum mótið en gerði tvö jafntefli.



Gauti Páll Jónsson.

Stórkostlegur árangur Stefáns Steingríms Bergssonar vakti líka verðskuldaða athygli. Stefán vann allar sínar skákir, níu að tölu. Stefán vinnur sér þannig inn rétt til að tefla í A-flokki mótsins að ári liðnu. Stefán er sterkur skákmaður en með enn þá sterkara hugarfar, skynsamur í allri ákvarðanatöku við borðið.

C-flokkurinn var skemmtilega skipaður ungum skákmönnum í bland við eldri og reynslumeiri. Þáttarstjórnandinn á Útvarpi sögu, Kristján Örn Elíasson, var þar í toppbaráttunni lengst af ásamt Hauki Víðis Leóssyni og Pétri Úlfari Ernissyni sem eru fæddir 2014 og 2015. Þeir Haukur og Pétur voru einmitt gestir Kristjáns í þættinum *Við Skákborðið* um daginn! Að lokum náði Roberto Eduardo Osorio Ferrer að skjótast upp í þriðja sætið, Haukur í öðru, og Kristján vann flokkinn.

D-flokkurinn var að þessu sinni opinn flokkur með 26 þátttakendum. Þór Jökull Guðbrandsson var í sérflokki með átta vinninga. Næstur, með sex vinninga, varð Örvar Hólm Brynjarsson, og Emilía Embla B. Berglindardóttir náði þriðja sætinu með 5,5 vinning. Þetta eru allt skákmenn sem flokkast undir að vera ungir og efnilegir! Eftir Haustmótið var Hraðskákmót TR haldið og þar minnti Vignir Vatnar rækilega á sig með fullu húsi! Daði Ómarsson varð hraðskákmeistari TR.

Nú sitja landsliðin okkar að tafli á Evrópumóti landsliða í Georgíu. Sumir landsliðsmanna fara svo strax að því loknu yfir til Ródos á Evrópumót taflfélaga. Fjallað verður um mótin hér í skákdálkinum og skemmtilegar stöður sýndar.



Dagur Ragnarsson vann A-flokkinn.

Umsjón: Gauti Páll Jónsson
gauti.pj@hotmail.com



Erfinginn:

Guðmundur Alex

Nafn: Guðmundur Alex Sindrason.

Aldur: 9 ára.

Búseta: Brekkuholt 10 í Reykholti í Biskupstungum.

Skemmtilegast í skólanum: Smíði og heimilisfræði.

Áhugamál: Traktorar og vera í sveitinni.

Tómstundir: Æfi fótbolta, handbolta, frjálsar og píanó.

Uppáhalds Dýr: Kindur, kýr og hestar.

Uppáhaldsmatur: Kjöt, slátur og fiskur.

Uppáhaldsþáttur: Næturvaktin.

Uppáhaldslitur: Grænn, hvítur og ljósbleikur.

Hvað ertu ánægður með í fari þínu? Ég er góður í íþróttum.

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera? Vinna í sveitinni.

Hvað viltu verða þegar þú verður stór? Bóndi.

Viltu taka þátt? Hafðu samband.
sigrunpeturs@bondi.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

	5			2		4		9
	2	9		4		6	1	
	6		7	3				2
	4	5		6	1	3		
			4			7	5	
6	9	8				1		
1	8	6	5					3
9			6				7	5
5			9		3		6	

Miðlungs

		2						
5					3		2	
		9	4				5	
			5		6	4		
			3			7		
1	7	8						
	5		1	4				6
	8						4	
				5		8		

Þung

				4				3
				6		8	4	
1			9			2	6	
		4						2
	5	6	4	1				
			5			4		
	8		3	5	1			
		1						7
3	9			8				

Þyngst

		5						
	2			9				4
	4	7	3					
3		6				7	9	
8			9			2		
				3		8	6	
						1		
7			1					2
				5	6		3	

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Stjörnuspá

Vatnsberinn gæti þurft að stíga út úr rómantískri þokumóðu og sjá raunveruleikann í skýrara ljósi. Minningar frá æsku vekja óvæntar tilfinningar sem má losa sig við enda hárréttur tími til að sleppa öllu því sem þyngir. Bæði á tilfinninga- svo og á veraldlega sviðinu. Happatölur 3, 10, 33.

Fiskarnir standa frammi fyrir valkosti sem krefst dýpri skuldbindingar en von var á. Tengsl við gamlan félaga er hátt á baugi og fiskarnir skulu ekki hika við að segja „já" við því óþekkta. Það er aldrei of seint að lenda í ævintýrum og leyfa sér að sleppa tökunum. Happatölur 5, 22, 37.

Hrúturinn finnur fyrir óvenjulegu innra ákalli um dýpri ígrundun á tilfinningamálunum. Nú er ekki rétti tíminn til að vaða áfram; hlustun er máttugri en allt annað. Hrúturinn þarf að minna sjálfan sig á að mörk annarra eru ekki áskoranir, heldur leiðbeiningar. Happatölur 4, 19, 31

Nautið verður fyrir utanaðkomandi áhrifum sem fær það til að endurmeta gildi sín – hvað því er virkilega mikilvægt? Gott er að muna að líkamleg vellíðan fer saman við andlegan skýrleika og því óhætt að opna fyrir og njóta alls hins góða. Happatölur 6, 12, 36.

Tvíburinn þarf að endurskoða viðhorf sín þegar kemur að þögn og hlustun – því þótt orð séu vopn hans, þá getur þögnin verið öflugri. Gamalt samskiptamynstur þarf að endurskoða og mætti taka til umhugsunar breytt viðhorf heilt yfir. Nú er tími til að tvíburinn vandi sig. Happatölur 7, 15, 40.

Krabbinn mun uppgötva óvænt frelsi ef hann leyfir sér að sleppa allri sjálfsgagnrýni. Sátt við eigin fortíð opnar honum ýmsar dyr og veita óvænta og einfaldaða innsýn í eitthvað sem hefur virst flókið. Fjármálin þarfnast einhverrar yfirferðar. Happatölur 8, 21, 39.

Ljónið leitar ekki sviðsljóssins um þessar mundir, sjálfu sér að óvörum kýs það fremur ró og dýpt í litlum hópi félaga. Skýrar og mótaðar hugmyndir kalla fram nýja sýn á ýmsa hluti. Vinna þarf með heiðarleika – óunnin mál leita upp á yfirborðið. Allt fer þó vel að lokum en gæti tekið nokkurn tíma. Happatölur 2, 11, 35.

Meyjan stendur á tímamótum þar sem innri rödd hennar verður henni skýrari en ytri kröfur. Meyjan þarf að muna að henni er ekki skylt að laga sig að öllum og að sjálfstæði er ekki sjálfselska. Nýtt upphaf gæti falið í sér að segja nei. Meyjan má setja bak við eyrað að litlir sigrar vega þyngra en stór orð. Happatölur 1, 17, 30.

Vogin uppgötvar að afstaða hennar – sem henni áður þótti lítils metin, skiptir stóran hóp miklu máli. Lista- eða félagsmál kveikja neista sem verður að báli og dýpri tenging vogarinnar við það samfélag vekur með henni bæði gleði og ábyrgðartilfinningu. Náin tengsl krefjast hreinskilni og munu veita voginni langþráðan frið í hjarta. Happatölur 9, 13, 28.

Sporðdrekanum tekst að umbreyta óvissu í styrk og kvíði sem áður var yfirþyrmandi verður nú viðráðanlegur. Sporðdrekinn þarf að muna að hvorki honum né öðrum er ætlað að stjórna öllu og að traust er mikilvægt skref. Dýpri vinátta verður til í þessu ferli og kemur á óvart. Happatölur 6, 18, 32.

Bogmaðurinn þarf að horfast í augu við takmarkanir – ekki sem hindranir, heldur frekar afmörkun til að finna raunverulegt frelsi. Þrátt fyrir ævintýraþrá síðustu vikna er nú tími fyrir kyrrð og lærdóm. Bogmaðurinn þarf að leita inn á við þegar spurningar sem hann hefur forðast leita á hann. Nýtt upphaf byrjar með þögn. Happatölur 10, 23, 41.

Steingeitin losar um höft sem hún hefur sjálf sett sér og færir fókusinn yfir á það sem gefur henni tilgang. Minna er meira, bæði í orðum og gjörðum. Tengsl við vini og ættingja veita stöðugleika á meðan óvænt samskipti við ókunnan aðila mun hafa skemmtileg áhrif á steingeitina. Happatölur 14, 25, 38.

Sauðárkrókur:

Nýtt og glæsilegt menningarhús

Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com



Það stendur mikið til á Sauðárkróki, sem tilheyrir Sveitarfélaginu Skagafirði, en þar á að fara að byggja glæsilegt menningarhús, sem á að verða tilbúið eftir tvö ár. Sérstök byggingarnefnd er að störfum en á dögunum var skrifað undir samning við Arkís um teikningu og hönnun hússins. Sigfús Ingi Sigfússon er sveitarstjóri og veit allt um nýja menningarhúsið.

„Ég er afar spenntur fyrir vegferðinni, sem er fram undan og hlakka til að mæta í nýtt og glæsilegt menningarhús á Sauðárkróki og njóta alls þess sem þar mun verða í boði," segir Sigfús Ingi.



Húsið verður allt hið glæsilegasta en það er Arkís, sem hannar nýja menningarhúsið í Skagafirði. Hægt er að skoða vinnslutillöguna í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á www.skipulagsgatt.is undir málsnúmerinu 1294/2025.
Mynd / Aðsend

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 1999

„Aðdragandi málsins er nokkuð langur því grundvöllur nýs menningarhúss á Sauðárkróki er ákvörðun ríkisstjórnar Íslands frá árinu 1999 um að veita stofnstyrki til uppbyggingar menningarhúsa utan höfuðborgarsvæðisins með það að markmiði að bæta þar aðstöðu til menningar- og listastarfsemi. Árið 2005 undirrituðu svo þau Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, Gísli Gunnarsson, þáverandi forseti sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Agnar H. Gunnarsson, þáverandi oddviti Akrahrepps, samkomulag um uppbyggingu menningarhúss í Skagafirði.

Samkomulagið var byggt á niðurstöðum samstarfshóps skipuðum fulltrúum menntamálaráðuneytis og sveitarfélaganna í Skagafirði. Annars vegar var gerð tillaga um endurbætur á félagsheimilinu Miðgarði, þar sem áhersla yrði lögð á tónlistarflutning, stærri hátíðir og ráðstefnuhald. Var endurbætt hús, Menningarhúsið Miðgarður, formlega vígt við upphaf Sæluviku Skagfirðinga í apríl 2009. Hins vegar var gerð tillaga um að byggt yrði við núverandi Safnahús Skagfirðinga á Sauðárkróki og að þar yrði menningarmiðstöð með áherslu á fræðastörf og sýningar, sem hýsti m.a. sýningarsal, bókasafn, listasafn og skjalasafn, auk fjölnota sýningarsals," segir Sigfús Ingi. Það var svo á atvinnulífssýningu í Skagafirði vorið 2023, sem Lilja Alfreðsdóttir, þáverandi menningar- og viðskiptaráðherra og Sigfús Ingi sveitarstjóri skrifuðu undir samning um byggingu nýs menningarhúss í Skagafirði á grundvelli fyrra samkomulags við ríkið og þarfagreiningar sem unnin var í samstarfi ráðuneytisins og hagaðila í Skagafirði.



Sigfús Ingi Sigfússon.

200 manna salur

Sigfús Ingi var að skrifa undir samning við Arkís um hönnun á húsinu. „Það var afar ánægjulegur áfangi. Í nýju menningarhúsi, sem verður staðsett á Flæðunum á Sauðárkróki, í hjarta bæjarins, mun verða lifandi vettvangur sviðslista í Skagafirði, sem fá nýja og glæsilega aðstöðu í 180–200 manna sal. Auk þess mun þar fara fram starfsemi Héraðsbókasafns Skagfirðinga, Héraðsskjalasafns Skagfirðinga, Listasafns Skagfirðinga, Byggðasafns Skagfirðinga og tengd fræðastarfsemi, auk þess sem hluti hússins mun rúma viðurkennd varðveislurými, sem uppfylla kröfur ríkisins um aðbúnað opinberra skjala- og byggðasafna eins og fram kemur í lögum og reglugerðum. Í húsinu verður aðstaða til að halda metnaðarfullar sýningar í fjölnota sýningarsal, s.s. myndlistarsýningar, ljósmyndasýningar, sýningar á höggmyndalist o.s.frv. Þar mun jafnframt verða miðstöð rannsókna á skagfirskum menningararfi og öll aðstaða almennings til að njóta fjölbreyttrar menningar og menningararfs verður stórefld," segir Sigfús Ingi. Þarfagreining gerir ráð fyrir að húsið verði ekki undir 2.241 fm en núverandi Safnahúsi Skagfirðinga verður breytt, uppfært til þarfa nútímans, auk þess sem nýbygging verður líklega um 1.450 fm að gólffleti.

Ríkið greiðir 60% og sveitarfélagið 40%

Samkvæmt samningum við ríkið á húsið að vera tilbúið fyrir áramótin 2027/2028. Kostnaðarskipting er með þeim hætti að ríkið greiðir 60% og sveitarfélagið 40% en þátttaka ríkisins er bundin við ákveðin fjárhæðarmörk. „Kostnaðaráætlun fyrir húsið verður uppfærð í því hönnunarferli, sem nú stendur yfir. Við framkvæmd þessa verkefnis er lögð áhersla á að ná fram hagkvæmni í kostnaði, á sama tíma og gætt er að markmiðum gæða byggingarinnar og tímaramma," segir sveitarstjórinn.

Gjörbylt aðstaða

En hverju mun nýja húsið breyta fyrir Skagfirðinga? „Það mun gjörbylta allri aðstöðu fyrir söfnin okkar í Skagafirði, bæði með tilliti til sýnigarhalds en einnig aukins þverfaglegs samstarfs. Þá mun aðstaða til sviðslistastarfsemi loksins fá þann sess sem hún hefur kallað eftir til margra áratuga. Við höfum fengið afar jákvæð viðbrögð við fyrirhuguðum framkvæmdum en íbúum gefst einnig færi á að láta skoðun sína í ljós í því deiliskipulagsferli, sem nú er í gangi fyrir svæðið en markmið þess er að hanna heildstætt yfirbragð fyrir áformaða uppbyggingu menningarhúss og umhverfis, afmörkun lóða, skilgreining byggingarreita og skilmála, ásamt því að skapa forsendur fyrir öruggt umferðarflæði gangandi, akandi og hjólandi vegfarenda," segir Sigfús Ingi að lokum.

Selfoss og Eyrarbakki:

Íslenski þjóðbúningurinn í öndvegi

Það verður sannkölluð menningarveisla á Suðurlandi um miðjan október þegar Þjóðbúningafélag Íslands stendur fyrir hátíðinni „Þjóðbúningar og skart". Hátíðin fer fram laugardaginn 11. október á Selfossi og sunnudaginn 12. október á Eyrarbakka. Sýndir verða 50 endurgerðir þjóðbúningar.

Á laugardeginum hefst dagskráin klukkan 13.00 í Grænumörk 5 á Selfossi (salur eldri borgara). Þar verður opnuð sýning á 50 endurgerðum íslenskum þjóðbúningum. Einnig verður kynning á fjölbreyttu handverki og í boði verður minjagripasala. Helgi Hermannsson leikur á nikkuna og klukkan 14.00 setur Eyrún Olsen viðburðastjóri hátíðina formlega. Að því loknu mun Margrét Skúladóttir, formaður Þjóðbúningafélags Íslands, kynna starfsemi félagsins. Deginum lýkur með hópmyndatöku klukkan 16.10 af öllum sem mæta í þjóðbúningum.

Fornbílar og skrúðganga á Eyrarbakka

Á sunnudeginum flyst hátíðin yfir á Eyrarbakka þar sem dagskráin hefst klukkan 13.30 í þremur húsum Byggðasafns Árnesinga. Í einu þeirra flytur Almar Grímsson lyfjafræðingur fyrirlestur um undanfarana, sem héldu vestur um haf árið 1870. Að honum loknum verður gengið í skrúðgöngu með fornbílum að Sjóminjasafninu þar sem Lýður Pálsson safnstjóri og Ásmundur Kristjánsson gullsmiður fjalla um silfursjóð safnsins. Að því loknu verður gengið aftur í Húsið þar sem Linda Ásdísardóttir safnafræðingur býður gesti velkomna á sýninguna *„Yfir beljandi fljót"*. Hátíðinni lýkur um klukkan 16:00 með myndatöku við Húsið. Strax á eftir verður öllum boðið upp á kaffi og kleinur í boði Þjóðbúningafélags Íslands.

/mhh



Uppáklæddar í þjóðbúning, frá vinstri: Elísabet Eðvarð Rafnsdóttir, Eyrún Olsen, Kolbrún Ýr Gísladóttir, Guðlaug Sigmundsdóttir og Valdís Jónsdóttir. Þær eru í upphlut, faldbúningi og peysufötum.
Mynd / Aðsend

amira.is
vefverslun



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.
VÍR OG LYKKJUR EHF
772-3200



EIGNAR HYLKI
Gas og súr, hlífðargas fyrir MIG og TIG suðu, koldíoxíð fyrir gróðurhús, köfnunarefni og fl.
Frá litlum hylkjum upp í 20t tanka
VELDIX
S: 547 5577 - VELDIX.IS
VELDIX@VELDIX.IS

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar
Verð: Textaauglýsing kr. 3.100 m.vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:
„Komið til mín, öll þér sem erfiðið og þunga eru hlaðin, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér...“
Matt. 11.28-29
biblian.is



Til sölu. Hreinræktaður íslenskur fjárhundur, 4mánaða. Áhugasamir geta hringt í s. 695-1260, Hanna.



Til sölu Plymouth árgerð 1942. Fallegur bíll, nýlega innfluttur frá USA þar sem hann var á bílasafni. Þessi bíll er sams konar og fyrsti forsetabíll lýðveldisins var. Upplýsingar í s. 615-4335.



Konur athugið. Dagana 25. og 26. okt. verður haldið rúningsnámskeið, fyrir konur eingöngu, í Sveinungsvík í Langanesbyggð. Kennari verður Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og er námskeiðið jafnt fyrir byrjendur og vanar konur. Fæði á námskeiðstíma og allar rúningsgræjur á staðnum. Einnig er fáanleg gisting með morgunmat á góðu verði á Raufarhöfn. Allar upplýsingar og skráning í s. 866-0790 eða í messenger skilaboðum til Heiðu.



HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ DÁLEIÐSLU?
Dáleiðsla hjálpar til að losna við:
Kvíða, fíkn, fóbíur, hræðslu, kulnun, kíló og margt fleira!
Frekari uppl. / bóka hér:
noona.is/umbreyting
UMBREYTING
DÁLEIÐSLUSTOFA

TAXI SERVICE
TAXI
ICELAND

Pantaðu leigubíl í s. 588-5500.



Vetrargeymsla fyrir húsbíla og ferðavagna. Sama góða verðið og síðastliðin 5 ár. Uppl. í s. 831-1411.



Til sölu Skoda Octavia, dísil, árgerð 2017, sjálfskiptur, ekinn 176.000 km. Verð kr. 1.950.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Vantar þig aðstoð? Ertu með búskap á svæðinu frá Borgarfirði austur til Hornafjarðar? Áttu skika handa mér undir sumarbústað eða hús? Ég er maður um fimmtugt með reynslu frá fyrri tíð af margs konar bústörfum og sakna sveitarinnar sárlega. Ég er úrræðagóður, sjálfbjarga og hress með iðnmenntun, meirapróf og vinnuvélaréttindi auk ýmissa háskólagráða. Ég þekki líka vel til ferðaþjónustu, stjórnunar og markaðsmála. Ég er ekki að leita að fastri búsetu en gæti verið nokkra daga í senn ef það hentar best. Ef þú vilt ræða málin betur, hafðu þá samband með því að senda mér upplýsingar um þínar þarfir á sveitunginn@gmail.com



Óska eftir að kaupa vinnulyftu eitthvað svipaðri þeirri sem er á myndinni. Má vera biluð. Uppl. s. 788-3444 - eða stef@simnet.is

BÓKLEGT VINNUVÉLANÁM Á NETINU
Nám sem gefur rétt til prófs á allar gerðir og stærðir vinnuvéla*
Opið allan sólahringinn
VERÐ 70.000 kr.
*Nema brúkrana
VINNUVÉLA SKÓLINN
vinnuvelaskolinn.is
- á íslensku og ensku



Infrarauður klefi,
150x120x200 sm. (BxDxH)
Er með halogenljósum, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði.
Viður er þöll (hemlock).
Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu.
Orkunotkun er 2.100w.
GODDI.IS
Auðbrekku19,
200 Kópavogi,
S. 544-5550



Eigum til 5 stærðir af lokum á lager, 12 cm. þykk, m/10 cm. svuntu, 4 festingar og 3 styrktarbitar kr. 85.000- fást í tveim litum.



GODDI.IS
Auðbrekku 19, 200 Kópavogi
s. 544-5550.

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Úrvalið hefur aldrei verið meira.
Nýtt heimilisfang Desjamýri 14
AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN TRAILER
Schmidt FAHRZEUGBAU
Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.
Hestakerrur fyrir 2, 3, 4 og 5 hesta.
BRIMCO
DESJAMÝRI 14 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is









Bifreiðaverkstæði Guðjóns

Bifreiðaverkstæði Guðjóns óskar eftir bifvélavirkja til starfa og eða starfsmanni með reynslu í viðgerðum. Hægt er að hafa samband við Guðjón í s. 699-3501 eða bvgudjon@gmail.com fyrir nánari upplýsingar.



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Suzuki Jimmy, árg. 2008 1,3 cc, sjálfskiptur, ekinn 102.000 km, með dráttarkúlu, skoðaður 2026, nýsmurður, skipt á millikassa og sjálfskiptingu. Dekk 31x15, ekin um 3.000 km. 33x15 snjódekk, negld á felgum, fylgja. Verð kr. 850.000. Er í Þingeyjarsveit og í s. 894-8858.



Taðklær. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð - 120 cm kr. 220.000 m/vsk. Verð - 140 cm kr. 310.000 m/vsk. Verð - 160 cm kr. 335.000 m/vsk. Verð - 180cm kr. 345.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu Hunnebeck steypumót 717 fm, þriggja metra há. Fylgihlutir fyrir um helminginn. Selst allt saman á kr. 24.000.000 m/vsk. jarnavirkid@gmail.com



Ný Stiga CLH kapal lagningavél (Husqvarna CL400i kapal lagningavél) til sölu. Honda 160cc (4.5Kw mótor) Leggur allt að 6 cm niður í jörðina. Afköst: 36 metrar/mín. Verð kr. 220.000 (hálfvirði) Upplýsingar í s. 896-4494.



Sólarsellur 600w stærð 240x115x3 cm Verð kr. 39.900. Allir aukahlutir til Orkubondinn. is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Case MXU 100 Maxxus árg. 2007. Notaður 5.500 klst. Quick 45 ámoksturstæki. Verð kr. 4.150.000 Uppl. s. 820-0989.



Til sölu Bertoli rafstöð 2001 módel. 125 kwa. 100 kw. 180 amp. 400 v. Mecc alte rafall. Keyrslust. 51 klst. DSE 7420 stjórntölva 2 x olíutankar 680 l samtals, uppl. Björn s. 898-4334 og Hrannar s. 896-8420.



Claas Arion 550 C-matic - árgerð 2022. Keyrður 3.200 vinnustundir. Fjaðrandi framhásing, frambúnaður PTO, ámoksturstæki. Tvöföldun að aftan getur fylgt ef er áhugi fyrir því. Vel með farinn, verðhugmynd kr. 15.500.000 m/+vsk. Upplýsingar í s. 868-6113.



Tilboð á rúlluskera með vökvastýrðum plastgrípara. Ásoðnar Eurofestingar. Verð áður kr. 756.400 m/vsk. Verð nú kr. 643.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Árgerð: 2004 Akstur: 408.000 km. Skipting: sjálfskiptur. Vélarafl: 410 hp. Dirf: 6x2. Fjöðrun: loft framan, loft aftan. Eiginþyngd: 15.820 kg. Burðargeta: 10.180 kg. Næsta skoðun: 01.06.2026 Krani: Atlas 240.2E með 6 glussa útskot og lagnir fyrir grabba og rótor. Góður sturtupallur með álskjólborðum og vör. Verð samkomulag. Opin fyrir því að taka bifreið upp í. Nánari upplýsingar í s. 696-0444. Aggi s. 537-4990 eða trukkur@trukkur.is

myranaut
Leirulæk • 311 Borgarnes
sími 8687204 • www.myranaut.is

Gott að eiga fullan frysti af meyru og bragðgóðu nautakjöti. Frá 1/8 hluta um 20 kg. Hakk, gúllas, steikur og hamborgarar. www.myranaut.is



Götusópur SCARAB, dísil, árgerð 2006. Ekinn 63.000 km. Í góðu standi, nýskoðaður án athugasemda. Þarf þó að laga útlit. Verð - tilboð. S. 899-7886.



Mitsubishi L200, árg. 01/2006, beinskiptur, ekinn. 199.000 km. Lengdur, 35'' dekk (sumar og vetrar á felgum), pallhús, dráttarkrókur, kastarar, loftpúðar að aftan, snorkel. Verð kr. 2.200.000. S. 695-9555.



Vökvadrifinn vélsópur, 150 cm breiður með fæjó. Öflugur rammi með Eurofestingum og gaffalupphengjum. Fínn kústur alveg hreint. Verð kr. 575.000 +vsk. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



VW Crafter með krana. Árgerð 2016 ekinn 86.000 km. Öflugur fjarstýrður HIAB krani – Inverter – verkfæraskúffur – olíumiðstöð – vinnuljós. Verð kr. 4.390.000 ekki vsk. bifreið. Er á staðnum Íslandsbílar – Kletthála 11/Háaleitisbraut 12 – S. 537-5566.



Þriggja hesta, tveggja hásinga kerra, af gerðinni Schramm. Nýskoðuð án athugasemda. Kerran hefur alltaf fengið gott viðhald og er í mjög góðu ástandi. Meðal annars hefur verið skipt um gólf í henni, og hún er með mjög öflugt beisli og nýtt segl. Stödd á höfuðborgarsvæðinu. Verð kr. 1.100.000. Nánari upplýsingar í s. 863-3316.



Til sölu Toyota Corolla, bensín, árgerð 2023, sjálfskiptur, ekinn 125.000 km. Verð kr. 3.090.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Fallegur og kraftmikill VW Touareg R-Line, árgerð 2016, ekinn 167.000 km. Tveir eigendur frá upphafi. Núverandi eigandi eignaðist bílinn í 16.000 km. Ávallt þjónustaður hjá Heklu með þjónustusögu sem fylgir. Vetrardekk keyrð einn vetur fylgja. Reyklaust ökutæki. Sjálfskipting. Eldsneyti: Dísil. Verð kr. 4.250.000. Aðeins bein sala. Skipti ekki möguleg. Nánari upplýsingar í s. 897-5048.

TOYO TIRES | PIRELLI POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL | NANKANG FREE YOUR WAY | KUMHO TIRE All-Ways, Go With you | MAXXIS DEKK | Laufenn Journey in Style | APLUS | DOUBLECOIN

Veturinn nálgast

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi.

Komdu við á Nesdekk og fáðu ráðleggingar fagmanna um val á réttum dekkjum fyrir veturinn.



Bókaðu tíma!



Toyo - GSI 6 | **Toyo** - AT3 | **Toyo** - MT | **Maxxis** - Bighorn M918 | **Nankang** - SW-9



Bókaðu tíma í dekkjaskipti og skoðaðu úrval vetrardekkja á nesdekk.is

Breiðhöfði 13	Skeifan 9	Fiskislóð 41	Lyngás 8	Dalshraun 10	Völuteig 29	Njarðarbraut 9	Austurvegi 54	Dalsbraut 1
110 Reykjavík	108 Reykjavík	101 Reykjavík	210 Garðabæ	220 Hafnarfirði	270 Mosfellsbæ	260 Reykjanesbæ	800 Selfossi	600 Akureyri
590 2080	590 2098	561 4110	565 8600	590 2093	590 2097	420 3333	590 2095	460 4350

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

ÁSCO

STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI





RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.

ÁSCO

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is BÍLARAFMAGN





Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar



S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is





Fjárhúsmottur á tilboðsverði út október. Verð kr. 11.610 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Útiljós - Stauraljós 30w - 5100lm til 200w - 36000lm Verð frá kr. 29.900. Fyrir útihúsið, vélaskemmuna, rúlluplanið o.fl. Bílar & hjólhýsi ehf. Gagnheiði 51, Selfossi. S. 783-8200.



Til sölu tæki á JCB 3x. Fjölplógur í góðu standi, mesta breidd 3,3 m og vinnslubr 2,7 m. Verð kr. 900.000 kr. án vsk. Snjóskófla 5 rúmmetra, verð kr. 800.000 án/vsk. Vökvafleygur 400 kg. Verð kr. 900.000 án/vsk. Upplýsingar í s. 893-4343 Páll.



Stórbaggagreip. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 343.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu Land Rover Discovery 4 S, fjórhjóladrif, dísil, árgerð 2014, sjálfskiptur, ekinn 233.000 km. Verð kr. 3.990.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Steinaskóflur með Eurofestingu. Breidd 140 cm - Verð kr. 214.500 m/vsk. Breidd 170 cm - Verð kr. 258.500 m/vsk. Breidd 210 cm - Verð kr. 313.500 m/vsk. Breidd 250 cm - Verð kr. 379.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



VW Transporter vinnuflokkabíll. Árgerð 2017, ekinn 171.000 km. 6 manna – leðursæti – dráttarkrókur – stór pallur með hliðum. Verð kr. 2.490.000 +vsk. Er á staðnum. Íslandsbílar – Kletthálsi 11/ Háaleitisbraut 12 – S. 537-5566.



Faðmgreip - Rúllugreip fyrir endastöflun. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Hnífatætarar í mörgum stærðum frá 95 cm. – 250 cm. Þessi er 150 cm breiður og hentar í smárækt og skógarsnudd. Aflþörf 30–50hp. Verð kr. 345.000 +vsk. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Girðingarefni á hausttilboði. Fimm strengja girðingarnet kr. 14.310 m/vsk. Motto gaddavír kr. 5.310 m/vsk. Iowa gaddavír kr. 8.650 m/vsk. Þanvír/rafmagnsír kr. 10.710 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Gámar til sölu. Lengd 5,8 m. Breidd 2,46 m. Hæð 2,51 m. Verð kr. 500.000 m/vsk. Upplýsingar í s. 895-2220 og á netfangið: Jarnavirkid@gmail.com



Tilboð á Weckman sturtuvagni með 7 tonna burðargetu/hlassþyngd. Verð áður kr. 1.890.000 m/vsk. Verð nú kr. 1.700.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is



Timbur í fjárhúsgólf til sölu með 10% afslætti: Stærð 32 x 100 mm. Verð kr. 355 LM m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4.000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Mercedes Benz Sprinter 4x4 með krana. Árgerð 2018, ekinn 142.000 km. 7 manna – 995 kg. Krani – fjórhjóladrifinn – olíumiðstöð – vinnuljós Verð kr. 6.390.000 ekki vsk. bifreið. Er á staðnum. Íslandsbílar – Kletthálsi 11/ Háaleitisbraut 12 – S. 537-5566.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Nidaplast. Jarðvegsgrindur. Útileiktæki. Gervigras. Járnrimlagirðingar. Gúmmíhellur og drenmottur. Básamottur. Gegnheilt endurunnið plast í fjár- og hesthúsið. Allt fyrir leik- og íþróttasvæðið. jh@johannhelgi.is s .565-1048 johannhelgi.is Jóhann Helgi & Co ehf.



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Einföldu fjárgrindurnar. Kræk án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Brettagafflar með vökvafærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 263.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130

Til sölu

Hjólkoppar til sölu, mikið úrval. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmur v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18. S. 865-2717.

Antik bókahilla, 100 ára plús, til sölu. H-195, B-160, útskorin. S. 862-3314.

Ruslapressa! Ert þú í vandræðum með sorpið? Handvirk ruslapressa, passar í 120-240 l tunnur. Verð kr. 16.900 m/vsk. www.nka.is

Til sölu er mjög vel með farinn svefnsófi – eins og nýr, keyptur í Húsgagnahöllinni. Svart leður/ leðurlíki á hliðum. Verð tilboð, uppl. í s. 863-0478 (sófinn er í Grímsnesi).

Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Skoða og kaupi: Vínylplötur, frímerki gömul póstkort, og alls kyns mynt og seðla. Ef þið eigið eitthvað sem er að rykfalla uppi í skáp þá endilega hafið samband í s. 834-5100 eða sendið tölvupóst á gislith@internet.is

Óska eftir að kaupa muni frá flugfélögum. Óska eftir að kaupa gamla hluti merkta Flugfélagi Íslands, Loftleiðum eða öðrum íslenskum flugfélögum, flugrekendum, þyrlufyrirtækjum eða flugskólum: Einkennismerki á búninga eða galla (málm eða taumerki), prjónmerki, nafnanælur, húfur, kaskeiti, hlutabréf, vimpla, kveikjara, flögg, umboðsskilti, flugáætlanir og annað merkt eða prentað efni. Allt kemur til greina. Sendið fyrirspurnir á netfangið: heimsti@simnet.is - Eiríkur L.

Bátur óskast. Er að leita mér að bát. Má þarfnast viðgerðar, má vera mótorlaus, skoða allar stærðir. S. 866-1700.

Óska eftir gömlun númeraplötum fyrir skellinöðrur. valur@heimsnet.is s. 896-0158.

Óska eftir kanínufiðu til að spinna úr. Ríta Freyja Bach, Grenigerði, 310 Borgarnes. S. 849-4836.

Toyota Hiace óskast, má þarfnast viðhalds. Sigmar s. 899-4009.

Þjónusta

Steinullarbíllinn. Blásum steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabrú. Blásum í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við í s. 577-4444.

Einkamál

Reyndur verkefnastjóri í boði fyrir skammtíma hetjudáð. Hafðu samband í gegnum hoobla.is

38 ára borgarkona óskar eftir vin í sveit. Langar í anda- og gæsaveiði, ef að það er í boði og rjúpnaveiði. Yrðir þú án efa besti vinur minn. Get boðið viskídrykkju, mokað flór eða bara almenna skemmtun í staðinn. Vön að sofa í bílnum svo engin þörf á húsakosti. Sveitavinur@gmail.com

limtrevirnet.is

HUGSAÐU STÆRRA MEÐ ÍSLENSKU LÍMTRÉ

Byggðu það sem þú vilt
úr íslenskri framleiðslu.



- **Hagkvæmt og hlýlegt** byggingarefni sem gerir bygginguna þína notalegri.
- **Sveigjanlegt efni** sem hentar fjölbreyttum byggingum.
- **Lægra kolefnispor** en stál og steypa.
- **Svansvottað** með EPD blöð og vottanir sem einfalda byggingarferlið.

Hafðu samband og kynntu þér möguleikana

LímtréVirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Netfang: byggingar@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

ÍSLENSKT gæðavottað
VR Fyrirtæki ársins 2024
Framúrskarandi fyrirtæki 2024
SBcert ISO 9001

Hjartað í íslenskum landbúnaði

Bústólpi



bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is